

SÓN

TÍMARIT UM ÓÐFRÆÐI

4. HEFTI

RITSTJÓRAR

KRISTJÁN EIRÍKSSON

ÞÓRÐUR HELGASON

REYKJAVÍK

2006

Són

er helguð óðfræði og ljóðlist

ÚTGEFENDUR OG RITSTJÓRAR

Kristján Eiríksson

Drafnarstíg 2 – 101 Reykjavík

Sími: 551 0545. Netfang: kriseir@hi.is

Þórður Helgason

Hamraborg 26 – 200 Kópavogi

Sími: 891 6133. Netfang: thhelga@khi.is

RITNEFND

Einar Sigmarsson, Kristján Árnason og Ragnar Ingi Aðalsteinsson

YFIRLESTUR ALLRA GREINA

Einar Sigmarsson, Kristján Eiríksson og Þórður Helgason

FRÆÐILEGUR YFIRLESTUR EINSTAKRA GREINA

Guðbjörn Sigurmundsson, Guðrún Ása Grímsdóttir,

Kristján Árnason, Sigurborg Hilmarsdóttir

PRENTLÖGN

Pétur Ýngvi Gunnlaugsson

PRENTUN OG BÓKBAND

Litlaprent

© *Höfundar*

MYND Á KÁPU

Jón Reykdal

ISSN 1670–3723

Efni

| | |
|--|-----|
| Sónarljóð | 4 |
| Til lesenda | 5 |
| Höfundar efnis | 6 |
| Sólveig Ebba Ólafsdóttir: <i>Rímur af Skógar-Kristi</i> | 9 |
| Sigrún Haraldsdóttir: <i>Kentucky Fried Chicken</i> | 32 |
| Rósa Þorsteinsdóttir: „ <i>Sæl og blessuð, systir góð</i> “ | 35 |
| Hjörtur Marteinnsson: „ <i>Gullbjartar titra gárur blárra unna</i> “ | 49 |
| Heinrich Heine: <i>Undrafljóðið</i> | 81 |
| Jón Sigurðsson: <i>Um Kolbein í Kollafirði</i> | 83 |
| Sigrún Haraldsdóttir: <i>Fjögur ljóð: Lækjarsonnetta; Jól; Í ringulreiðinni; Í þátíð</i> | 99 |
| Þórður Helgason: <i>Gellini á ferð og flugi</i> | 101 |
| Einar Jónsson: „ <i>... en eygir hvergi ffallið sjálf</i> “ | 115 |
| Sigrún Haraldsdóttir: <i>Fimm ljóð: Næturför; Morgunsonnetta; Loksins sé ég ljóma þinn; Haust; Haustsmölun</i> | 121 |
| Örn Ólafsson: <i>Gömul þrósaljóð og fríljóð</i> | 123 |
| Sigrún Haraldsdóttir: <i>B gangur</i> | 140 |
| Aðalheiður Guðmundsdóttir: <i>Ljóð 2005</i> | 141 |

Sónarljóð

Róður í álagshætti

eftir Þorstein frá Hamri

*Hroll ber enn úr allri
ætt. Fer Skuld að hætti.
Hröðum fús til flæðar
ferð, en þreyja verðum
ok á herðum,
ok á fornum herðum.*

*Ýtum Fjalars fleytu
fram. Róum hríð skamma.
Orð munu brátt af orði
allmyrk í hryn falla;
stíg þú um palla,
stíg þú, sögn, um palla!*

Vísur þessar eru saman settar undir dróttkvæðu háttarafrbrigði sem kemur fyrir í Háttalykli Rögnvalds jarls kala og Halls Þórarinssonar (12. öld) en einnig í Háttalykli Lofts Guttormssonar þremur öldum síðar og nefnist þar álagsháttur. Samkvæmt honum væru raunar þessi tvö erindi eitt heilt erindi.

Til forna nefndist hátturinn núfu- eða hnúfuháttur („eptir Ölvi hnúfu, skáldi Haralds hárfagra?“ spyr Finnur Jónsson), en í handritum að Háttalykli Lofts er hann auk álagsháttar kallaður dróttkveðið með hnykk eða dróttkveðið tvístímlað.

Að sögn stígi um palla er fornt orðtak og táknar að ort sé ofljóst: að orð merki í rauninni annað en það sem látið er í veðri vaka.

Til lesenda

Són hefur nú fest sig rækilega í sessi. Lesendum tímaritsins hefur fjölgað og það sýnir sig að þessa vettvangs ljóða og umfjöllunar um kveðskap og brag er full þörf.

Við kappkostum sem fyrir að hafa efni Sónar sem fjölbreyttast. Í þessu riti birtum við ný ljóð, rannsóknir á ljóðum og brag frá ýmsum skeiðum auk þess sem viðbrögð fræðimanns vegna greinar í síðasta tölublaði koma fram. Í síðasta hefti Sónar var grein um ljóða-upskeru ársins 2004 og mæltist vel fyrir. Verður hér framhald á því og ljóðum frá árinu 2005 gerð skil. Við teljum að brýna nauðsyn beri til þessa. Erfitt er að henda reiður á þeim fjölmörgu ljóðabókum sem koma árlega á markað enda óvíst að þær rati allar í bókaúðir eða séu auglýstar fyrir alþjóð. Heildaryfirsýn er því ýmsum annmörkum háð.

Svartsýnisraddir eru sem fyrir ekki sparar á dauðadóma yfir ljóðlistinni en það sýnir sig svo ekki verður um villst að ljóðagerð stendur styrkum fótum. Kerin góðu og síungu eru síður en svo að tæmast. Mjöldurinn er enn sterkur þótt keimurinn breytist eftir því sem árin líða.

Fyrir hönd Sónarsinna

Þórður Helgason

Höfundar efnis

Sónarljóð

Þorsteinn frá Hamri (f. 1938) er skáld og rithöfundur. Hann er höfundur fjölda ljóðabóka auk þriggja skáldsagna og bóka með sagnaþáttum.

Höfundar greina

Sólveig Ebba Ólafsdóttir (f. 1959) B.Ed. frá Kennaraháskóla Íslands 1984, M.A. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands 2006. Kennari við Menntaskólann í Kópavogi.

Rósa Þorsteinsdóttir (f. 1958) M.A. í þjóðfræði frá Háskóla Íslands. Starfsmaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Hjörtur Marteínsson (f. 1957) M.A. í íslenskum bókmenntum, rithöfundur, myndlistarmaður og kennari.

Jón Sigurðsson (f. 1946) var kennari, skólastjóri og rektor. Nú iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Þórður Helgason (f. 1947) er cand. mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er dósent í íslensku við Kennaraháskóla Íslands.

Einar Jónsson (f. 1959) cand. jur. frá Háskóla Íslands og hefur lesið sögu og þjóðfræði við sama háskóla. Hann er sjálfstætt starfandi í Reykjavík.

Örn Ólafsson (f. 1941) cand. mag. í íslenskum fræðum frá HÍ 1970, doktor í bókmenntafræði frá Lyon-háskóla 1984. Kennari við MH 1971–79, við Lyon-háskóla Lumiere 1979–84, við HÍ 1985–87, við Kaupmannahafnarháskóla 1987–94, við Oslóarháskóla 1994–97. Í lausamennsku síðan.

Aðalheiður Guðmundsdóttir (f. 1965) Dr. phil. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands, adjunkt við félagsvísindadeild H.Í. og styrkþegi í rannsóknastöðu hjá RANNÍS með aðstöðu á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Höfundar ljóða

Sigrún Haraldsdóttir (f. 1953) deildarstjóri á upplýsingatækni- og Landspítala – Háskólasjúkrahúsi.

Heinrich Heine (1799–1856) þýskt ljóðskáld af gyðingaættum. Hann var eitt þekktasta skáld rómantísku stefnunnar í Evrópu. Heine bjó mikinn hluta ævi sinnar í París og hvílir í franskri mold.

Þýðandi ljóðs

Einar Thoroddsen (f. 1948) sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnalækningum við Landspítala – Háskólasjúkrahúsi.

Sólveig Ebba Ólafsdóttir

Rímur af Skógar-Kristi

„Hver hefur það sem vinnur til“

Þessi útgáfa Skógarkristsrímma er byggð á meistaraþrófsritgerð minni í íslenskum bókmenntum sem unnin var við íslenskuskor hugvísindardeildar Háskóla Íslands veturinn 2005–2006. Ritgerðin er stafrétt uppskrift Skógar-Krists rímna eftir skinnhandriti sem talið er vera frá síðari hluta sextándu aldar ásamt lesbrigðum úr þrem öðrum yngri handritum, frá sautjándu, átjándu og níttjándu öld, og umfjöllun um þau og rímur sem bókmenntagrein. Hér á eftir fer samantekt úr ritgerðinni um höfund, aldur, efni og skáldskaparmál Skógar-Kristsrímma og rímurnar sjálfar, prentaðar fyrsta sinni.

Höfundur, aldur og efni

Um höfund Skógar-Krists rímna vitum við tvennt frá rímunum sjálfum: Hann er blindur eða mjög sjóndapur og hann heitir Rögnvaldur. Höfundur kvartar um sjónleysi í mansöng fyrri rímu:

en mér koma sem allir sjá
augun minnst að gagni.¹

og nafngreinir sig í lokaerindi síðari rímunnar:

Rekkar taki nú rímur tvær.
Rög(n)valdur hefur yrktar þær.²

Björn Karel segir hann eina rímnaskáldið fyrir 1600 sem greini nafn sitt ófólgið í rímum sínum.³ Engan vafa telur hann heldur á að

¹ Vísa I.7.3–4.

² Vísa II.80.1–2.

³ Björn K. Þórólfsson (1934:95).

höfundur rímnanna sé sá Rögnvaldur blindi er fræðimenn fyrri alda, svo sem Páll Vídalín, Grunnavíkur-Jón, Hálfðan Einarsson og Einar Bjarnason, þekktu með nafni, vissu að verið hafði rímnaskáld og eignuðu honum Brönurímur og Skógar-Krists rímur.⁴ Harla lítið annað er vitað um Rögnvald blinda nema að hann er talinn hafa verið almúgamaður eða bóndi og Björn Karel telur hann vera Vestlending því málfar rímnanna beri vott um fullkomna afkringingu y-hljóðanna og það að Brönurímur eru varðveittar í Staðarhólsbók sýni að þær geti ekki verið ortar síðar en 1540 og fyrir miðja sextánda öld hafi afkringing y-hljóðanna varla verið afstaðin víðar en á Vesturlandi. Jón Þorkelsson telur hann hafa verið uppi á síðari hluta fimmtánda aldar og fyrri helmingi sextánda aldar.⁵ Björn Karel þrengir þetta enn frekar og telur hann ekki geta verið fæddan fyrr en um 1480, því þótt fram komi í mansöng Skógar-Krists rímna að hann kvarti undan elli þá hljóti hann að hafa lifað fram yfir síðaskipti og geti því varla verið fæddur fyrr.⁶

Fræðimenn virðast nokkuð sammála um að telja rímurnar ortar um eða fyrir síðaskiptin 1550. Elsta handritið sem varðveitir Skógar-Kristsrímur hefur verið nefnt Selskinna, AM 605 4to, og er það talið vera frá síðari hluta 16. aldar. Björn Karel telur rímurnar ekki geta verið ortar fyrir 1546 og rökstyður það með að í mansöng annarrar rímu stendur:

Salamon spaki í sannleik frekr
soddan dæmi konunum tekr
en illa verri árnun sé
en önnr betri en gull og fé.⁷

Síraksbók og Orðskviði Salómóns, þar sem bornar eru saman góðar og vondar eiginkonur, mun Gissur Einarson biskup hafa þýtt 1545 og 1546.⁸ Um tímamörkin segir Björn Karel:

Ekki er ástæða til að rengja að hann hafi gamall verið, þegar hann kvað Skógarkristsrímur, og þó að þar finnist áhrif frá þýðingum eftir Gissur Einarsson, þá er vafasamt um lúthersku skáldsins.

⁴ Björn K. Þórólfsson (1934:461).

⁵ Jón Þorkelsson (1888:304).

⁶ Björn K. Þórólfsson (1934:461–462).

⁷ Vísa II.8.

⁸ Björn K. Þórólfsson (1934:460).

Þegar Skógarkristur skriftar konunni, eru brot á föstuhaldi talin til hinna stærri synda ... og þó að þetta hafi í sögunni staðið, þá mátti sleppa því, og það mundi strangur Lútherstrúarmaður á siðskifta-tímanum hafa gert. Ekki skal fullyrt, að höfundur rímnanna sje með öllu ósnortinn af hinum nýja boðskap, en sennilega hefur hann verið roskinn maður, þegar lútherska kom til Íslands, og til æfiloka verið meir kaþólskur en lútherskur. Þegar á það er litið, að Skógarkristsrímur eru eldri um málfar en Hálfðanar rímur Eysteinsonar, og Hálfðanarrímar eru sýnilega eftir skáld af eldri kynslóð en Magnús prúði [uppi frá um 1525–1591⁹], þá virðast Skógarkristsrímur varla geta verið ortar mörgum árum síðar en 1550, og um það leyti er líklegt að Rögnvaldur blindi hafi dáið.¹⁰

Rímurnar eiga sér ekki samsvörun í óbundnu íslensku máli en eru taldar kveðnar eftir glataðri sögu, sennilega íslenskri, og kallar rímnaskáldið verk sitt ævintýri og segist kveða það bæði eftir munnmælum og bók, eins og fram kemur í fyrri rímunni.¹¹

Þetta ágætt ævintýr
er ekki logið að neinu
því ritningin, skötnum skýr,
skrifast af efni hreinu.

Bragnar hafa og bókin merk
birt það eyrum mínum
að þau héldi ungangn klerk
einn á garði sínum.

Ævintýrið er um roskinn bónda (eiginmann), unga ótrúa eigin konu og friðil hennar, ungan klerk, sem er heimilisfastur hjá þeim. Konan vill losna við eiginmanninn og biður yfirnáttúrulega veru um hjálp til þess og fær loforð um bænheyrslu, reyndar ekki til að losna við hann að fullu heldur gera hann blindan og heyrnarlausan. Loforðið fær hún frá bónda sínum er dulbúið hefur sig vegna þess að hann grunar hana um ótryggð en hefur ekki fengið sönnur á. Konan treystir honum, skriftar fyrir honum og í einfaldni sinni hjálpar hún

⁹ Páll Eggert Ólason (1950:431).

¹⁰ Björn K. Þórolfsson (1934:462).

¹¹ Vísur I.15 og I.19.

honum til að fá færi á friðlinum og drepur bóndi hann. Davíð Erlingsson hefur, í grein sinni um Skógar-Krist, er birtist í *Ólafskrossi*, ristur Ólafi Halldórssyni, sextugum, 1980, bent á að þessi saga sé týpa númer 1380 í skrá Arnes og Thompson, ævintýri um ótrúa eiginkonu og hvernig hún er blekkt.¹²

Hin ótrúa eiginkona spyr Guð hvernig hún geti leikið á mann sinn. Bóndi hennar mælir til hennar úr tré eða rjáfri og segir henni að hún geti slegið hann blindu með því að gefa honum brauðysting. Bóndinn gerir sér upp blindu og drepur friðilinn. Líkinu er síðan kastað í ána.¹³

Björn Karel og Davíð telja báðir ævintýrið austurlenskt að uppruna og þaðan komið til Vesturlanda. Það finnst víða um lönd, stílfært á ýmsa vegu eftir löndum en á íslensku þekktist það aðeins í Skógar-Krists rímum.¹⁴ Líklegt má telja, eins og áður hefur komið fram, að það hafi hingað borist frá Þýskalandi. Hefur Einar Ól. Sveinsson bent á að til séu í handritum þýðingar smásagna eða ævintýra frá því um 1600 sem berlega séu snúnar úr þýsku.¹⁵ Í greinum Vésteins Ólasonar og Peter A. Jorgensen í *Opuscula V* kemur einnig hið sama fram, að á miðöldum hafi hingað til lands borist sagnir frá Þýskalandi.¹⁶

Skógar-Kristsrímur fylla því flokk þeirra rímna sem varðveita glataða sögu.

Lok sögunnar, þar sem lýst er iðrun konunnar og hreinlífi það sem eftir er ævinnar og hvernig bóndinn í gervi Skógar-Krists annast hana og fullvissu um himnavist þeim báðum til handa, telur Davíð Erlingsson benda til að lausamálssagan hafi verið færð í stíllinn og í átt til siðadæmisögu.¹⁷ Í sömu átt bendir eftirfarandi vísuorð úr mansöng seinni rímunnar: „hver hefur það sem vinnur til.“¹⁸

Voru Skógar-Krists rímur þá ef til vill kveðnar ungum eiginkonum eldri bænda til varúðar svo þær létu ekki freistast – dæmisaga, líkt og víða erlendis (austurlensk dæmisaga sem barst til vesturlanda – sjá hér að framan), sem kveðin var sem forvörn því vítin eru til að varast

¹² Davíð Erlingsson (1980:9).

¹³ Aarne's, Antti og Thompson, Stith (1973:410). Þýðing.

¹⁴ Björn K. Þórólfsson (1934:457) og Davíð Erlingsson (1980:10–11).

¹⁵ Einar Ól. Sveinsson (1956:205).

¹⁶ Jorgensen, Peter A (1975) og Vésteinn Ólason. (1975).

¹⁷ Davíð Erlingsson (1980:10).

¹⁸ Vísa II.11.4.

þau? Ef svo var þá má ætla að nóg eftirspurn hafi verið eftir rímunum þar sem munnmæli mörg (sjá einnig aldursmun hjóna víða í æviskrám) og jafnvel vitneskja um afa okkar og ömmur sýna svo ekki verður á móti mælt að alloft mun heimilismunstrið hafa verið í líkingu við þetta. Rígfullorðinn betri bóndi „fjárfestir“ í ungrri eiginkonu og freistingin hefur ef til vill ekki verið ungur klerkur heldur ungur og föngulegur bóndasonur eða vinnumaður.

Skáldskaparmál í Skógar-Krists rímum

Skógar-Kristsrímur eru yfirleitt auðskildar, myndmál einfalt og kenningar og heiti ljós. Höfundurinn, Rögnvaldur blindi, notar mansöngvana til að tengja sig og siðaboð ævintýrisins við yfirstandandi tíma og áheyrendurna, undirbúa jarðveginn. Mansöngur fyrri rímunnar fer að mestu í að stynja undan hans eigin krankleik; elli kerlingu og þeim hrumleika og vandamálum sem henni fylgja svo sem sjóndepurð, tannleysi, skalla, svefnleysi, þróttleysi, óþef, hæsi auk einmanaleika, ástleysis kvenna og afturfarar í yrkingum. Enda segir Björn Karel ellilýsingarnar ítarlegri en vant er og geti varla verið „markleysur einar“.¹⁹ Í fyrri rímunni kynnir hann síðan persónur ævintýrsins og söguvið og er þar komið sögu í enda rímunnar að unga konan er á leið til skrifta hjá Skógar-Kristi. Spennan er því í algleymingi – áheyrendur verða að bíða þess í ofvæni hvort hún kjafti frá og játi siðferðisbrot sitt fyrir bónda sínum í gervi Skógar-Krists. Afbreytingin er söm við sig í „Súdan og Grímsnesinu“ eða á 16. og 21. öldinni. Stoppað er á helsta spennupunktinum og framhalds að vænta í næsta þætti, hvort sem hann er á morgun eða eftir viku, í rímnaflokki eða sjónvarpsþáttaröð, og þá mun hann hefjast með smá upprifjun frá síðasta þætti. Mansöng seinni rímunnar nýtir skáldið síðan til siðaboða eða til að gera grein fyrir hversu misjafnar konur reynast í hjónabandi. Þar beinir hann varúðarorðum bæði til kvenna og karla, til kvenna um skírlífi og fyrir körlum brýnir hann að vanda val eiginkvenna sinna. Síðan koma tvær upprifjunar- eða tengivísur við fyrri rímuna:²⁰

Fjölnis braut eg ferju þá
flestir vildu heyra og sjá

¹⁹ Björn K. Þórólfsson (1934:278–279).

²⁰ Vísur II.13 og II.14.

en nú hefi eg mér aðra gjört
og atla eg þyki lítils vert.

Það er í þessu fræði fyrst
af frúinni er sagt og Skógarkrist,
brúðurin hyggst að bæta sál
og byrjar upp sín skriftar mál.

Seinni ríman rekur síðan söguna um það að „hver hefur það sem vinnur til“ eins og segir í mansöng hennar.²¹ Ríman endar svo á niðurlagserindi þar sem nafn höfundar kemur fram og hefðbundið endastef ævintýra – „úti er ævintýri“.

Rekkar taki nú rímur tvær.
Rög(n)valdur hefur yrktar þær.
Ævintýrið af auðar rist
úti er bæði og Skógarkrist.²²

Skáldamál rímna er að stærstum hluta komið frá dróttkvæðum og skiptist í tvær aðalgreinar, *ókennd heiti* og *kenningar*. Rímnaskáldin munu auk dróttkvæða hafa sótt heimildir sínar til þulna um heitin og um kenningar til Snorra-Eddu eða minni háttar orðaskráa gerðra eftir henni.²³ Heiti eru orð sem einkum eru notuð í skáldskap í stað venjulegs nafns á einhverju, svo sem ýtar og rekkar um menn og fljóð og sprund um konu, og kenningar eru í raun líkingar. Þær eru í tveim hlutum: *höfðuorð*, nafn þess sem líkt er við, og *kenniurð* sem tengir líkinguna við það sem lýst er, svo sem snælda (höfuðorð) óðar (kenniurð) = skáldskapur.²⁴

Tilgangur skáldanna með vali sínu og notkun á kenningum og heitum var að hefja skáldskap sinn yfir orðfæri og málfar hversdagsumræðunnar, gera hann áhrifameiri og veglegri og leitast við að tjá sömu hugsun nýjum og nýjum orðum – sýna fjölbreytileika og forðast endurtekningar. Auk þess gaf þessi fjölbreytileiki tækifæri til ríms og stuðlunar langt fram yfir hversdagsmálið. Tala þeirra orða sem nota mátti til stuðlunar og ríms margfaldaðist, sérstaklega á þeim

²¹ Vísa II.11.4.

²² Vísa II.80.

²³ Björn K. Þórolfsson (1934:86–104).

²⁴ Sveinbjörn Beinteinsson ([1985]:xxviii) og AM 605 4to: I.2.4.

persónum og hlutum sem oftast þurfti að nefna, svo sem manni, konu og skáldskap. Hagkvæmnin við að hafa mörg samheiti á þessum hugtökum auðveldaði skáldunum að yrkja marga tugi erinda, oft undir mismundi rímnaháttum, eins og raunin varð með rímnaflokkana.²⁵ Hinn geysimikla fjöldi kenninga og heita sem notaður var í þessum forna kveðskap má best sjá í yfirliti Björns K. Þórólfssonar í *Rímur fyrir 1600*, bls. 104–204.

Pau heiti sem skáldið notar eru, eins og efni rímnanna gefur tilefni til, flest yfir konu og síðan mann eða menn. Einnig notar skáldið heiti yfir dverg og skáldskap og eru heitin eftirfarandi:

Kona:²⁶

| | |
|----------------|---|
| brúður | I.8.2 – I.45.2 – I.50.1 – I.57.1 – I.61.2 – II.14.3 – II.18.1 – II.30.2 – II.37.1 – II.39.2 – II.49.3 – II.71.3 – II.73.4 |
| drós | II.37.1 |
| fljóð | II.4.4 – II.43.2 |
| hrund | II.16.1 |
| (valkyrjunafn) | |
| kæra | I.44.3 – I.53.3 – II.31.2 – II.36.4 – II.72.1 |
| snót | I.63.3 – I.65.1 |
| sprund | I.69.2 – II.43.4 |
| sæta | I.42.3 – I.45.4 – I.54.2 |
| víf | I.20.1 – II.5.4 – II.20.1 – II.29.4 – II.46.4 |

Maður/menn:²⁷

| | |
|---------|---------------------------|
| bragnar | I.7.1 – I.19.1 – I.22.4 |
| garpur | II.62.1 |
| halur | I.23.2 – I.24.2 – II.67.4 |
| rekkur | II.80.1 |
| skatnar | I.15.3 |
| virðar | I.60.1 |
| ýtar | II.7.1 |

Dvergheiti:²⁸

| | |
|---------|--------|
| Vestri | I.25.1 |
| Virgull | I.26.1 |
| Litur | I.33.3 |

²⁵ Craigie, A. William (1952:lx–lxxi).

²⁶ Björn K. Þórólfsson (1934:187) og AM 605 4to.

²⁷ Björn K. Þórólfsson (1934:174) og AM 605 4to.

²⁸ Björn K. Þórólfsson (1934:172) og AM 605 4to.

Skáldskapur:²⁹

| | |
|---|-------------------------------------|
| fræði | I.1.1 – II.14.1 |
| mærð (hluti kenninga sjá bls. 19) | |
| óður | I.37.4 – II.9.3 – II.12.1 – II.75.1 |

Auk þessara heita eru nokkur fleiri orð sem rímnahöfundur notar í stað konu svo sem *ágætleg*, *frú*, *hryggileg*, *húsfreyja*, *hústrú* og *kvinna*. Í stað maður (bóndi) notar hann auk heitanna hér að ofan orðin: *herra* og *kappi*. Sjáanlegt er af þessari upptalningu allri saman að höfundurinn hefur verið metnaðarfullur og viljað hafa heiti sín fjölbreytt enda kemur aðeins einu sinni fyrir að hann noti sama heitið í vísu eftir vísu, en það er heitið *halur* yfir mann í 23. og 24. vísu fyrri rímu.

Með kenningastílnum leitast skáldin við að tjá sömu hugsun nýjum og nýjum orðum, sýna hugkvæmni og fjölbreytni í orðavali, eins og áður hefur verið vikið að. Kenningar Skógar-Krists rímna eru engin undantekning þar á. Þær eru fjöldamargar og flestar koma aðeins fyrir einu sinni þó fyrir komi að kenning sé tvítekin eða jafnvel þrítekin en þá oftast með góðu millibili. Í mörgum erindum er engin kenning en í öðrum tvær og í 3. erindi fyrri rímunnar eru kenningarnar þrjár og allar yfir skáldskap. Kenningar rímnanna eru yfirleitt einfaldar og oftast tvíliðaðar en þrisvar er þríkennt: 'sviftir ófnis reita' (I.42.4), 'þöll linna síka' (I.48.2) og 'Týrs tanna lögr' (I.70.4). Langflestar þeirra má finna í Rímnoraðabók Finns Jónssonar þó einnig séu í rímumum dæmi um kenningar sem ætla má að skáldið hafi búið til svo sem 'mærðar ól' og 'máls hjól' í 3. vísu fyrri rímu og fara þar ágætlega og eru auðskildar kenningar um skáldskap, enda mærð skáldskaparheiti. Og um kenninguna 'nöðru tól' í I.47.2 segir Björn Karel:

Alveg einstök er kenningin tól nöðru (epli), eftir biflúsögunni um það er ormurinn tældi Evu með eplinu. Þess munu ekki fleiri dæmi í rímum þeim, sem hjer eru til meðferðar, að kent sje eftir sögu úr biflúnni.³⁰

Fjórum sinnum notar skáldið hálfkenningar eða stofnorð kenninga eitt og sér líkt og um heiti væri að ræða, sjá listann yfir kenningar hér

²⁹ Björn K. Þórólfsson (1934:195) og AM 605 4to.

³⁰ Björn K. Þórólfsson (1934:90).

á eftir, og í 2. og 3. vísu fyrri rímunnar má sjá mjög skemmtilega mynd úr dagsins önn þar sem skáldið líkir yrkingum sínum við að vinda 'mæðar ólina' (skáldskapinn) upp á 'snældu málsins' (ljá hugsuninni mál) og tekur þar með líkingu úr tóvinnu. Slík stílbrögð kallaði Snorri *nýgervingar* þegar skáld samræmdu fleiri en eina kenningu og héldu myndinni til streitu, jafnvel milli vísna, og þótti alla tíð að því mikil prýði og það bera vott um hugkvæmni.³¹

Eins og í svo mörgum öðrum rímum eru það kvenkenningar sem eru algengastar eða 58 af 76. Eftirfarandi er listi yfir kenningar Skógar-Krists rímna flokkaður og í stafrófsröð:

| Kvenkenningar | koma fyrir í vísu/um | samkvæmt Finni Jónssyni – bls. ³² |
|----------------------------|-----------------------------|---|
| auðar bil | II.63.1 | 24 |
| auðar gátt | II.74.4 | 125 |
| auðar gefn | I.12.2 og II.12.2 | 126 |
| auðgrund | I.18.3 og II.25.1 | 148 |
| auðar lind | II.60.2 | 241 |
| auðar lín | II.44.1 | 245 |
| auðar rist | II.80.1 | 302 |
| auðþöll | I.20.4 | 416 |
| bauga ná | I.42.1, II.20.2. og II.55.2 | 274 |
| bauga lind | I.64.2 | 241 |
| bauga nanna | I.18.2 | 273 |
| bauga norn | II.69.2 | 278 |
| bauga rein | II.36.1 | 298 |
| bauga rist | II.35.2 og II.78.1 | 302 |
| bauga þilja | I.46.4 | 406 |
| eyðan líns (eyjan líns) | II.77.1 | (79 og 245) |
| fallda láð | II.56.1 | 81 + 232 |
| falda lín | II.76.1 | 245 |
| gullas bil (gullhlaðs bil) | II.54.1 | 25 |
| gullas lín (gullhlaðs lín) | II.21.1, II.34.3 og II.48.1 | 245 |
| hringa bil | II.11.3 | 24 |
| hringa brú | II.61.1 | 45 |
| hringa rein | I.41.1 | 298 |

³¹ *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* (1983:145).

³² Finnur Jónsson (1926–1928).

| | | |
|---------------------------------------|--------------------|---------------|
| hringþöll | II.26.1 | 416 |
| kyrtla brík | II.34.1 | (42) |
| lind þráða | I.39.4 | 241 |
| mengrund | II.16.4 og II.57.1 | 262 |
| menja bil | II.41.4 og II.46.2 | 24 |
| menja brú | II.27.2 | 45 |
| menja laut | II.66.2 | 231 |
| menja ná | I.16.3 | 274 |
| menja skorð | II.22.4 og II.42.4 | 328 |
| menþöll | I.67.1 | 263 |
| seima bil | I.47.3 | 25 |
| seima fríður | I.43.3 | 110 + 312–313 |
| seima ná | II.15.3 | 274 |
| skarlas bil | II.15.1 | 25 |
| vella lín | II.32.1 | 245 |
| þorna bil | I.62.3 og II.33.3 | 25 |
| þorna hlíð | I.67.3 | 175 |
| þorngrund | I.41.3 og II.59.1 | 408 |
| þorna lind | I.40.2 | 241 |
| þorna rist | I.52.1 og I.56.1 | 302 |
| þorna skorð | II.47.1 | 328 |
| þöll linna síka | I.48.2 | (241+416) |
| Hálfkenningar um konu: | | |
| grundin | II.19.1 | 148 |
| lindin | II.27.3 | 241 |
| skorðan | I.70.1 og II.73.2 | 328 |
| Karlkenningar: | | |
| geira þollur | I.21.1 | (408) |
| hjáлма týr | I.36.3 | 379 |
| hjáлма viður | II.55.2 | 393 |
| odda grér | I.61.3 | 146 |
| sviptir ófnis reita | I.42.4 | 365 |
| vopna lundur | I.37.2 | 249 |
| vopna meiður | I.25.1 | 260 |
| veitir gulls hins rauða ³³ | I.28.2 | 388 |
| Skáldskaparkenningar: | | |
| Fjölms ferja | II.13.1 | (89+95) |

³³ „hins rauða“ er ákvæðisorð í kenningunni.

| | | |
|---------------------------------|--------|---|
| snjallt máls hjól ³⁴ | I.3.2 | <i>nýgerving</i> með snældu óðar – sjá bls. 17 |
| mærðar mál | I.10.1 | 271 |
| mærðar tól ³⁵ | I.3.3 | |
| mærðar ól | I.3.1 | |
| snælda óðar | I.2.4 | 340 |
| Týrs tanna lögur | I.70.3 | (f. skáldamjööðurinn) 380 |
| Aðrar kenningar: | | |
| Gull: | | |
| nöðru sandur | I.16.4 | 309 |
| Hugur/brjóst: | | |
| visku land | I.34.2 | (229 og Björn Karel ³⁶) |
| Epli: | | |
| nöðru tól | I.47.2 | sjá tilvitnun ⁸¹ bls. 33 |

Kenningarnar segir Einar Ólafur Sveinsson að tilheyri heimi hugarburðar og opni áheyrendum galdraveröld, þar sem allt sé kynlegt og ekkert eins og það sýnist í fyrstu.³⁷ Hvað sem um það má segja er óhætt að fullyrða að þær hafa ekki verið áheyrendunum til trafala við skilning því oft segir efnið til um hvað kenningin merkir og þeir hafa eins og skáldin sjálf vanist þeim í eldri skáldskap. Kenningarnar hafa öllu fremur verið þeim til ánægju vegna þess að þær voru frávik frá hversdagsræðu, hafning, og óteljandi leiðir skáldanna til að sýna listfengi sitt – finna nýjar og fjölbreyttar leiðir til að nefna þau hugtök og fyrirbæri sem klifað var á aftur og aftur í rímnaflöknum.

Víst er, að minnsta kosti, að kenningarnar og heitin léttu skáldunum erfiði sitt við yrkingarnar. Velja mátti úr þeim eftir vild til þess að fá hvort heldur vantaði rímorð ((auðar/bauga/þorna) rist á móti Krist), hljóðstafi (mærðar mál, Fjöltnis ferju) eða atkvæði af réttum fjölda (veitir gulls hins rauða). Þessi tækjaforði varð undirstaða formúlulegrar tækni og var liprum bragsmiðum, er beita kunnu, alltaf handhægur og auðvelaði þeim að yrkja söguna áfram³⁸ því skáldskapur er listgrein og málið er miðill hans líkt og tónarnir eru tónlistarmanninum. Skáldin leika sér að orðum, raða þeim saman og ná þannig fleiri tónum og samhljómmum úr málinu en öðrum er gefið.

³⁴ „snjallt“ er ákvæðisorð með kenningunni.

³⁵ Björn K. Þórólfsson (1934:200–201).

³⁶ Björn K. Þórólfsson (1934:125).

³⁷ Einar Ól. Sveinsson (1956:58).

³⁸ Davíð Erlingsson (1989:334).

Hættir Skógar-Kristsrímnna eru einfaldir. Er fyrri ríman kveðin undir ferskeyttum hætti óbreyttum en sú síðari undir stafhendum hætti óbreyttum.

Skógar-Kristsrímur eru varðveittar í einu skinnhandriti, AM 605 4to, nefnt Selskinna, og pappírshandritunum: AM 146a 8vo, Lbs. 1783 8vo, JS 47 8vo og Lbs. 2032 4to.³⁹ Þær eru hér á eftir prentaðar eftir Selskinnu, AM 605 4to. Stafsetning þeirra er færð í nútíðarhorf og vísur tölusettar.

Rímur af Skógar-Kristi

Fyrri ríma (I)

| | | |
|---|--|---|
| 1 | Forðum átta eg fræða kver, fálega ⁴⁰ neytta eg þessa, en nú stoðar það ekki mér upp er eg gefinn af vessa. | Í öllum gjörumst eg orðum linr, óðum tennur falla. |
| 2 | Minnið dofnar, mælskan þver, mjög er eg seinn að skjælda enda veit eg ei nær er óðar brotnuð snælda. | 6 Svefninn verður síst um nætr svo sem hann var til forna. Kreppast hendur og kólna fætr, kann þeim lítt að orna. |
| 3 | Mjókkar líka mærdar ól máls í hjóli snjöllu, geysilega gömlu tól gangast fyrir í öllu. | 7 Boginn stend eg því brögnum hjá búkurinn firrist magni en mér koma sem allir sjá augun minnst að gagni. |
| 4 | Mér hefur ellin markað stinn, mörg er um kollinn hæra. Hvítar skegg en hrukkar skinn, hold vill kláðinn særa. | 8 Borrinn ⁴¹ gefur þau brögð af sér að brúðir fælast allar. Hvín fyrir brjósti hnálega mér, hryð eg sem gamlir kallar. |
| 5 | Hár af mínu höfði hrynr, hef eg nú fengið skalla. | 9 Röddin skelfur en ræmast hljóð, rokin er kvæða snilldi. Get eg því ei enu göfugu þjóð gamnað þó eg vildi. |

³⁹ Finnur Sigmundsson (1966:439).

⁴⁰ fálega] frekliga í AM 146a 8vo.

⁴¹ borr: óviss merking.

10

Hvörs kyns frygð og mærdar malt
mitt svo gjörir að þorna.
Sé eg ei fyrir nær sækir allt
sá sem léði til forna.

11

Vinina fækka⟨r⟩, verð eg einn
veikur í raun að standa
þar til Kristur af himnum hreinn
hefur mig burt úr vanda.

12

Fyrir það get eg ei frygðugt vers
framið um auðar gefni.
Nennta eg ekki að neyta þess
þá nóg voru til þess efni.

13

Mín var lund í mörgu treg
mæta skemmtun inna.
Litlar sögurnar lærði eg
en lét eg mér fátt til hinna.

14

Því er sú eftir ein hjá mér
að öllum hlýða bæri.
Þessa skylda eg þylja hér
ef þegjanda fólkið væri.

15

Þetta ágætt ævintýr
er ekki logið að neinu
því ritningin, skötnum skýr,
skrifast af efni hreinu.

16

Bónða einum birti eg frá,
bjó hann í Þýskalandi.
Mæta fékk hann menja ná,
milda af nöðru sandi.

17

Gamall var þessi og glaður í mát
og geymir visku nýta

en hans hústrú yfrið kát
ung og væn að líta.

18

Breytni minnst og bóndans sið
bauga ræktar nanna.
Auðgrund sá því alllitt við
orði vondra manna.

19

Bragnar hafa og bókin merk
birt það eyrum mínum
að þau héldi ungan klerk
einn á garði sínum.

20

Vel féll þessi vífi í geð
og vissi bóndinn þetta
en það frétt né aldri séð
auðþöll muni sig pretta.

21

Grunar það einatt geira þoll
en gat ei spurt hið rétta
að þau muni sér ekki holl,
allt var kyrrt um þetta.

22

Einhvörn dag þann allt var plóg
að efla staðarins mengi
bóndinn veik á breiðan skóg
og bragna með honum engi.

23

Réttan veginn í rjóðrið eitt
reikar halurinn svinni
þar sem fyrir var bjargið breitt
og byggði einn dvergur inni.

24

Hann var ekki heima þá
halurinn kemur að bergi.
Er þar bóndinn úti hjá
unst⁴² hann mætir dvergi.

⁴² unst] uns í *Lbs. 1783 8vo.*

25

Vestri heilsar vopna meið
og vill í steininn ganga.
Bóndinn honum þá bannar leið
og býst til dverg að fanga.

26

Virgull svarar og var þá hljóðr,
vígður af inni sínu:
Hverju býsnar, bóndinn góðr,
ber mig út af mínu.

27

Það vil eg sverja þegar þú vilt
og þó fyrir hugsun mína
grand hefi eg hvorki gjört þér illt
né girnst á eigu þína.

28

Vill þó steininn verja mér
veitir gulls hins rauða?
Því mun allt mitt hyskið hér
hljóta af sult og dauða.

29

Bóndinn svarar og blíðkar sig
bardaga manni deigum:
Ei skal kompán kúga þig
kaupskap vil eg við eigum.

30

Þú skalt halda þennan stein
þinn í friði og náðum
en þú gjör með⁴³ ekki mein,
allt að mínum ráðum.

31

Skil eg þú gjörir mér skikkju og stól
skapað að minni eggju.
Brjá skal rétt sem birti sól
burt af hvoru tveggju.

32

Hver sem kemur í kápu þá,
kostaðu þar til granni,
lýðum öllum lítist sá
líkari engli en manni.

33

Þegar gersemin gjaldast mér
gjörð með skartið ljósa
lykja skal eg þá, litur minn, þér
laun sem þú vilt kjósa.

34

Svaraði hinn og gjörðist gild
gleði í visku landi:
Þú skalt öðlast þína vild,
þetta er enginn vandi.

35

Kaupa nú með kærleiks plag
kátir og þanninn skilja
en áttu finnast ákveðinn dag
eftir bóndans vilja.

36

Bóndinn þá til bæjarins snýr
búskap sinn að rækja
unst⁴⁴ að hraustur hjálma týr
heim skal dverginn sækja.

37

Heiman fór og varð ei valt
vopna lundurinn fróði,
finnur dverg og fékk það allt
sem fyrr var greint í óði.

38

Bóndin gaf honum brýni og hein
bæði stór að líku
en dvergurinn upp með hlátri hrein
harla feginn af slíku.

⁴³ Líklega misritun fyrir mér (bundið m með d yfir).

⁴⁴ unst| uns í *Lbs. 1783 8vo*.

39

Nú fer heim af hljóði hann
og hirðir gripina báða,
sína hústrú síðan fann
og segir við lindi þráða.

40

Þú skalt fara á þykkvan skóg,
þorna lindin fríða,
okkur að sækja eplin nóg
en eg mun heiman ríða.

41

Héðan af skaltu hringa reim⁴⁵
hvern dag skóginn plægja
þar til eg kem, þorngrund, heim,
þá mun fullvel nægja.

42

Bóndinn segir hvar bauga ná
best mun epla að leita,
síðan skilur við sætu þá
sviftir ófnis reita.

43

Hér næst frá ég hann heiman ríðr
en hústrúin fer til skógar
sækja eplin seima fríðr
svinn og plómur nógar.

44

Þar með hefur hún þennan sið
þá hún ei skóginn tínir
kæran leikur klerkinn við
og kærleik allan sýnir.

45

Brátt kom dagur sá bóndinn heim
brúði lofaði að ríða.
Sukk var þá ekki síst með þeim
sætu og klerknum fríða.

46

Fer hún þá út á fagran skóg
og fyllir bóndans vilja,
eplin tekur og aldin nóg
annað bauga þilja.

47

En þegar búin var bæjarins til
birg af nöðru tóli
sér hjá veginum seima bil
sitja mann á stóli.

48

Þessa⁴⁶ virtist, það vil eg tjá,
þöllu linna síka
eins og sagt er englum frá,
aldrei sá hún hans líka.

49

Frúin var þá með fel(m)tri s(t)ödd
framar en hér um ræðast
en hann mælti mjúkri rödd:
Mig þarftu ekki hræðast.

50

Bittum⁴⁷ miskunn, brúðurin, þér,
betra er öllum þetta.
Kann vera nú sé kostur hér
klækjunum burt að fletta.

51

Hver ertu, sagði hryggileg,
af hjartans mjúkum vilja.
Gjarnsamlegana girnumst eg
gæsku þína að skilja.

52

Þú mátt, syndug þorna rist,
þungum stödd í voða,
sjá hér upp á sjálfan Krist
sendann þér til góða.

⁴⁵ Óvíst hvort á að vera „reim“ eða „rein“ (bundið með striki yfir i-inu), hér er valið að hafa m-ið vegna rímsins.

⁴⁶ Þessa] Þessi bæði í *Lbs. 1783 8vo* og *JS 47 8vo*.

⁴⁷ Bittum] Bið þú um í *Lbs. 1783 8vo*.

53

Nú þó eg vildi næra þig
og nógri miskunn gæddi
kæran skalt ei kalla mig
Krist þann María fæddi.

54

Sendur er eg af sönnum Krist,
sætan má það skilja,
þeim sem ráfa í röngu fyrst
og rétta hag sinn vilja.

55

Einsetumönnum er sá kraftr
af mér gefinn að þiggja.
Vísu eg þeim til vegarins aftr
að villtir á skógum liggja.

56

Því mega menn og þorna ristr
þær sem eg gjöri að náða
skilja eg heiti Skógarkristr,
skipaðr þeim að ráða.

57

Blessaður sért þú, brúðurin kvað,
býsna dýr í verði,
féll hans síðan fótum að
og fyrir sér krossinn gjörði.

58

Fræddu mig á því, faðirinn dýr,
fæstir trú eg það þekki,
hvar þeim stundum blessaður býr
þú blífur á himnum ekki.

59

Konunni ansar Kristur þá;
komast að slíku færri,
hér er í skóginum hellir sá
húsunum þínum nærri.

60

Virðar mega því vor og haust,
vetur og sumarið heita

sækja þangað sjálfs míns traust
og sinnar hjálpar leita.

61

Bý eg því nærri bónda og þér,
brúðurin má það skilja,
einatt gjörir sá odda grér
eftir mínum vilja.

62

Einninn gjörir þú oss í vil
en ekki er líkt um þetta.
Því hefi eg atlað, þorna bil,
þinni byrði að létta.

63

Veit eg þín eru verkin ljót,
víf, með nökkrum hætti.
Þau skal forðast, þrifleg snót,
þýð, svo hjálpast mætti.

64

Og er nú best að betra þig,
bauga lindin fríða,
elligar fær þú auðnu svig,
ekki er langt að bíða.

65

Þá svarar enn hin þrifna snót
og þó með slíkum hætti:
Hver er til þessa, blessaður, bót
að bjargast sálin mætti?

66

Ef þú vilt þér ágætleg
auðar fylgi blíðan
skaltu fara að skrifta þig
skjótt og iðrast síðan.

67

Mun þá hjálpast menþöll blíð
meðr fráhverfi synda.
Það er mitt traust, kvað þorna hlíð,
þú megir og⁴⁸ leysa og binda.

⁴⁸ megir og] munir í AM 146a 8vo, Lbs. 1783 8vo og JS 47 8vo.

68

Vinna mun eg á syndum sigr
snart með ráði þínu
ef þú, faðirinn elskulegr,
athæfi hlýðir mínu.

69

Skógar mælti Kristur kyrr
komdu þá, sprundið fríða,
enn aldri hef eg veitt það annarri fyrr
eyrna skrift að hlýða.

70

Skorðan gekk til skrifarföðr
Skógar-Krist við eyra.
Týrs skal falla tanna lögr,
taki hann þeir sem heyra.

Síðari ríma (II)

1

Mér er ekki um mansöng neitt,
mig er við hann að skilja greitt
ef hann er kveðinn af efni því
sem allar konurnar prísast í.

2

Þyki mér ekki það nema spott
þó þeim færast kvæðið gott
sem aldri veita ást né dyggð
og jafnan sýna fals og lygð.

3

Hverninn má sú heiðrast nein
sem hefur til öngva lifandi grein
nema hún dýrkar sjálfa sig
og segist að öllu voldugleg.

4

Mörg er kvinnan meinguð sú
sem mönnum virðist dygg og trú
enda reynist einhvor góð
þó ei sé haldin mektar fljóð.

5

Mæli ég ekki í móti því
margar eru þær heiminum í.
Enginn getur með orðum sagt
allt það prýðir vífið spakt.

6

Ljúfum konum leiðir af
laglegt hót og mjúklegt skraf,
alls kyns gaman og yndið nóg
svo ekki verður komið í lóg.

7

En hin vonða ýtum fær
allra handa styggðir nær.
Fyrri' og seinna, leynt og ljóst,
leiðir af henni harm og þjóst.

8

Salamon spaki í sannleik frekr
soddan dæmi konunum tekr
en illa verri árnun⁴⁹ sé
en önnr betri en gull og fé.

9

Grafa þarf ekki glósu þá,
get eg þar nokkuð sagt í frá,
enginn maður í óði þylr
hvað illa konu og góða skilr.

10

Hver sá maður af hoskri þjóð
sem hefur með orðum kvinnan góð
megi þér ekki meira en fé,
mér þykir líkt hann fávís sé.

⁴⁹ *árnun*: fyrirbæn, heillaósk.

11

Hvor⟨t⟩ sem konunum last eða lof
leggja menn eða kveða við of
hvorki á þetta hringa bil,
hver hefur það sem vinnur til.

12

Öngri býð eg óðinn minn
auðar gefni í þetta sinn.
Gjörri sá að honum gaman sem vill
en gjalldi ekki launin ill.

13

Fjölnis braut eg ferju þá
flestir vildu heyra og sjá
en nú hefi eg mér aðra gjört
og atla eg þyki lítills vert.

14

Það er í þessu fræði fyrst
af frúinni er sagt og Skógar-Krist.
Brúðurin hyggst að bæta sál
og byrjar upp sín skriftarmál.

15

Skjallega flutti skarlas bil
skriftargagn sem von er til.
Síðan þagnar seima ná.
Svaraði henni Kristr þá.

16

Hvar fyrir þegir þú hrundin björt,
hvort hefur þú ekki meira gjört
himna Guði í móti og mér.
Mengrund segir að þanninn er.

17

Sagt hefur þú mér syndir smár,
sannlega veit eg eftir stár
eitthvört hjá þér verra vamm,
vil eg að það sé játað fram.

18

Bergirðu öngvu brúðurin þá
burt af því þú heldur á?

Þegar eð annað fastar fólk
ferðu með áir og rennir mjólk?

19

Griðkonur mínar, grundin kvað,
gjarnari miklu eru á það.
Þegar hjá slíku sýslu vær
sjálfar láttu skriftast þær.

20

Vinnur þú ekki, vífið, þá
eða vinna lætur bauga ná
þegar að heilagt haldið er
og hvílast öllu fólk ber?

21

Greiðlega ansar gullas⁵⁰ lín,
gjarnara er það bónda mín
þykist hann ekki þó nema gott
og þekkjast hvorki háð né spott.

22

Láttu bóndann sjá fyrir sér
en segðu af því hvað réttast er
um það kynja klækis orð
af klerknum fær þú menja skorð.

23

Að mörgu spyr þú miskunnsamr
muntu vera launa tamr
ef eg skal segja þér allt af mér
eftir því sem réttast er.

24

Fyrir mun liggja að fréttu þig
fyrst að þú vilt leyna mig
en láta síðan launa því
að lina þér nokkuð skriftum í.

25

En þó það sé auðgrund veitt
að ekki megi mér leynast neitt
þá er sú skriftin skást fyrir þig
að skýrir þú við sjálfan mig.

⁵⁰ *Gullas* er afbökun úr gullhlaðs.

26

Hringþöll svarar og hneigði sig:
Hent hefur þetta lítið mig,
eg hefi klerknum efalaust veitt
allt það hann hefur falað og beitt.

27

Hvörsu oft hefur hann og þú
hafst að þvílíkt, menja brú.
Lofaður herra, lindin kvað,
lagt hefi eg ekki í minni það.

28

Átti eg í morgun eðli og hann
áður en eg til skógar rann.
Því er nú undir þinni náð
þungleg skrift og hefndin bráð.

29

Fyrir þín skjallæg skriftar mál
skal eg þér nú með ekki tál
veita bæn þá vildir þú;
vífið svaraði og gladdist nú:

30

Fljót kjörin er sú fagnaðar bæn
fegin vil eg, segir brúðurin kæn,
bráðdauður verði bóndinn minn,
bið þá ekki meira um sinn.

31

Bið þú um annað, Kristur kvað,
kæran, máttu skilja það
síst vill dauða syndugs manns
sá sem girnist velferð hans.

32

Volldugur, þá kvað vella lín,
veittu hann missi heyrn og sýn.
Mun hann þá hvorki mig né klerk
mega um kunna orð né verk.

33

Þessa bæn sem biður þú nú
bili þig hvorki ást né trú
þegar mun öðlast þorna bil;
þar skal eg ekki spara mig til.

34

Kærlega frá eg að kyrtla brík
Kristi þakkar orðin slík.
Gefur hann síðan gullas lín
góðmannlegana blessan sín.

35

Skilur hún þar við Skógar-Krist,
skundaði síðan bauga rist
heim á sinn hinn góða garð,
gamanið hennar nóglegt varð.

36

Bráðlega frétti brauga rein
bóndinn hennar kominn var heim.
Kappinn út í kirkju lá,
kæran bjó til matarins þá.

37

Þegar sem búin var brúðurin ljós
býður hún einni vinnudrós
kalla að bóndinn kæmi þar
og kynnti honum að borðað var.

38

Heimakonan, sem hústrú bað,
hitti bóndann þegar í stað.
Býður hún honum til borðs að gá,
brá hann sér hvorgi og grafkyrr lá.

39

Hún gekk inn en hér næst líðr
hústrúin bæði og maturinn bíðr.
Bóndinn ekki bæinn kom í,
brúðurin spyr hvað olli því.

40

Heimakonan gaf henni svar:
Hann vildi ekki við mig þar
mæla þegar ég minnti hann á
mál væri honum til borðs að gá.

41

Tala þú hátt segir kvinnan kæn,
kann vera hann hafi þá legið á bæn,
en ef hann svarar nú öngvu til
út skal eg kvað menja bil.

42

Út fór konan í annað sinn
og svo talar hún: Bóndi minn,
gagnið inn því búið er borð;
bligið hann upp á menja skorð.

43

Ekki talaði hann orðið neitt;
inn fór síðan fljóðið teitt;
húsfreyju fann og hermdi slíkt;
hlæjandi svaraði sprundið ríkt.

44

Efalaust veit eg, auðar lín,
ef ekki sparar þú hljóðin þín
geturðu þá svo galað upp hátt
hann gefr þér svar eða kemr hér brátt.

45

Líður tíminn líkt og fyrr,
liggur úti bóndinn kyrr
þar til sú, sem send var þrátt,
sviftir honum og talaði hátt.

46

Húsfreyjan stóð og hlýddi til,
hún gekk út og menja bil,
vill nú bæði vita og sjá,
vífið, hvörsu bóndinn má.

47

Þig hefi eg, sagði þorna skorð,
þrisvar kallað undir borð
en það virðir einskis þú;
ansaði henni bóndinn nú:

48

Gakktu inn aftur gullas lín,
gjarnan vilda eg húsfreyja mín
hingað kæmi að hitta mig,
hana skal eg þá fræða og þig.

49

Eg er hér hjá þér, elskan mín,
öllum þyki mér háttum þín
brugðið vera, að brúðurin kvað;
bóndinn ansar, satt er það.

50

Hingað kom eg svo heill og glaðr
helst sem þá eg var ungur maðr.
Lést eg gjöra hér litla bæn,
launin urðu að minnstu væn.

51

Þá eg var búinn í burt að gá
bar svo til sem greini eg frá,
hlaut eg að missa heyrn og sýn
hörmulegust er þessi pín.

52

Verð eg nú fyrir veikleik minn
að vera sem annar ómagi þinn,
eyða og spenna upp fyrir þér,
ekki leiðir gagn af mér.

53

Efalaust kemur það upp á þig
að annast búið og sjálfan mig,
fylgja að vinnu fólki hér,
flest öll eru nú ráð af mér.

54

Grátin ansar gullas bil:
Gjarnan skal eg þar hjálpa til,
einskis virði eg ómak mitt,
angrið syrgi eg meira þitt.

55

Hvort vill annað hreysta þá,
hjálma viður og bauga ná,
og sögðu bæði svo sem að var
syrgja dugi þeim ekki þar.

56

Fer hann þá inn og falda láð;
frá eg hann öll á bænum ráð
afsalar sér sem ófær maðr,
ekki var þá bóndinn glaðr.

57

Mengrund upp á morgna stár,
munu þar leika eftir fár.
Skipar hún öllum skjótt til verks
en skundar sjálf í hvílu klerks.

58

Alla vikuna upp í samt
er henni þetta furðu tamt
að búa hjá klerknum bónda gegnt,
brá hann sér hvergi, það hefi eg fregnt.

59

Því næst lagðist þorngrund niðr
þegar hún hafði klerkinn viðr
sukkað eftir sinni vild,
svo var hún þó við bóndann mild.

60

Einhvörn morgunn æðiskyrr
auðar lindi bóndinn spyr:
Mun það nokkuð mjög frá sið
manna vera þó slátrum við.

61

Hróðig ansar hringa brú:
Hvörju viltu slátra nú.
Arðurnauti okkru því
sem eigu minni er feitast í.

62

Gjöra skal eg sem garpurinn bað
get eg þó ei að sinni það,
flestum hefi eg nú fengið starf,
fólkið er ekki við sem þarf.

63

Ekki þarftu, auðar bil,
að ætla hér svo marga til.
Fullting klerks og fylgið þitt
fullvel dugir við nautið mitt.

64

Klæddist frúin og klerkinn vegr,
kyrrlega segir og á honum tekr:
Sæktu naut það slátra skal,
sendimanna er ekki val.

65

Klerkurinn spratt í klæðin sín,
komin er þessi fregn til mín,
sækir naut og hefur það heim,
hjónin taka við uxá þeim.

66

Bóndinn lagði band á naut
og biður því halda menja laut.
Hann tók öxi í hönd sér þá,
húsfreyjan talaði hún þetta sá.

67

Best er að láta, bóndi minn,
berja klerkinn uxann þinn.
Hann sér betur að höggva en þú;
halurinn ansar sinni frú:

68

Mitt er aflið meira en hans,
mun það verða prófað til sanns.
Niðr fyrir mig hefi eg nóga sýn,
nú skal reynast orkan mín.

69

Klerkurinn tók í höfuð og horn,
horfði á þetta bauga norn.
Heldur hann undir höggið þar
en húsfreyjan ekki óhrædd var.

70

Báðum höndum bóndinn mætr
bitra öxi ríða lætr.
Hjó hann svo klerksins hálsinn á,
höfuðið fauk af bolnum þá.

71

Húsfreyjan talar með harmi nú:
Hjóst ei það sem áttir þú.
Bóndinn ansar brúði sín:
Beint fór eftir vilja mín.

72

Kæran gekk til kirkju þá
og kónginn beiddi himnum á
frelsa þennann fellda klerk
og fyrirgefa honum sín orð og verk.

73

Skógar-Kristur skaust þar inn
sem skorðan æpti klerkinn sinn.
Biður hann ekki í bænum sljó
brúðurin velji um kosti tvo.

74

Annar kostur er sá þinn
að þú farir í helli minn
og þjónir Guði af þínum mátt,
þá mun frelsast auðar gátt.

75

Elligar skal eg sem óðurinn tér
eld af himnum senda þér
og ljósan⁵¹ brenna upp líkama þinn,
líttu á þennan boðskap minn.

76

Fegin vil eg, segir fallda lín,
fyrr en vera hjá bónda mín
hafa þá skrift sem hörðust er,
hverja sem þú býður mér.

77

Ágæt frá eg að eyðan líns⁵²
eftir ráði meistara síns
hellinn byggði hæg í lund
og hrein um alla ævi stund.

78

Bóndinn annast bauga rist
og birtist þó fyrir Skógar-Krist
ævinlega með allri dyggð
og andaðist hvort í sinni byggð.

79

Atla eg því fyrir Jesús Krist
öðlast muni þau himnavist,
þann sem allt eð góða gefir,
gott fær hver sem iðrast hefr.

80

Rekkar taki nú rímur tvær.
Rög(n)valdur hefur yrktar þær.
Ævintýrið af auðar rist
úti er bæði og Skógar-Krist.

HEIMILDASKÁ

- Aarne's, Antti og Thompson, Stith. 1973. *The Types of the Folktale, A Classification and Bibliography*. (FF Communications No. 184.) Suomalainen Tiedeakatemia Academia Scientiarum Fennica. Helsinki.
- Björn K. Þórólfsson. 1934. *Rímur fyrir 1600*. Safn fræðafjeldagsins um Ísland og Íslendinga IX. Hið íslenska fræðafjeldag. Kaupmannahöfn.
- Craigie, A. William. 1952. *Sýnisbók íslzakra rímnna I-III*. Frá upphafi rímnakveðskapar til loka níttjándu aldar. Thomas Nelson and Sons LTD, London, Edinburgh, Paris, Melbourne, Toronto and New York / Leiftur. Reykjavík.
- Davíð Erlingsson. 1989. „Rímur“. *Íslensk þjóðmenning VI. Munnenntir og bókmennng*. Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson. Bókaútgáfan Þjóðsaga. Reykjavík, 330-355.
- Davíð Erlingsson. 1980. „Skógar-Kristur“. *Ólafskross*. Ristur Ólafi Hall-

⁵¹ hann í aðalhandritinu AM 605 4to.

⁵² eyðan líns] eyði líns 1783; eyðann líns 146a; auðar lín 47.

- dórssyni sextugum. [Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen]. Reykjavík, 9–13.
- Einar Ól. Sveinsson. 1956. *Við uppsprettarnar*. Greinasafn. Helgafell. Reykjavík.
- Finnur Jónsson. 1926–28. *Ordbok til de af samfund til udg. af gml. nord. litteratur udgivne rimur samt til de af Dr. O. Jiriczek udgivne Bósarímur*. STUAGNL LI. Trykt hos J.Jørgensen & co. (Ivar Jantzen). København.
- Finnur Sigmundsson. 1966. *RÍMNATAL* I–II. Rímnafélagið, Reykjavík.
- Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. 1983. Jakob Benediktsson ritstýrði. Bókmenntastofnun Háskóla Íslands og Mál og menning, Reykjavík.
- Íslensk orðabók*. 1996. Ritsjóri Árni Böðvarsson. Önnur útgáfa, aukin og bætt. Mál og menning. Reykjavík.
- Jørgensen, Peter A. 1975. „Four Æventýri“. *Opuscula Vol. V. (Bibliotheca Arnamagnæana Vol. XXXI)*. Munksgaard. København, 295–328.
- Jón Þorkelsson. 1888. *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede*. Andr. Fred. Høst & sons forlag. København.
- Páll Eggert Ólason. 1950. *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*. III. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.
- Sveinbjörn Beinteinsson. [1985]. *Bragfræði og háttatal*. Hörpuútgáfan. [Akranes].
- Vésteinn Ólason. 1975. „Alvara í gamni og íslensk fornkvæði“. *Opuscula Vol. V. (Bibliotheca Arnamagnæana Vol. XXXI)*. Munksgaard. København, 278–290.

Sigrún Haraldsdóttir

Kentucky Fried Chicken

Hér kemur ein saga af vængjaðri veru
með viðkvæman, drifhvítan ham.
Var fóstruð í æsku af fluorescentperu
og fóðruð af rangeygða Sam.

Í lokuðu búri hún lifði og hrærðist
og leit hvorki dag eða nótt.
Á Phillipsbury deigi hún daglega nærðist
og dafnaði mikið og fljótt.

Hún dvaldi í stöðugu gargi og gali
og gaggi sem rann út í eitt.
Hún þreyði með pútum í þúsunda tali
sem þögnuðu alls ekki neitt.

En þó svo hún lifði í lokuðum heimi
við leiðinda þrengsli og suð
þá var eins og fyndi hún í sálinni á sveimi
svolitla vitneskju um Guð.

Í búri til hægri var Háslangi-Grani
með hárauðan, dillandi kamb
og seiðandi gól þessi sélegi hani,
hún sýnd 'onum þokkafullt dramb.

Einn daginn varð breyting á hæsnanna heimi
og henni var alls ekki rótt.
Inn í hann flykkist þar flutningateymi
sem flokkaði púturnar skjótt.

Til fanga var tekin af framandi höndum
og flutt inn í örlítið búr
og dyrum þess lokað með línnum og böndum
sem lyktuðu óhrein og súr.

Og þrengslin í búrinu þjökuðu hana
og þrýstu á bringu og legg.
Hún óttaðist kannski að kremjast til bana
er kuðluð hún lá út í vegg.

En svo var hún færð út í fallegan daginn
í fyrsta og einasta sinn.
Í fjarskanum glitti í sólgylltan sæinn
og sumarið hitaði kinn.

Já, þar voru rósirnar, rauðar og bleikar
og rennislétt, steinilagt hlað.
En púturnar tístu og titruðu smeykar
og trailerinn brunaði af stað.

Nú sá hún vegina, skóginn og skýin
og skuggana, grasið og blóm.
Og hlustaði á vélina, vindinn og gnýinn,
svo villtan og framandi hljóm.

Og augunum fannst henni örðugt að trúa
þó allvíða fengi um horft
því nú sá hún skrítna og framandi fljúga
þar fugla af ókunnri sort.

En ferðin tók enda og flutningabíllinn
loks fór inn á sláturhúslóð,
en hissa og kvartandi hænsfuglaskríllinn
þar hjálparlaus dauðvona stóð.

Hér fékk ekki nokkur í felur að skríða
né falla í dá eða mók.
Hún þurfti að horfa á hanann sinn fríða
upp hengdan á gljáandi krók.

Þá burtu var upphefðin, reisinin og rostinn.
Já, raun var að hafa það séð.
Hinn skrautlegi hani var skelfingu lostinn
og skalf eins og hvert annað það.

Nú endar mitt kvæði, hún beið þarna bana,
og barst inn í verksmiðjuhús,
var bútuð í sundur og krydduð úr krana
og koveruð steikingarmús.

Í stað þess að trúlofast stælegum hana
er stélið svo fimlega skók
þá var henni sporðrennt af spikfeitum Kana,
með special dressing og kók.

Rósa Þorsteinsdóttir

„Sæl og blessuð, systir góð“

Ljóðabréf Solveigar Eiríksdóttur frá 1833

Sendibréf í ljóðum voru samin þegar í klassískri fornöld en voru þá oftast beinlínis ætluð til birtingar. Þeim var beint til ákveðinna viðtakenda, raunverulegra eða tilbúinna, eða voru hreinn skáldskapur þar sem bréfitari og viðtakandi voru báðir tilbúnar persónur. Þau bréf gátu til dæmis verið bréfskipti persóna úr goðsögum, en önnur ljóðabréf voru oft ritgerðir um ákveðin efni. Ljóðabréf á latínu sem send voru ákveðnum viðtakenda að gefnu tilefni þekkjast hér á landi frá 17. öld svo sem bréf Stefáns Ólafssonar (um 1619–1688).¹ Íslendingar voru þá einnig farnir að yrkja ljóðabréf á móðurmálinu og hafa varðveist í handritum slík kvæði frá Stefáni Ólafssyni og Bjarna Gissurarsyni (1621–1712).² Reikna má með að báðir hafi þeir verið undir áhrifum frá afa sínum, Einari Sigurðssyni (1539–1626) prófasti í Eydölum, en eftir hann hafa varðveist þrjú kvæði sem hann hefur ort til barnabarna sinna og sent þeim þannig að vel mega þau teljast ljóðabréf til þeirra. Þar eru þó ekki sagðar neinar fréttir heldur eru í þeim heilræði og góðar óskir frá afa til barnabarnanna.³ Fyrstur þeirra sem vitað er til að hafi sett vísur eftir sjálfan sig í sendibréf er Páll Jónsson á Staðarhóli (um 1535–1598) en bréf hans til Guðbrands Þorlákssonar biskups frá 2. febrúar 1594 er varðveitt í eiginhandarriti í Þjóðskjalasafni Íslands.⁴ Auk þess er til ástarbréf í ljóðum sem Staðarhóls-Páll hefur líklega ort til Halldóru Guðbrandsdóttur.⁵ Í því bréfi

¹ *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* (1983:50 og 171); Stefán Ólafsson (1885–1886:lviii).

² Stefán Ólafsson (1885–1886:lxxi–lxxii); Bjarni Gissurason (1960:111).

³ Útgáfa á kvæðum Einars Sigurðssonar á Eydölum er í undirbúningi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

⁴ Sjá Jón Þorkelsson (1888:387–388). Bréfið er í AM Dipl. Fasc. LXIX, 14.

⁵ Sverrir Tómasson (1965:77–79).

eru heldur ekki sagðar fréttir,⁶ en sú íþrótt að færa fréttirnar í bundnu máli hefur fljótt orðið vinsæl hér á landi og er fjöldi ljóðabréfa eftir þekkt skáld og ýmsa hagræðinga varðveittur í handritum allt fram til loka 19. aldar. Langflest þessara ljóðabréfa eru byggð upp eins og venjuleg sendibréf. Viðtakandanum er heilsað og þess óskað að bréfið hitti hann eða hana við góða heilsu. Þá segir bréfitari fréttir af sjálfum sér og sínum nánustu, síðan almennar fréttir og lýkur bréfinu svo á heillaóskum og kveðjum til viðtakanda. Hve nákvæmlega fréttirnar eru tundaðar fer eftir sambandi viðtakanda og bréfitara, svo sem hve nánum fjölskylduböndum þeir eru bundnir og hve vel viðtakandinn þekkir umhverfi bréfitarans.⁷ Ljóðabréf sem aðeins segja af einum ákveðnum atburði eru einnig til og eru þau oftast ort í léttum dúr og líkjast meira gamanbrögum en venjulegum sendibréfum. Íslensk ljóðabréf hafa langflest verið ætluð til skemmtunar og afþreyingar með frásögnum sínum og hafa þess vegna jafnvel verið talin náskyld rímnakveðskap.⁸ Venjulega eru þau ort undir rímnaháttum og er þá sama hætti haldið út allt bréfið. Svo er einnig um það ljóðabréf sem hér er birt, en það er ort undir þríhendur stiklúviki.

Bréfið er varðveitt í handritadeild Landsbókasafns undir safnmarkinu JS 237 8vo sem tilheyrir handritasafni Jóns Sigurðssonar forseta. Undir safnmarkinu eru tveir handritaböggjar með ýmsum ósamstæðum handritum frá mismunandi tímum. Handritin eru skrifuð af ýmsum á 18. og 19. öld og hafa flest að geyma kveðskap af ýmsu tagi, margt eftir nafngreinda höfundu. Ljóðabréfið er í böggli sem merktur er JS 237 8vo b og er skrifað á sjö blöð sem eru saumuð saman í kver. Ómögulegt er að segja til um hvort hér er um eiginhandarrit að ræða. Höfundur er ekki getið í handritaskrá og ekki eru þar heldur upplýsingar um hvernig bréfið komst í hendur Jóns Sigurðssonar.⁹ Á nokkur handrit í bögglinum hefur Jón skrifað hvaðan hann fékk þau og hvenær, en svo virðist sem í böggulinn hafi verið safnað handritum sem Jón hefur eignast á ýmsum tímum úr ýmsum áttum.

Höfundur ljóðabréfsins er Solveig Eiríksdóttir (1805–1843) dóttir Eiríks Jónssonar bónda á Naustum á Höfðaströnd og konu hans Jörunnar Pétursdóttur. Eiríkur drukknaði á Skagafirði 24. desember

⁶ Bréfið er birt hjá Jóni Þorkelssyni (1888:388–389).

⁷ Góð dæmi um misjafnlega persónuleg ljóðabréf má til dæmis finna hjá Jóni Árnasyni (1879:61–144).

⁸ Páll Valsson (1996: 395–396).

⁹ Páll Eggert Ólason (1927:663–664).

1817. Jórunn (d. 12. mars 1825) var dóttir Péturs Egilssonar bónda á Ljótstöðum á Höfðaströnd og konu hans Guðrúnar Ólafsdóttur bryta á Bakka í Viðvíkursveit, Jónssonar. Solveig Eiríksdóttir giftist Jóni Péturssyni (1811–1860) um 1832 og bjuggu þau á Óslandi í Óslandshlíð 1833–1835 og síðan á Krossi í sömu sveit þar til Solveig lést árið 1843. Solveig ólst upp hjá foreldrum sínum á Naustum en varð síðan vinnukona hjá Nielsi Havsteen kaupmanni í Hofsósi.¹⁰ Í *Sögu frá Skagfirðingum* er sagt svo frá:

Þá var höndlan allgóð, og höfðu fengizt peningar miklir út hingað, enda hafði Niels Havsteen haft mikinn hag á kaupum. Hann átti Ólöfu dóttur Sigfúsar Bergmanns og Guðrúnar Aradóttur, systur Þorsteins í Höfða. Sú eldaberna var með þeim, er Solveig hét Eiríksdóttir, systir Nausta-Gvöndar. Hún varð þunguð, og var mælt, að Ólöf hefði heitið Niels Havsteen að skilja við hann, ef hann gengist undir. Þá bjó á Óslandi Pétur son Jóns Þorvaldssonar [prests í Hvammi]; Jón hét sonur hans og lítt efnilegur. [Móðir hans var Steinunn, laundóttir Þórarins prests á Tjörn í Svarfaðardal, Sigfússonar prests í Felli, og vissu þeir, sem kunnugir voru, að Niels hafði haft kynni af henni fyrrum, þegar þau voru ógift bæði.] Vildi [nú] Niels, að hann [Jón Pétursson] fengi Solveigar, en lítt var henni það að skapi. Jón gekk að því, en vildi láta bíða vors. Það vildi Niels Havsteen ei láta eftir, en bauð að leggja mikið til [með] henni og barni hennar, 50 dali til brúðkaups og 100 speciur, svo að barninu mátti að forlagi verða til 16da árs, og fór brúðkaupið fram [en lítið unni Solveig Jóni].¹¹

Hans Pétur Jónsson (1832–1904) var hafnsögumaður í Hansbúð á Siglufirði 1901, ókvæntur. Auk hans og Jónasar, sem Solveig nefnir í bréfinu, eru talin tvö börn hennar og Jóns, Steinunn og Þórarinn sem bæði létust á fyrsta ári.¹²

Bréfið skrifar Solveig systur sinni eins og sést á ávarpsorðum í upphafsvísunni en hún átti tvær systur, þær Guðrúnu og Arnfríði. Guðrún var fædd um 1790 og var því um fimmtán árum eldri en Solveig og komin í fóstur til hjónanna Sigurðar Andréssonar og Guðrúnar Gísladóttur í Ártúni á Höfðaströnd áður en Solveig fæddist. Hún var vinnu-

¹⁰ *Skagfirzkar æviskrár* III (1981–1999:131–132).

¹¹ Jón Espólín, Einar Bjarnason III (1976–1979:14–15).

¹² *Skagfirzkar æviskrár* III (1981–1999:132).

kona hjá sömu hjónum á Nýlendi á Höfðaströnd 1816 og giftist árið eftir Stefáni Þorbergssyni vinnumanni á sama stað. Þau bjuggu á ýmsum bæjum í Skagafirði en síðast í Hvammkoti á Höfðaströnd og þar lést Guðrún árið 1853.¹³ Árið 1833 bjuggu Guðrún og Stefán á Nýlendi og Solveig getur því varla hafa verið að skrifa Guðrúnu sem hlýtur að hafa heyrt fréttirnar jafnt og systir hennar á Óslandi.¹⁴

Yngri systir Solveigar, Arnfríður, var fædd árið 1810 á Naustum. Árið 1816 er Arnfríður skráð sem niðursetningur á Hofi á Höfðaströnd.¹⁵ Árið 1832 fluttist hún frá Hofsósi að Þúfum í Óslandshlíð og átti þá eitt barn í lausaleik.¹⁶ Ekki er hægt að segja til um með vissu hvar Arnfríður var þegar Solveig skrifaði henni bréfið seint á árinu 1833. Arnfríður giftist Ólafi Jónassyni (1810–1866) 2. nóvember 1840 en þá áttu þau þegar saman rúmlega ársgamla dóttur, Sigurlaugu, sem fædd var 14. september 1839. Ólafur var sonur Jónasar Jónssonar prests á Höfða í Höfðahverfi frá 1803 til 1840 er hann tók við prestskap í Reykholti í Borgarfirði. Þangað fóru einnig Arnfríður og Ólafur og voru vinnuhjú í Reykholti þar til þau hófu búskap á Skáney í Reykholtssdal árið 1845. Þau bjuggu á Skáney í tvö ár en síðan á Norðurreykjum í Hálsasveit og eignuðust sjö börn til viðbótar þótt ekki hafi þau öll komist upp. Arnfríður lést 1862.¹⁷ Ekki þykir mér ólíklegt að Arnfríður hafi farið í vinnumennsku norður að Höfða til prestshjónanna 1833 en séra Jónas og Jórunn, móðir Arnfríðar og Solveigar voru systrabörn.¹⁸ Hvort sem sú tilgáta er rétt eða ekki má af bréfinu ráða að Arnfríður hafi farið úr Skagafirði þá um vorið.

Eins og algengt er um ljóðabréf er bréf Solveigar byggt upp eins og búast mætti við af sendibréfi í óbundnu máli. Hún byrjar á að heilsa systur sinni og óska þess að allt sé nú gott af henni að fréttu og segir

¹³ *Skagfirzkar æviskrár* III (1981–1999:226–227).

¹⁴ Þess má geta að dóttir Guðrúnar var í Kaupmannahöfn og kynntist Jóni Sigurðssyni. Þetta var Engilráð Stefánsdóttir eiginkona Halls Ásgrímssonar, sem var verslunarstjóri á Grænlandi og seinna fyrsti kaupmaðurinn á Sauðárkróki (sjá þátt um Hall hjá Kristmundi Bjarnasyni I (1969–1973:100–108)). Engar vísbendingar eru þó um að Jón Sigurðsson hafi fengið bréfið hjá Engilráð og verður það að teljast heldur langsótt.

¹⁵ *Mannatal á Íslandi 1816 V* (1947–1974:872).

¹⁶ Gísli Þór Ólafsson á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga kom mér á sporið í leit minni að upplýsingum um Arnfríði.

¹⁷ *Borgfirzkar æviskrár* VIII (1991:221–212); Páll Eggert Ólason III (1948–1952:337–338).

¹⁸ Margrét móðir Jónasar og Guðrún móðir Jórunnar voru dætur Ólafs Jónssonar bryta og bartskera á Bakka í Viðvíkursveit. Bróðir þeirra var Þorkell faðir Kristínar á Bjarnastöðum í Unadal, en Solveig segir frá láti hennar í bréfinu.

síðan fréttir af sjálfri sér og nánustu fjölskyldu. Þá taka við almenn tíðindi af búskapnum og lífsviðurverinu, svo sem heyskap, fuglaveiði við Drangey, hákarla- og fiskveiði. Allt kemur þetta vel heim og saman við það sem fram kemur í *Annál níjándu aldar* þar sem sagt er að vel hafi heyjast nyrðra og að fiskafli hafi verið betri þar en syðra. Þar kemur þó fram að fuglaafli við Drangey hafi verið í minna lagi.¹⁹ Solveig segir síðan frá verslun í Hofsósi og gleðst yfir batnandi verslunarháttum þar. Í beinu framhaldi segir hún frá giftingum og barneignum í héraðinu sem verða þrátt fyrir að jarðnæðið skorti. Fréttir Solveigar af því að bændur bæði í Sléttuhlíð og Húnaþingi hafi orðið fyrir fjárskaða staðfestast í *Sögu frá Skagfirðingum* þar sem sagt er frá því að „frá Árbakka og Vindhæli á Skagaströnd hraktist í sjó og fentti nær 200 fjár“ þann 14. október 1833 og 21. desember „hrakti líka fé í sjó úr Sléttuhlíð“.²⁰ Í *Annál níjándu aldar* er aðeins sagt að haustið hafi verið „vindasamt og hart frá í október“ og „vetur snjó- og frostasamur til ársloka“.²¹ Eftir lýsingu Solveigar á þessu slæma tíðarfari og sköðum sem orðið hafa þess vegna segir hún frá öðrum dauðsföllum. Hún endar bréfið á góðum óskum til systur sinnar, en í síðustu vísunum kemur fram nafn hennar, ásamt því hvar og hvenær ljóðabréfið er ort. Bréfið er nokkuð lipurlega ort og oftast eru fréttirnar auðskiljanlegar. Þó kemur fyrir í viðkvæmum málum að Solveig tali þannig að ekki er hægt að skilja hvað hún á við nema þekja til. Sem dæmi má nefna að ekki hefur tekist að ráða í hver það var sem Solveig ætlaði að biðja fyrir bréfið til Arnfríðar.

Við uppskrift bréfsins sem hér fer á eftir er stafsetning samræmd og aðeins leiðréttar augljósar villur. Þær leiðréttingar eru auðkenndar með oddklofum og sagt frá þeim í athugasemdum. Þegar eldri stafsetning skiptir máli vegna ríms er hún látin halda sér. Upplýsingar um fólk og atburði sem sagt er frá í bréfinu eru fengnar úr ýmsum áttum. Mest er stuðst við *Skagfirzkar æviskrár. Tímabilið 1850–1890, Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781–1958, Manntal á Íslandi 1816* og *Íslendingabók* auk þess sem Gísli Þór Ólafsson starfsmaður á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga fletti upp í gögnum safnsins. Færi ég honum bestu þakkir fyrir hjálpinu. Skýringar neðanmáls eru samsettar úr þessum heimildum og þeirra ekki getið, en þar sem aðrar heimildir eru notaðar, annað hvort eingöngu eða með þeim áðurtöldu, er vísað til þeirra.

¹⁹ Pétur Guðmundsson II (1912–1954:35–36).

²⁰ Jón Espólin, Einar Bjarnason III (1976–1979:33).

²¹ Pétur Guðmundsson II (1912–1954:35).

Ljóðabréf

Sæl og blessuð, systir góð,
sértu ævinlega.
Óska eg þess af innstu lóð,
allt þig hressi, *baugaslóð*.

Stundir allar hrepptu hýr
hylli guðs og manna,
frjáls af galla fremda skýr,
Fofnirs valla þiljan dýr.

Kveðju vanda vel sem ber
vill minn *hyrjar gustur*,
uppheims landa öðling hér
yndis standið veiti þér.

Kóng englanna best eg bið,
böl svo ekki grandí,
veita svanna líkn og lið
um líf stundanna takmarkið.

Fel þitt ráð og fjörið allt
frelsaranum þjóða
hans því náð þér vel ávallt
verður tjáð sem reyna skalt.

Við þann treystum eflaust á
allt sem kann að veita,

baugaslóð: kona
Fofnirs valla þilja: kona
hyrjar gustur: hugur
uppheims landa öðlingur: guð

hvor með hreysti hörmum frá
heiminn leysti og dauðans þrá.

Okkur ræður allt í hag,
okkur stirt þó falli,
okkur mæðir einn um dag,
okkur klæðir best í lag.

Sína reynir hér í heim,
hann með ýmsum móti,
böls þó meina bætir keim
með blíðu óseina flytur heim.

Mér í sinni fæ eg fest,
fljóð ef kæta mætti,
stiklu spinna vik þó verst,
verða kynni og lýta mest.

Mig þér segja fýsir frá
frétta léttu efni,
svars um vegi seggjum hjá
sem er þeygi tregt að fá.

Tals um vega tjái þér
tyggi prísist *hæða*,
bærilega líður mér,
laus frá trega nú sem er.

Artin dafnar auðnunnar,
átti eg son fyrir stuttu,

tyggi hæða: guð

færði í safnið fjölgunar,
fékk sá nafnið Jónasar.²²

Hér er Pétur *hlýri* þinn
hjá honum Stephenssyni
nú í vetur vistráðinn,
vex þeim betur heiðurinn.²³

Mínum líður eins nú enn
og þá fórstu héðan,
bætir stríð og báginden
bestur *lýða græðarenn*.

Þundar svanni blóma bar
besta í meðallagi,
heyið manna hér og hvar
heims í ranni mikið var.

Vorsins blíða veittist þjóð
vetur eftir líðinn,
hratt frá kvíða, hryggð og mód
heytatíðin nota góð.

Fuglinn veiddu fleins runnar
fram við eyju Dranga,
vel til reiddu víða hvar
vöðum breiddur skeiðarnar.

—————
hlýri: bróðir
lýða græðari: guð
þundar svanni: jörð
vöðum breiddar skeiðar: skip

Bægsla drjónum bráðheppner,
best sem orku neyttu,
út með sjónum eyddu hér
á *öldu ljónum beimarnar*.

Þorskinnt drógu þrátt úr mar
þundar vatna funa,
keyrðu um *móa keilunnar*,
kepptu þó til lendingar.

Mengið kætti björgin best
bæði fjærri og nærri,
úr sá rætti bjargarbrest
barna er gætti sinna mest.

Hlið á *svana* í hörðum byl,
hlaðin allskyns vörum,
létu gana *flóða fyl*,
flokkar Dana landsins til.

Um *flyðru traðir flóðdýrin*
fögur þrjú með ýta
sigldu hlaðin öll hér inn
einn í stað með varninginn.

—————
bægsla drjóni: (líklega) hákarl
öldu ljón: skip; *beimar*: menn
þundar vatna funa: menn
mói keilunnar: sjór
mengi: fólk
hlið svana: sjór
flóða fyl: skip
flyðru traðir: sjór
flóðdýr: skip

²² Jónas Jónsson (1833–1863) sonur Solveigar, var vinnumaður í Bæ á Höfðaströnd 1855, á Grund í Höfðahverfi 1860 og síðan í Keflavík í Fjörðum. Ókvæntur og barnlaus.

²³ Pétur Eiríksson (1806–1837) bróðir Solveigar hefur líklega verið ráðinn hjá Guðbrandi Stefánssyni (Stephensen), sem nefndur er aftur seinna í bréfinu, verslunarstjóra við Nissonsverslun í Hofsósi. Pétur drukknaði í Grafararósi í maí 1837. (Jón Espólin, Einar Bjarnason III (1976–1979:73)).

Hofsóss festu höfnum á
hraustir *viðir branda*
mastra hesta þessa þrjá
þjóð hér *hlessta* mátti sjá.

Eyða fóru *andir trés*,
auðinn færðu að landi,
að því vóru á *unni hlés*
orku stóru *runnar fés*.

Af því mesti arður stár,
öld sem höndlað getur,
varningslest og föngin fjár,
fólk ei brestur nú í ár.

Nyssen bætti höndlan hér,²⁴
hús eitt grundvallaði,
mengi kætti og enn sem er,
öld það mætti nota sér.

Höndla þarf og hér settur
hinn þá burtu reisti

—————
viðir branda: menn
mastra hestar: skip
hlestir: hlaðnir
andir trés: (líklega) bátar
unmur hlés: sjávaralda
runnar fés: menn
öld: fólk

í menntastarfi stórvitur,
Stephens arfi Guðbrandur.²⁵

Glaður, dyggur, hægur, hýr,
hér sig tjáir þanninn,
vinum tryggur, skarpur, skýr
skjóma yggur lastið flýr.

Kauphöndlanin gafst hér góð,
græddu höfðingjarnir,
jórar flana lands um lóð
að *linda* ⟨*Manar*⟩ en kættist þjóð.

Hrundu móði meyjarnar,
mestu gleði neyttu,
æddu fljóðin alstaðar
efna góð til höndlunar.

Dýrmæt klæði, klenódí,
klúta og allt hið besta,
keyptu bæði og fengu frí
fljóð sem træðu skipin í.

Bæði korn og búsföngin
bændur taka náðu,

—————
skjóma yggur: maður
⟨*Manar*⟩ leiðr. fyrir *mana*
lindi Manar: sjór

²⁴ C. M. Nisson, danskur kaupmaður hóf lausaverslun í Hofsósi árið 1831 og bætti vöruverð mjög. Árið 1833 kom hann síðan upp fastaverslun þar með líðsinni þeirra Bjarna riddara Sívertsen og Sörens Jacobsen í Höfðakaupstað. Eigendur Havsteensverslunar voru ekki ánægðir með samkeppnina og gátu stuggað við Nisson sem hóf að versla í Grafarósi árið 1835. (Jón Espóllín, Einar Bjarnason III (1976–1979:20–21, 49–50); Kristmundur Bjarnason I (1969–1973:37)).

²⁵ Guðbrandur Stefánsson (Stephensen) (1786–1857) var fyrsti verslunarstjóri Nissons í Hofsósi, en reisti síðan smiðju í Grafarósi og lifði af smíðum sínum. FóR til Kaupmannahafnar 1844 og bjó síðar í Reykjavík. Hann varð þjóðkunnur fyrir að finna upp og smíða ýmis jarðyrkjuverkfæri, svo sem undirristuspaðann. (Kristmundur Bjarnason I (1987–1989:275–276); Páll Eggert Ólason II (1948–1952: 113)).

sem til forna er siðurinn,
sukkið horna og matvælin.

Auðnan stiptar yndislig
eðlis stofninn bragna,
mörg hér giftir sveitin sig,
sorg frá lyftir þanka stig.

Úti í Gröf er yngri Jón,
Ingibjörgu giftur,
minnst var töf, að margra sjón,
á morgungjöf af *þjassa tón*.

Medalú mæt sem var,
mær til giftu launa,
og dætur fríu freyjunnar
fékk 60 til eignar.

Mörg hefur fyrir minna tap
mærin sinni kyku,
ef þú spyr, þó hafi haft
í *hærubyri* fullan kraft.

Þeygi hljótt og þýðlega
þessum yndi veitti,
fjörð með þrótt og fallega,
fæddi dóttur nýlega.

sukk horna: drykkur (brennivín)
þjassa tón: gull
hærubyri: hugur

Fólks í safnið flutt inn var
frjáls með skírnar krafti
hrundin dafnar *hlésglóðar*,
hún fékk nafnið Sigríðar.²⁶

Hringasól er sá giftur,
Sigríði Ketilsdóttur,
á Stafshóli Ólafur
ofnurs bóla týr frægur.²⁷

Brim frá nesi *baugs* var *rein*,
barn sem ól fyrir stuttu,
máls þá les ei meir um grein,
mæðar pésa sögn óhreina.

Í haust giftist Ólafur
á Dýrfinnastöðum,
angri sviftur aldraður,
innir skrift, og velríkur.

Dóttur líka sína sá
sínnum vinnumanni
gifti ríka og gjörði að fá
góins brik og *handar snjá*.

Virðing sögð er varla dvín
veittist kátu mengi,

hrund hlésglóðar: stúlka
hringasól: kona
ofnurs bóla týr: maður
baugs rein: kona
góins brik: kona
handar snjár: silfur

²⁶ Jón Jónsson og Ingibjörg Jónsdóttir voru skráð vinnuhjú í Gröf á Höfðaströnd þegar þau gengu í hjónaband 27. september 1833. Þau eignuðust dótturina Sigríði þann 31. október sama ár.

²⁷ Ólafur Símonarson (1810–1862) fæddist á Möðruvöllum í Héðinsfirði, en fluttist með foreldrum sínum að Stafshóli 1831. Hann kvæntist Sigríði Ketilsdóttur (1797–1860) árið 1833 og sama ár eignuðust þau dótturina Salome sem lést tveimur árum seinna.

hófin lögðu saman sín,
með sæmdabrögð og hótin sín.²⁸

kenndu ei rjóðir *kvistir fleins*
kælu hríði(r) fleiri eins.²⁹

Fróns um vegi *fyrða grú*
festir hjóna bandið,
veit eg eigi þekkir þú
þó af segi fleirum nú.

Sumt af fénu í sjóinn dreif
svelnir bráður húsa,
út í fen og elfur þreif,
með afli óklénu, dautt svo bleif.

Gjafir með og *mundar snjá*
margir hýrga fljóðin,
leika beði líka á,
lifnar geðið snótum hjá.

Kári skemmdi hús og hey,
helst í Siglufirði,
víða hremmdi fé og fley,
fönn á dembdi *þundar mey*.

Frekt nú þjáir *fyrða lið*
flestu öðru meira,
una má við einlífið
því illt er að fá hér jarðnæðið.

Fór upp glaður fjalls á leið,
fjarðanna á milli,
enti hraður æviskeið
ungur maður, fékk sá deyd.³⁰

Sveit óglaða setja réð
seint á liðnu hausti,
hreppti skaða, fennti féð,
í Felli er það og Hrauni skeð.

Frekt má heyra fjártapeð
frá þeim Húnvetningum,
öllu meira er þar skeð,
álfar geira misstu féð.

Á Róðhól bæði og Bræðrá eins
bar til efni sama,

kvistir fleins: menn

(r) leiðrétt fyrir *n*

svelnir húsa: vindur

þundar mey: jörð

álfar geira: menn

fyrða grú: mannfjöldi
mundar snjár: silfur
fyrða lið: fólk

²⁸ Ólafur Þorleifsson (um 1767–1846) bóndi á Dýrfinnustöðum frá 1802 kvæntist Raket Stefánsdóttur (1802–1863) árið 1833. Fyrri kona Ólafs var Kristín Sigurðardóttir er lést 1830, 61 árs. Eldri dóttir Ólafs af fyrra hjónabandi, Ingibjörg (f. um 1794) giftist Þorsteini Sigfússyni og bjuggu þau á Dýrfinnustöðum þar til Þorsteinn lést árið 1846, 44 ára.

²⁹ Árið 1833 bjuggu Jón Einarsson og Guðrún Bergsdóttir í Felli í Sléttuhlíð, Jón Þórðarson og Margrét Bjarnadóttir á Hrauni, Björn Björnsson og Soffía Erlendsdóttir á Róðhóli og Jón Hinriksson og Sólveig Jónsdóttir á Bræðrá.

³⁰ Sigurður Stefánsson vinnumaður frá Vatnsenda í Héðinsfirði varð úti á Hests-skarði (á milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar) 20. október 1833 (Pétur Guðmundsson (1912–1954:II, 42)).

Hríðin undruð heita má,
húsa tröllíð grimma,
 tvö nær hundruð tveimur hjá
tjörgu lundum fleygði í sjá.

Allt nam reka öðrum frá
 á Þingeyrasandi,
 skaða freka meinið má,
 mengið seka lengi þjá.

Hins hér tjáða *fleygirs fés*,
 frá því skýrir mengi,
 hríðin bráða *flóðs* um *fles*
 flytja gáði Vatns á nes.

Heyjum bæði og húsum af
 húð nam fletta Kári,
 ekki næði görpum gaf,
 grimmt með æði um storð og haf.

Það af *bana orma* er
 órólegt má kalla,
 stíft fram gana stormarner
 um *strindi svana* og frónið hér.

húsa tröll: vindur
tjörgu lundar: menn
fleygir fés: maður
flóð fles: sjór
bani orma: vetur
strindi svana: sjór

Björn, sem lengi var í Vík,
 vellauðugur maður,
 auð frá genginn, lagðist lík,
 lénast mengi venjan slík.³¹

Sálaðist rekkur Sæmundur,
 sá frá Lambanesi,
 ýtum þekkur, of djarfur
 ísinn gekk sem datt niður.³²

Eg hér *borða eyju* frá
 inni rétt sem skeði,
 dauða forðað fékk ei sá
fleygir korða er stóð þar hjá.

Heljar auða kraup í krá
 Kristín Bjarnastaða,³³
 frjáls af dauða fagna má
 við frelsarans rauða *benja lá*.

Frí við kala, þraut og þrá,
 þessi er *bauga gerður*,
uppheims sala öðling hjá
 una skal í vegsemd há.

Alinn Bjarna Ólafur,
 á var lengi Höfða,

borða eyja: kona
fleygir korða: maður
benja lá: blóð
bauga gerður: kona
uppheims sala öðlingur: guð

³¹ Björn Þorkelsson (f. um 1753) bóndi í Vík í Héðinsfirði lést 1833. Björn bjó á ýmsum bæjum á Svalbarðsströnd og Látraströnd 1786–1807 og síðan í Vík. (Júlíus Jóhannesson (1964:253)).

³² Sæmundur Sæmundsson bóndi á Lambanesi í Fljótum drukknadi ofan um ís á Miklavatni 2. nóvember 1833. (Jón Espólín, Einar Bjarnason (1976–1979:III, 44)).

³³ Kristín Þorkelsdóttir (um 1766–1833) húsfreyja á Bjarnastöðum í Unadal. Eiginmaður Kristínar var Ásmundur Jónsson (um 1766–1826), sonur Jóns Ásmundssonar bónda á Þönglaskála á Höfðaströnd.

hann er þarna heim fluttur
til herrans barna og greftraður.³⁴

Testamentað fékk sitt fé
frægur ekta kvinnu,
henni lént eg hygg að sé
happ óklént og fjárafle.

Kann ei mýkja þraut né þrá
þó menn safni auði,
allir víkja eignum frá,
eins hinn ríki og snauði má.

Einn er lengi auðnu við,
annar fæðist beimur,
þriðji drengur fargar frið,
fjórði gengur hels á mið.

Öl hér bíði *ónarpels*,
ævi tíðir bestu
gefi *hlíði Gróttu mels*
gylfi blíði *fagra hvels*.

Lukkan dafni best sem ber,
blómgist yndis hagar,
röðuls hafna röstin hér,
ræðu safnið falið er.

Þessi ljóta ljóðaskrá
lýtin flestu hefur,

—
öl ónarpels: skáldskapur
hlíð Gróttu mels: kona
gylfi fagra hvels: guð
röðuls hafna röst: kona

lát ei *spjóta lunda* þá
lesa hót né skoða fá.

Mín er lyst að línurnar,
loks þá endað hefi,
beri Kristír Bliss mundar
bauga rist í hendurnar.

Uppheims landa sjóli sá,
sem allt gott má veita,
sorg og vanda svifti frá
selju banda þels úr krá.

Bið eg, *hlíðin hlésglóðar*,
hjartans elskulega,
lénist blíða lukkunnar
lífs um tíða stundirnar.

Þín frábæra elskan er
auðsýnd marga vega,
systir kæra, því skal þér
þakkir færa nú sem ber.

Fylkir hæða fel eg þig
fjörs um *tíðir* allar,
lífsins gæða stefndu stig,
storðin klæða þægilig.

—
spjóta lunda: menn
bauga rist: kona
uppheims landa sjóli: guð
selja banda: kona; *þels krá*: hugur
hlíð hlésglóðar: kona
fylkir hæða: guð
fjörs tíðir: ævi
storð klæða: kona

³⁴ Ólafur Bjarnason vinnumaður á Höfða á Höfðaströnd lést 11. nóvember 1833 á 65. aldursári.

Eftir dauða dýrðar hnoss
Drottins upp hjá stóli
farðu, ótrauða *hringa hnoss*,
hans fyrir rauða *benja foss*.

Drottinn tér af desember
daga þrenna tíu,
seimgrund þér það sanna hér,
segja ber og trúðu mér.

Tjáir hundruð átján öld,
ellefu þrisvar betur,
að ber stund og ævikvöld,
angurs lundin þverrar köld.

Solveig heitir systir þín,
sem á landi Ósa,
bús við streitir brögðin fín,
ber þér veita *þundar vín*.

Finis

hringa hnoss: kona
benja foss: blóð

seimgrund: kona
þundar vín: skáldskapur

HEIMILDIR:

- Borgfirzkar æviskrár VIII*. 1991. Sögufélag Borgarfjarðar, Akranesi.
- Bjarni Gissurarson. 1960. *Sólarsýn. Kvæði*. Jón M. Samsonarson sá um útgáfuna. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. 1983. Jakob Benediktsson ritstýrði. Mál og menning, Reykjavík.
- Íslendingabók* www.islendingabok.is. Skoðað í ágúst 2006.
- Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781–1958 I–IV*. 1949–1959. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki.
- Jón Árnason. 1879. *Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Viðimýri*. Útg. Ólafur Bjarnarson. B. M. Stephánsson, Akureyri.
- Jón Espólín, Einar Bjarnason. 1976–1979. *Saga frá Skagfirðingum 1685–1847 I–IV*. Umsjón höfðu með útgáfunni: Kristmundur Bjarnason, Hannes Pétursson, Ögmundur Helgason. Iðunn, Reykjavík.
- Jón Þorkelsson. 1888. *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede*. Andr. Fred. Høst & Søns Forlag, København.
- Júlíus Jóhannesson. 1964. *Svalbarðsstrandarbók*. Svalbarðsstrandarhreppur, Akureyri.
- Kristmundur Bjarnason. 1969–1973. *Saga Sauðárkróks I–III*. Sauðárkrókskaupstaður, Sauðárkróki.
- Kristmundur Bjarnason. 1987–1989. *Sýslunefndarsaga Skagfirðinga I–II*. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, Akureyri.
- Mannatal á Íslandi 1816 I–VI*. 1947–1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

- Páll Eggert Ólason. 1948–1952. *Íslenzkar æviskrár. Frá landnámstímum til ársloka 1940* I–V. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Páll Eggert Ólason. 1927. *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins* II. Landsbókasafn Íslands, Reykjavík.
- Páll Valsson. 1996. „Tími þjóðskáldanna.“ Halldór Guðmundsson (ritstjóri): *Íslensk bókmenntasaga* III, bls. 341–405. Mál og menning, Reykjavík.
- Pétur Guðmundsson. 1912–1954. *Annáll níttjándu aldar* I–IV. Hallgrímur Pétursson o.fl., Akureyri.
- Skagfirzkar æviskrár. Tímabilið 1850–1890* I–VII. 1981–1999. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki.
- Stefán Ólafsson. 1885–1886. *Kvæði* I–II. Útg. Jón Þorkelsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.
- Sverrir Tómasson. 1965. *Kveðskapur Páls Jónssonar*. Óprentuð lokaritgerð (f. hl. próf) í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands.

Hjörtur Marteinson

„Gullbjartar titra gáru blárra unna“

Þróun sonnettuformsins frá Jónasi
Hallgrímssyni fram til ársins 1919¹

I Aðfari

1.1 „Nú andar suðrið sæla vindum þýðum“

Ljóð Jónasar Hallgrímssonar *Ég bið að heilsa* markaði ekki aðeins tímamót í skáldskap hans sjálfs, heldur og í íslenskum bókmenntum. Þar var á ferðinni fyrsta sonnettan sem ort hafði verið á íslensku eftir því sem næst verður komist.² Hvað sem því líður þá sór Jónas Hallgrímsson sig með sonnettu sinni í anda sex alda gamallar skáldskaparhefðar sem upprunnin var á Suður-Ítalíu á fyrri hluta 13. aldar.

13. öldin og sú sem í kjölfarið fylgdi var mikill blómatími í sögu ítalskrar menningar. Áður en öldin var á enda runnin má rekja bóklegar heimildir um allt að 1000 sonnettur, sem flestar voru ortar á ítölsku eða einhverri mállýsku hennar.³ Þessi gróska náði líklega hvað hæstu hæðum í skáldskap þeirra Dante Alighieri (1265–1321) og Francesco Petrarca (1304–74), sem báðir ortu í anda þeirrar hefðar, sem fyrirrennarar þeirra á skáldabekk höfðu skapað og mótað. Það varð síðan hlutskipti Petrarca – á líkan hátt og Jónasar Hallgrímssonar héraendis – að festa sonnettuna í sessi sem ljóðrænt ástarkvæði.

Frá Ítalíu barst sonnettan síðan út til annarra landa Evrópu. Athyglisvert er að það gerist hins vegar ekki fyrir en einni og hálfri öld eftir dauða Petrarca. Þannig festir sonnettan rætur á Spáni um miðja 15. öldina; til Bretlandseyja og Frakklands berst hún í upphafi 16. aldar og á Þýskalandi nemur sonnettan land snemma á 17. öld þaðan sem hún berst til Norðurlanda. Sonnettan naut alls staðar mikillar hylli í þessum löndum enda þótt dregið hafi úr vinsældum hennar á

¹ Grein þessi er unnin upp úr hluta MA-ritgerðar minnar frá H.Í. vorið 1996.

² Sjá Jón Helgason (1959:27).

³ Sjá Spiller, Michael R.G. (1992:1).

tíma upplýsingarinnar í Evrópu. Hins vegar flutti rómantíska stefnan með sér endurvakinn áhuga á hinu klassíska, háleita og fagra og jafnhliða honum gekk sonnettan í endurnýjun lífdaga. En áhugi skálda á ljóðformi sonnettunnar var þó ekki einvörðungu tengdur tíma rómantíkurinnar. Segja má að flest nafnkunnustu skáld í Evrópu hafi ort sonnettur. Nægir þar að nefna skáld eins og Shakespeare, Spenser, Wordsworth og Milton á Englandi; Goethe, Schlegel og Schelling í Þýskalandi; í Frakklandi Ronsard og sýmbólistanna Baudelaire, Verlaine og fleiri og á Spáni Lope de Vega, svo fáir séu nefndir. Í Danmörku kvað helst að skáldunum Schack Staffeldt, Frederik Paludan-Müller og Sophus Claussen. Líklega hefur Jónas Hallgrímsson kynnst ljóðformi sonnettunnar í ljóðum danskra og einnig þýskra skálda.

Fullyrða má að sonnettan hafi – allt frá því að hún leit dagsins ljós suður á Ítalíu – skipað sérstæðan sess á fjölskrúðugum akri bragfræðinnar og ekki örgrannt um að ákveðinn ljómi hafi alla tíð leikið um nafn hennar. Umfram önnur bragform má nefnilega halda því fram með nokkrum rétti að sonnettan sé í reynd *ákveðið ljóðform eða kveðskapargrein fremur en bragarháttur*.

Þegar mið er tekið af hinni ítölsku frumhefð Petrarca blasa í fyrsta lagi við *braglínurnar fjórtán* sem hver um sig er jafnan ýmist 10 eða 11 atkvæði. Hinar fjórtán braglínur hafa löngum þótt sterkasta kenni-mark sonnettunnar á pappírnum enda þótt skáldin hafi, er leið á aldirnar, ýmist stytt eða aukið við þær ásamt öðrum tilraunum á formi sonnettunnar. Í annan stað einkenndist sonnettan í upphaflegri gerð sinni og reyndar lengi framan af öldum af *fimm bragliðum* í hverri braglínu og að síðustu mætti nefna *rímskipanina* sem Petrarca festi í sessi á forminu ABBA / ABBA / CDE / CDE. Það væri hins vegar að æra óstöðugan að telja upp öll þau afbrigði rímskipunar sem komið hafa fram í sonnettum skálda í gegnum tíðina.

Eins og áður sagði gekk sonnetta í gegnum ýmsar breytingar og þróun er hún barst til annarra landa Evrópu. Þar vegur þýngst sú breyting sonnettuformsins á Englandi fyrir daga rómantíkurinnar sem kennd hefur verið við Shakespeare, Spenser og Milton. Í Frakklandi hafði ríkjandi bragarháttur alexandrínunnar þau áhrif að bragliðir franskra sonnettunnar urðu sex en ekki fimm og þannig barst sonnettan Þjóðverjum í upphafi þótt þýsk skáld hafi síðar lagað form hennar að ítölsku hefðinni.

Það sem nú hefur verið tíundað ætti að minna á það hversu erfitt

er í raun að ráða í það hvenær um er að ræða hefðbundna sonnettu eða afbrigði hennar. Þó er þar eitt atriði sem getur orðið að liði í leitinni að hinu hreina viðmiði. Þar er átt við hina *skilyrðislausu kröfu sem fólst í formi sonnettunnar, um hnitmiðun hugsunarinnar sem aftur endurspegladist í hinni tvískiptu byggingu hennar.*

Fullyrða má að þetta hafi alla tíð verið ríkasta einkenni sonnettunnar á þeim sjö öldum sem liðnar eru frá upphafi hennar. Einu hefur mátt gilda hvort skáldin hafi kosið að fækka og/eða auka við bragliðum og braglínnum sonnettunnar eða kynna til sögunnar sífellt ný tillbrigði við rímskipan hennar. Að baki þessum breytingum hefur ávallt búið krafan um nán tengsl hrynjandi og ríms við efni ljóðsins og þá hugsun sem þar er leidd til lykta.

1.2 „Og flykkjast heim að fögru landi Ísa“

Allt frá því að andvarinn í ljóðinu *Ég bið að heilsa* hvíslaði ástarorðum Jónasar Hallgrímssonar til fósturjarðarinnar og stúlkunnar heima í dalnum hafa þau þótt bera vott um friðinn og fögnuðinn sem bjó í brjósti skáldsins þá stund þegar kvæðið var ort. Viðtökurnar, sem þetta ljóð Jónasar hlaut, voru allar á einn veg: Snilld þessa manns varð ekki í efa dregin. Ætla hefði mátt að í kjölfarið myndu fylgja fleiri ljóð Jónasar í hinum sama stíl en það átti ekki fyrir honum að liggja. Þann tíma, sem hann átti eftir ólífadan, orti hann aðeins eina sonnettu til viðbótar, *Svo rís um aldir árið hvurt um sig*. Mestu skipti þó að sonnettan hafði fyrir tilstuðlan Jónasar Hallgrímssonar fest rætur í íslenskum bókmenntum.

Fljótlega eftir dauða Jónasar fer að bera á því að önnur íslensk skáld fari að fást við þetta fornhelga ljóðform og augljóst má vera af þeim tilraunum að sonnettur Jónasar, *Ég bið að heilsa* og *Svo rís um aldir árið hvurt um sig* urðu skáldunum nokkurs konar fyrirmyndir í meðferð og efnistöfum sonnettuformsins.

Nánast öll nafnkunnustu skáld 19. aldarinnar á Íslandi ortu sonnettur ef undan er skilinn Grímur Thomsen. Samt varð sonnettan aldrei að eftirlætishætti íslenskra skálda á 19. öld. Flest yrkja þau fáar sonnettur og sýnt þykir að aðrir bragarhættir urðu þeim notadrýgri. Þar skipti líklega miklu að íslensk kveðskaparhefð byggði á aldagömlum grunni fyrirmynda og reglna. Hin gatslitna rímnahefð varð furðu lífseig á 19. öldinni og reyndar nokkuð fram á þá 20. og þau áhrif, sem þjóðskáldin sköpuðu með vali sínu á séríslenskum bragar-

háttum eða eigin útfærslu þeirra, urðu það drottnandi afl sem mótaði val og notkun annarra skálda á bragarháttum.

Hvaða áhrif hafði þetta „nýja“ skáldskaparform á íslensk skáld sem staðið höfðu föstum fótum í innlendri menningu? Hvaða yrkisefni urðu íslenskum skáldum að eftirlæti þegar þau ortu sonnettur og á hvaða hátt og hvernig mótuðu þau þetta ljóðform sem var orðið sex alda gamalt þegar það barst hingað fyrst? Réðu þar íslenskar hefðir eða smekkur og listræn gáfa hvers og eins? Hvaða nýjungar tileinkuðu skáldin sér og hvernig unnu þau úr hefðinni?

Það vekur athygli að viðhorf íslenskra skálda til sonnettuformsins koma hvergi fram með beinum hætti á prenti og hin blómlega umræða, sem átti sér stað í Þýskalandi sem og á Englandi um sonnettuformið og hlutverk þess og eðli – þeirrar umræðu gætir nánast ekkert hérlendis!

Þegar augum er rennt yfir sonnettur íslenskra skálda kemur á daginn að yrkisefni þeirra eru æði fjölbreytt. Fljótt á lítið mætti flokka flestar þeirra sem ljóðræn ástarkvæði þar sem fegurðarþrá og draumlyndi rómantísku og nýrómantísku stefnunnar svífa yfir vötnum. Erfikvæði, saknaðarljóð og kveðjur setja einnig sterkan svip á sonnettusmíðina ásamt ljóðum þar sem heimspekileg efni um lífið og tilveruna eru færð í búning sonnettunnar. Áhrifin frá síðari sonnettu Jónasar leyna sér þar ekki. Efnislega skera íslensk skáld sig ekki frá þeim erlendu skáldum sem fyrir voru nefnd. Hins vegar ber hér á landi lítið á sonnettum sem andæfa göfugleika formsins með því að færa fram skoplegt eða háðskennt efni. Sonnettur, sem flytja þjóðfélagsádeilu, eru einnig teljandi á fingrum annarrar handar. Strangt til tekið er þar bara um eina slíka hreinræktaða sonnettu að ræða þar sem er eitt þekktasta kvæði Þorsteins Erlingssonar, „Huldufólkið“.

II Nokkur þrep í sögu íslensks sonnettukveðskapar, stuðlasetning og ljóðstíll

2.1 Um skáldskaparhugmyndir Jónasar Hallgrímssonar með hliðsjón af skáldskaparhugmyndum og heimssýn rómantískra skálda

Kvæðagerð Jónasar Hallgrímssonar einkenndist alla tíð af yfirvegun og markvísi. Andstætt rímnaskáldum eins og Sigurði Breiðfjörð tók skáldskapur Jónasar sjaldnast eða aldrei á sig mynd hins óstöðvandi orðaflaums þar sem hortittir og ógrundaðar hugsanir flutu úr fjaðurpennanum.

Formskilningur og fegurðartilfinning Jónasar Hallgrímssonar, sem lágu skáldskaparviðhorfum hans til grundvallar, koma glögglega fram í hinum fræga ritdómi hans um *Rímur af Tístrami og Indiönu* eftir Sigurð Breiðfjörð í 3. árgangi *Fjölnis* árið 1837. Að baki ritdómnum lágu fullkomlega breytt viðmið til hinna fagurfræðilegu þátta kveðskaparins um leið og hann fól í sér dóm yfir þeirri kveðskapargrein sem Íslendingar höfðu iðkað af hvað mestum þrótti í gegnum aldirnar. Enda þótt Jónas hafi ekki atlað sér að kollvarpa rímnahéðinni voru dagar rímnanna senn taldir.

Ráða má af ritdómi Jónasar að hann hafi aðhyllst þá hugsun, sem reyndar var í hávegum höfð af mörgum rómantískum skáldum þessa tíma, að á milli forms kvæðis og efnis þess hafi orðið að ríkja fullkomið samræmi. Þennan skilning á tengslum forms og inntaks bókmenntaverksins má fyrst rekja til heimssýnar rómantískra skálda. Krafa þeirra fól í sér að sérhver listamaður væri margbreyttur í tjáningu sinni en eigi einhamur. Af þeim sökum lá sú krafa á skáldum og listamönnum að þeir hefðu á valdi sínu margs konar tjáningarform. Árás Jónasar á *Rímurnar af Tístrami og Indiönu* stafaði fyrst og fremst af því að hann hafði fengið nóg af einsleika tjáningarinnar. Rímniformið var í hans augum orðið gatslitið og innantómt. Andstætt þessu bar fortíðin með sér ferskleika og nýjar víddir inn í kveðskapinn – ný skáldskaparform, nýja bragarhætti.

Dálæti Jónasar Hallgrímssonar á fornum bragarháttum og útfærsla á þeim kallaðist á við dyrkun rómantískra skálda á hinni gullnu fornöld Evrópu. Ein grein af hinum fjölpætta meiði menningararfs fornaldarinnar voru klassískir bragarhættir. En fjölbreytt beiting Jónasar á fornum innlendum og klassískum bragarháttum verður þó ekki einungis rakin til dálætis hans á gullöld íslenskra (og annarra evrópskra) bókmennta. Hún snertir í raun kjarna hinar rómantísku heimssýnar: kröfuna um að skáldin færðu með sér stöðuga nýbreytni, könnuðu sífellt dulin svið skynjunarinnar og endurspegluðu kannski umfram allt í skáldskapnum brot af *frumleikanum* – kjarna alls lífvænlegs skáldskapar. Með því lagði hvert skáld áherslu á sérstöðu sína og um leið tengsl við hefðina þegar það orti í anda hennar.

Óhætt er að fullyrða að Jónasi hafi tekist í kveðskapnum að tvinna listræna formskynjun saman við efni og boðskap og þar virðist litlu hafa skipt undir hvaða háttum hann orti. Eins og kunnugt er yrkir Jónas Hallgrímsson flest kvæða sinna, eða um tvo þriðju, undir fornum háttum eddukvæða – einkum fornyrðislagi, sem var

honum allra háttu kærast, og ljóðahætti⁴ – en einnig bregður hann fyrir sig dróttkvæðum hætti og afbrigði hans, hrynhendu, á eftirminnilegan hátt.⁵

Þannig má fullyrða að lífsafstaða Jónasar komi ekki einungis fram í efni kvæða hans heldur og þeim margbreyttu bragarháttum sem hann valdi kvæðum sínum. Áhrifamáttur kvæðanna réðst síðan af listilegri samtvinnan forms og efnis.

Auðvitað verður aldrei horft fram hjá þeirri staðreynd að Jónas Hallgrímsson var enginn meðalmaður í kveðskaparlistinni. Hver svo sem bragarhátturinn eða efnið var, sem hann valdi sér, var niðurstaðan ætíð á einn veg: allt virtist leika í höndum hans – bragarhátturinn sameinaðist efniviðnum á sannfærandi hátt. Í bók sinni, *Poetic Form and British Romanticism*, eftir Stuart Curran, rekur hann í fróðlegum kafla tengsl skáldskaparformsins og þess frelsis sem listamaður rómantíkurrinnar stefndi stöðugt að því að öðlast með listsköpun sinni.⁶ Enda þótt lífs- og skáldskaparviðhorf bresku skáldanna Byrons og Shelleys verði honum einkum að umræðuefni má merkja líkindi með skáldskaparviðhorfum þeirra og viðhorfum Jónasar Hallgrímssonar. Allir þessir einstaklingar lifðu að vissu leyti við landfræðilega einangrun – þeir voru upprunnir á eyjum þar sem annars konar viðhorf mótuðu vitund manna en á meginlandi Evrópu. Það breytti því þó ekki að sömu skáldskaparhugmyndir settu mark sitt á þróun rómantíkurrinnar víðast hvar í bókmenntum Evrópu enda þótt sérkenni sín hafi hún hlotið að einhverju leyti eftir menningu þeirra Þjóðlanda þar sem hugmyndir hennar bar niður. Í huga þessara skálda var skáldskapurinn nátengdur siðferðilegum grunni tilverunnar og nytseminni. Skáldskapurinn átti að efla með einstaklingunum þroska og ríkari tilfinningu fyrir hinu fagra, góða og nýtsama. Aðeins þá var von til þess að menn skynjuðu betur stöðu sína í lífinu og gætu notið þeirra lystisemda sem fólust í því að lesa sannan skáldskap. Ekki þarf að fara í grafögur um skyldleika þessara hugmynda við þær sem koma fram í inngangsorðum *Fjölnis* og rekja má beint til Jónasar Hallgrímssonar:

⁴ Jónas á það til að blanda saman ljóðahætti og fornyrðislagi eða láta þá hætti leika saman í sömu vísu. Sjá frekar um þessi atriði í: Einar Ólafur Sveinsson (1956: 248–2609).

⁵ Hér mætti vísa til ritgerðar Sveins Yngva Egilssonar þar sem hann fjallar um meðferð Jónasar á edduháttum í kveðskap sínum og tengir umræðuna skáldskaparhugmyndum rómantíkurrinnar. (Sveinn Yngvi Egilsson 1992).

⁶ Curran, Stuart (1986:213–217).

Annað atriði, sem við aldrei ætlum að gleyma, er fegurðin. Hún er sameinuð nytseminni, – að svo miklu leyti sem sem það sem fagurt er ætíð er til nota, andlegra og líkamlegra, eða þá til eflinga nytseminni. Samt er fegurðin henni eftir eðli sínu enganveginn háð, heldur svo ágæt, að allir menn eiga að girnast hana sjálfrar hennar vegna.⁷

Fyrir skáld eins og Jónas Hallgrímsson, ef orð Currans eru höfð í huga, þá bar hið margbreytilega ljóðform vott um frelsið sem beið hvers þess er bjó yfir nægri andagift til að láta formið ekki verka sem hemil á skáldgáfu sína. Þannig varð formið skáldinu eins konar griðland þar sem andinn lék frjáls í hásal vinda. Einu gildi hvort formið laut fastbundinni forskrift eins og í tilfelli sonnettunnar eða ekki. Skáldinu var alltaf búið frelsi til að sveigja formið að vilja sínum – breyta samstöfufjölda, bæta við braglínunum eða fækka þeim, allt eftir því hvað þjónaði best tilgangi þess. Þessi breyttu viðhorf til hugtaksins *skáldskaparform*, sem urðu áberandi með rómantísku stefnunni, er mikilsvert að hafa í huga því segja má að allt fram að tíma hennar hafi formið verið skáldum heilagt – eitthvað sem ekki mátti hrófla við vegna þess að það átti að vera skáldum nauðsynleg fyrirmynd í eilífri glímu þeirra við orð og hugmyndir.

Curran ræðir í bók sinni um skýringu þess hvers vegna skáld tóku eitt form kveðskaparins fram yfir annað og telur að þau hafi ekki fyrst og fremst heillast af sonnettunni vegna snilli Petrarca, enda þótt hann hafi löngum verið öðrum skáldum fyrirmynd, heldur vegna hins innbyggða samræmis og fullkomleika sem ljóðformið sjálft bjó yfir.

2.2 Þrep í sögu íslensks sonnettukveðskapar frá 1844 til 1919.

Tilraunir og breytingar á formi sonnettunnar.

Sonnettukveðskapur næstu árin eftir dauða Jónasar Hallgrímssonar var fremur rislítill og fábreyttur. Ef skipta ætti þróun sonnettukveðskaparins í tímaskaðið mætti segja að fyrsta tímabilið markist af upphafinu er Jónas Hallgrímsson yrkir hinar tvær sonnettur sínar, *Ég bið að heilsa!* og *Svo rís um aldir árið hvurt um sig*, fram til ársins 1866 er Kristján Jónsson Fjallaskáld gerir umtalsverðar breytingar á formi sonnettunnar með kvæðinu *Á síðasta vetrardag 1866 I*. Þetta tímabil er

⁷ *Fjölur* (1835:10–11).

mótunarskeið sonnettunnar og augljóslega má greina af kveðskap þeirra skálda, sem reyndu að temja sér þetta ljóðform, ákveðna togstreitu á milli hinnar erlendu kveðskaparhefðar og þeirrar íslensku. Hin erlenda hefð kemur líklega skýrast fram í því hvernig rímhljómunum er skipað niður, sem og efnisvalinu að nokkru. Þó er greinilegt, að efnisval hinna tveggja sonnetta Jónasar Hallgrímssonar hafði mikil áhrif á íslensk skáld. Hinu ber að bæta við að íslenska sonnettan sker sig úr að einu leyti formlega séð. Þar er auðvitað átt við hina fastmótuðu og sterku innlendu hefð er varðar ljóðstafasetninguna.

Síðara skeið í formtilraunum skáldanna einkennist einkum af tilraunum þeirra með skipan rímhljómannanna í sonnettunni ásamt því sem nokkur þeirra taka að þrjóna við hina ákveðnu hluta hennar eins og nánar verður getið hér á eftir.

Jónas Hallgrímsson ígrundaði og lá yfir ljóðum sínum, strikaði yfir atriði í þeim og lagfærði. Sú eina gerð sonnettunnar *Ég bið að heilsa* sem varðveist hefur í eiginhandarriti skáldsins staðfestir þessi vinnubrögð þegar hún er borin saman við frumprentunina í *Fjölmi* og þá gerð sem síðar var tekin upp í *Ljóðmæli* Jónasar árið 1847. Til glöggvunar fara hinar tvær gerðir sonnettunnar hér á eftir og eru breytingar Jónasar frá frumkvæðinu feitletraðar til að auðvelda samanburðinn:

Ég bið að heilsa!

(Samkvæmt eiginhandarriti Jónasar⁸)

Nú andar suðrið sæla vindum þýðum,
á sjónum allar bárur smáar rísa
og flykkjast **út** að fögru landi Ísa-,
að fósturjarðar minnar strönd og hlíðum.

Ó! heilsað öllum heima **í orðum** blíðum
um **haf og land** í drottins ást og friði,
leiði þið bárur! bát að fiskimiði,
blási þið vindar hlýtt á kinnum fríðum.

Söngvarinn ljúfi, fuglinn trúr sem fer
með fjaðrablíki háa vegarleysu
í **lágan dal** að kveða kvæðin þín,

⁸ Kvæði Jónasar Hallgrímssonar í eiginhandarriti (1965:183).

heilsaðu einkum ef að fyrir ber
engill með húfu og **grænan** skúf í peysu;
 þröstur minn góður! það er stúlkan mín.

Ég bið að heilsa!

(Samkvæmt frumprentun í *Fjölni* 1844)

Nú andar suðrið sæla vindum þýðum,
 á sjónum allar báurur smáar rísa
 og flykkjast heim að fögru landi Ísa
 að fósturjarðar minnar strönd og hlíðum.

Ó! heilsað öllum heima rómi blíðum
 um hæð og sund í drottins ást og friði
 kyssi þið, báurur! bát á fiskimiði,
 blási þið, vindar! hlýtt á kinnum fríðum.

Vorboðinn ljúfi! fuglinn trúr sem fer
 með fjaðrabliki háa vegaleysu
 í sumardal að kveða kvæðin þín!

Heilsaðu einkum ef að fyrir ber
 engil með húfu og *raudan* skúf, í peysu;
 þröstur minn góður! það er stúlkan mín.

Talið er líklegt að Jónas hafi ort *Ég bið að heilsa* í mars og apríl árið 1844.⁹ Ofanritað eiginhandarit Jónasar virðist þó ekki hafa verið sama kvæðið og Brynjólfur getur um í bréfi, stíluðu til Jónasar þann 10. apríl hið sama ár, þar sem hann segir af upplestri sínum á kvæðinu á fundi þeirra Fjölnismanna þann 13. apríl. Sýnt þykir að viðbrögð þeirra sem á fyrirnefndum fundi voru virðast hafa borið vott um einróma lof Jónasi til handa þó sumt í þeirri gerð kvæðisins hafi ekki að fullu verið mönnum þóknanlegt og þeir því talið að þörf væri á að endurskoða það. Orð Brynjólfs lýsa upp þetta löngu liðna atvik: „Mesta gull er hún ‚kveðjan þín‘, góði minn! En mætti ekki hafa ‚og‘ fyrir ‚þau‘ í ‚þau flykkjast heim að fögru landi Ísa‘. Konráði þykir

⁹ Ólafur Halldórsson (1965:312).

„engillinn“ vera of kímilegur, en orðið „söngvari“ líkar okkur ekki, en kvæðið er – som sagt – mesta gull.“¹⁰ Hvergi er getið um það í fundargerðabókum að Fjölismenn hafi á þessu löngu liðna kvöldi velt vöngum yfir formi kvæðisins. Slík umræða hefur líklega verið þeim fjarri – það sem sem mestu skipti var sá fagnaðarboðskapur sem kvæðið flutti löndum þeirra heima á Fróni.

Augljóst er að sonnetta Jónasar, *Ég bið að heilsa!*, borin upp við ljós hefðarinnar, sver sig í ætt við ítalska gerð, Petrarca-sonnettunnar. Jónas bætir þó við rímhljómunum í sonnettu sinni – þeir eru sex en ekki fimm eins og ítalska hefðin kvað á um. Rím átthendunnar er kvenrím en í sexhendunni fara saman kven- og karlrím. Þetta er dálítið skemmtilegt og kallast á við merkingu kvæðisins. Þannig einkennist sá hluti þess, sem lýtur kvenrími, af hugblæ saknaðar og þrár skáldsins eftir hinu kvenlega en í sexhendunni verður vart meiri nálægðar þessara tveggja afla og það er undirstrikað með ríminu. Bygging kvæðisins sver sig nokkuð í ætt við hina röklegu framvindu. Í fyrri hlutanum kynnir skáldið til sögunnar grundvallarandstæður kvæðisins – hið fjarlæga og nálæga sem endurspeglast í mynd fósturjarðarinnar og fuglsins sem hvort tveggja verða honum tákn fyrir þá ást sem hann ber til stúlkunnar og landsins. Í næstu erindum vinnur hann frekar úr efninu og ljóðinu lýkur á afdráttarlausri ástarjátningu skáldsins til landsins og stúlkunnar heima í dalnum.

Eins og fyrr sagði er ljóðstafasetningin einkennandi fyrir íslensku sonnettuna. Áttendan sver sig í ætt við hefðina hvað þetta atriði varðar en hins vegar virðist ljóðstafasetning sexhendunnar, fljótt á litið, vera nátengd eða lík því sem gerist í hinum forna ljóðahætti eddukvæðanna og fjölda annarra háttanna sem síðar rötuðu inn í íslenska ljóðhefð, til dæmis sálmahátta. Þannig eru þriðja og sjötta lína sexhendunnar, eins og í ljóðahættinum, sér um stuðla og sú hefð er furðu lífseig lengi framan af innan sonnettukveðskaparins. Ljóðstafasetningin tengist yfirleitt hjá Jónasi þeim orðum sem bera uppi merkingu ljóðsins þó hann víki stundum nokkuð frá þeirri reglu er varðar notkun sína á edduháttum.¹¹

Jónas víkur allmikið frá hefðinni í *Nú rís um aldir árið hvurt um sig*, eins og betur verður komið að hér á eftir í kaflanum um ljóðstíl.

¹⁰ Brynjólfur Pétursson (1964:49).

¹¹ Sjá Sveinn Yngvi Egilsson (1992:259).

2.2.1 Af frumherjum sonnettukveðskaparins eftir daga Jónasar Hallgrímssonar

Augljóst er af þeim sonnettum sem ortar eru nokkru eftir daga Jónasar Hallgrímssonar að hin innibygðða krafa ljóðformsins um röklega niðurskipan efnisins hefur oft og tíðum valdið íslenskum skáldum nokkrum vanda. Þannig má ekki aðeins kenna ákveðna mótsögn á milli göfugleika formsins og þess lítilþæga efnis, sem sum íslensk skáld kusu að fella að sonnettuforminu, heldur og ákveðins stíðleika í framsetningunni. Niðurstaðan verður sú að efnið er ekki til lykta leitt á þann rismikla hátt sem vænta hefði mátt. Að sönnu réðst þetta auðvitað ætíð af því hverjir það voru sem um véluðu hverju sinni.

Þess verður að geta, áður en lengra er haldið, að þær tilraunir með sonnettuformið, sem hér verða gerðar að umtalsefni, sáu fæstar dagsins ljós fyrr en í ljóðaútgáfum skáldanna og því ekki alveg hægt að meta áhrif tilraunanna á viðhorf annarra skálda. Sumar af þeim tilraunum, sem hér verður getið, hlutu reyndar það hlutskipti að leynast niðri í skúffu innan um handrit skáldanna eða bréf og í sumum tilfellum frumriss þeirra að ljóðum sem aldrei fengu að birtast á prenti. Sem slíkar bar þær því ekki fyrir augu lesandans fyrr en löngu síðar.

Þetta á við um tilraunir Gísla Thorarensens sem líklega hefur ekki verið alveg fullnuma í skáldskaparlistinni þegar hann hefst handa við að yrkja sérstætt kvæði, *Til herra Helga byskups* (Thorðarsen). Gísli auðnaðist reyndar aldrei að ljúka kvæðinu áður en hann féll frá. Þrátt fyrir það er augljóst að þarna er um greinileg drög að sonnettu að ræða, því bygging kvæðisins fellur sannarlega að ljóðformi hennar; bæði er tekur til atkvæðafjölda í línu og rímskipanar fyrstu þriggja erindanna, þótt ljóst sé að þar vanti tvær síðustu hendingar kvæðisins eins og útgefandinn getur um neðanmáls.¹² Kvæðið er úr syrpu Gísla frá háskólaárunum 1840–1847:

| | |
|--|---|
| Þegar menn hræðu hörpustrenginn sinn | a |
| til heiðurs við þig eptir veikum mætti, | B |
| með orktu kvæði einn, og hinn með þætti | B |
| jeg einhvern veginn vildi' ei hreifa minn. | a |

¹² Gísli Thorarensen (1885:38–39).

| | |
|---|---|
| Því línur, sem að ganga út og inn, | a |
| voru' aldrei nóg til þess að kvæðis gætti: | B |
| »þeir, sem að illa yrkja, þagni' og hætti«, | B |
| var orðtak, sem jeg fylgdi' í þetta sinn. | a |

| | |
|--|---|
| En fyrst að aðrir brutu þetta boð, | c |
| þá brýt jeg með og skeyti engum lögum, | D |
| því eptirleiknum ekki fylgir vandi. | E |

| | |
|--|---|
| Flytji þig heilan Fróni' hin snara gnoð, | c |
| · · · · · | |
| · · · · · | |

Enda þótt þessi kvæði Gísla verði seint talið til snilldarkvæða íslenskrar tungu er það samt táknrænt fyrir viðhorf og stöðu skáldsins á öllum tímum sem skynjar vanmátt sinn til að sýsla með orðin. Orð Gísla í kvæðinu „því eptirleiknum ekki fylgir vandi“ hafa greinilega snúist upp í andhverfu sína. Gísli Thorarensens verður hins vegar minnst fyrir það að hann yrkir einna fyrstur íslenskra skálda erfi-kvæði undir formi sonnettunnar sem hann fellir að hinni ítölsku hefð. Kvæðið er hugþekk en stíðkvæð minning um séra Þorvarð Jónsson er „dó sviplega eftir vándrykkju hjá séra Páli Pálssyni á Prestbakka“¹³ þann 27. september 1869 og líklega ort sama ár.

Skáldin Jón Þorleifsson, Gísli Brynjúlfsson og Jón Thoroddsen yrkja hvert um sig sonnettur sínar í anda hinnar ítölsku hefðar sem Jónas færði inn í íslenskar bókmenntir. Ekkert þessara skálda sá sig þó knúið til að gera tilraunir með eða breytingar á sonnettuforminu. Hrynjandin í sonnettum þessara skálda er háttbundin og einkennist af réttum tvíliðum og hún verður á köflum helsti einhæf og tilbreytingarlítill. Þessi einhæfni hrynjandinnar kallaðist á við hina aldagömlu hefð rímnakveðskaparins.

Það gerir hins vegar Benedikt Sveinbjarnarson Gröndal á lítt sýnilegum stað í bréfi sem hann ritar Helga Hálfdanarsyni í Kaupmannahöfn 24. apríl 1847.¹⁴ Nú er Benedikt kunnur í bókmenntasögunni fyrir galgopahátt sinn og furðulega kerskni sem oft og tíðum nálgast það að vera fjarstæðukennd eða absúrd. Bréfasafn hans ber enda víða vott um þær miklu andstæður upphafningar og óbeislaðs ímyndunar-

¹³ Sbr. athugasemdir útgefanda *Ljóðmæla Gísla Thorarensens* (1885:161).

¹⁴ Benedikt Gröndal (1954:15–16).

afls sem einkenndu lund hans alla tíð. Þar fyrir utan bjó Benedikt yfir mikilli kunnáttu í fornum og klassískum bragarháttum eins og mörg ljóð hans eru til dæmis um. Hér er um að ræða tvö kvæði, sem standa í bréfi til Helga, en þeim kaus Benedikt hins vegar ekki að halda til haga er hann gaf út *Kvæðabók* sína aldamótaárið 1900. Fyrsta kvæðið er 14 lína ljóð, ferkvætt og samrímað, og tengist ekkert sonnettforminu nema að línufjölda:

Þá lít ég mána um miðnæturskeið
 á myrkri skína himinleið:
 þá langar mig að hverfa heim
 um himindjúp og sjávargeim,
 að horfa á geisla', er himni frá
 sér hella jökulfaldinn á,
 að horfa á fjall og fagran tind
 og fagurbláa, tæra lind,
 að horfa á gullinn drafnar draum
 er dvelur mánaljóss á straum',
 að horfa á fagran fjalla dal
 og foss í dimmum hamra sal,
 að horfa á nætur helga ró,
 er hvílir yfir landi' og sjó.

Æ, alltaf mig því langar heim að landi
 hvar lifir hugur minn, og forna staði
 að líta, þar sem lék sér andinn glaði
 og lifði' í kæti, og vissi' af grandí!

Vér lifum svo á lífsins eyði-sandi –
 og lítum aftur – burt því tíminn hraði
 sér flýtir, þessa' í tíma báru baði
 vér blundum sætt, en líkams hindrar vandi

að vakna úr þeim sæla og blíða blund'
 hið blíða' og þráða til að stíga' á land
 umliðins tíma; ill og harðfeng bönd!

Þegar ég vakna – úr værum drauma lund
 ég villist strax, og lít þann eyði-sand
 sem fegin vildi frá mín hverfa önd!

Parna komst ég út í skáldskapar rugl, fyrirgefðu vinur! Skáldskapurinn er ekkert annað en hugsjóna veröld og ímyndan, full af fögrum blómum og einhverjum óskiljanlegum unaðsmyrkrum, sem hverfa aftur þegar menn vakna./.../15

Eins og ofanrituð orð bera með sér þá sækir heimþráin á huga skáldsins í útlöndum og fyrr en varir hefur doðinn og söknuðurinn snúist upp í andhverfu sína og galgopaskap þar sem Benedikt varpar fyrir róða hinu óbundna máli og undirstrikar heita ást sína til ættjarðarinnar í sérkennilegu 14 lína kvæði. Á eftir því fylgir síðan fullkomin sonnetta í ítölskum anda. Líklega verður því seint svarað hvað vakti fyrir Benedikt Gröndal, þegar hann kaus að færa hugsun sína í þennan búning andstæðu en um leið samhverfu því sýnt þykir, þegar allt kemur til alls, að á blaðinu standa tvær sonnettur. Og það sem meira er um vert: bragliðir hinnar fyrri eru fjórir í stað fimm í þeirri síðari sem fellur fullkomlega að hefðinni. Sýnilegt er einnig að Benedikt varpar fyrir róða í fyrri sonnettunni hefðbundinni rímskipan.

Nærtækasta skýringin á háttalagi Benedikts er líklega sú að með þessari framsetningu hafi hann viljað undirstrika en um leið andæfa röklegri byggingu sonnettunnar með sína fastmótuðu niðurstöðu. Hugtakið *heimþrá* virðist í huga skáldsins ekki þurfa að lúta neinni rökleiðslu eða kvæði sem flytur mönnum slíkan boðskap að fela í sér stigmögnun lýsingarinnar. Niðurstaða sem er fyrirfram kunn; kjarni kvæðisins, heimþráin, þarf aðeins áréttingarinnar við. Af því stafar fjöldi skýringarsetninganna í kvæðinu. Síðan er eins og skáldið vilji í seinna kvæðinu undirstrika hina sömu niðurstöðu og í fyrra kvæðinu – niðurstöðu sem er söm þrátt fyrir hið fastmótaða og stranga form sonnettunnar. Niðurstaðan verður ætíð hin sama hvert svo sem skáldskaparformið er.

Hins mætti líka geta að með því að setja ljóðin svo upp sem Benedikt gerir þá hafi hann verið að undirstrika að þrátt fyrir „óskapnað“ eða óreglu fyrra erindisins búi hann þrátt fyrir allt yfir þeirri kunnáttu og andagift sem þurfi til að raða línunum 14 þannig upp að úr verði fullgild sonnetta sem hlítir réttum bragliðafjölda, rímskipan og framvindu. Því er síðan við að bæta að í þeim sonnettum, sem eftir Benedikt Gröndal liggja á prenti, vîkur hann hvergi frá hinni ítölsku

¹⁵ Benedikt Gröndal (1954:15–16).

hefð Petrarca-sonnettunnar. Hin klassísku skáldskaparviðhorf og aðdáun Benedikts á gullinni fornöld Grikkja og Rómverja réð þar mestu um.

Fyrstu verulegu breytingarnar á formi sonnettunnar sjá ekki dagsins ljós fyrr en með Kristjáni Jónssyni Fjallaskáldi þegar hann yrkir kvæði sitt *Á síðasta vetrardag 1866* sem reyndar er í tveimur hlutum. Sá fyrri er greinilega sonnetta eða afbrigði hennar þar sem Kristján varpar fyrir róða annarri ferhendunni¹⁶ þannig að kvæðið sver sig ekki lengur í ætt við hina ítölsku hefð eins og búast hefði mátt við:

Ó, farðu, vetur, vel í skautið alda,
þjer vinarkveðju' að skilnaði jeg færi
og daufa strengi hörpu minnar hræri,
þótt hreyfist varla hjartað mitt ið kalda.

Jeg skelfist, er jeg hugsu' um mína heimsku
og horfi' á mínar liðnu ævitíðir,
og hve jeg mjög hef ævi minni spillt.

Ó, flyttu það að grafardjúpi gleymsku
og graf það djúpt, svo engir sjái lýðir,
hve harmar lífs mig hafa ært og tryllt.

Ekki þarf að kafa djúpt í lífssögu Kristjáns Fjallaskálds til að finna samnefnarann við þessar formtílaunir skáldsins. Hömlurnar, sem alla jafna settu svip sinn á daglegt líf fjöldans, áttu ekki upp á pallborðið hjá Kristjáni Jónssyni. Form, sem hvíldi á aldagömlum grunni hefðar og strangrar reglufestu, varð einnig undan að láta fyrir hinum frjálsa anda einstaklingsins.

Þess ber þó að geta að Kristján hafnar ekki í kvæði sínu hinu röklega yfirbragði sonnettunnar sem markast af hrynjandinni, bragliðafjöldanum, ljóðstafasetningunni og hinni efnislegu tvískiptingu. Andstæðurnar og hin fastmótaða niðurstæða eru að sönnu fyrir hendi í sonnettu Kristjáns enda þótt hann felli burt síðari kvartettinn.

Það blasir við að línufjölda síðari hluta sonnettunnar svipar að

¹⁶ Vert er að gæta að þeirri leyndu afstöðu í garð ljóðformsins, sem fram kemur í útgáfu Huldu á *Úrvalsljóðum* Kristjáns Jónssonar árið 1942, að þar flokkar hún þetta kvæði með *Vetrardeginum fyrsta* og prentar þau saman og kallar í efnisyfirliti *Tvær sonnettur*.

gerð til annars velkunnugs bragarháttar þar sem er *tersínan*. Rímskipanin er að vísu frábrugðin en hinar þrjár línur tersíunnar virðast hafa vakið í huga sumra skálda ákveðin tengsl við tersettu sonnettunnar þótt þar sé í raun um alveg frábrugðin fyrirbæri að ræða. Þetta birtist með allsérstæðum hætti í kveðskap Matthíasar Jochumssonar í tveimur kvæðum þar sem hann blandar saman sonnettu og tersínu svo að útkoman verður dálítið sérstök. Í erfikvæðinu *Karen Jakobína Hjaltalín*, sem Matthías yrkir árið 1888, blandar hann saman á undarlegan hátt tersínu, og að því er best verður séð, sonnettu í lok kvæðisins. Þannig hefur hann fyrsta erindið, að því er sýnist, á sonnettu af Shakespeare-gerðinni en snýst frá því yfir í tersínu. Kvæðið endar Matthías síðan á sonnettu. Þetta líkist ósköpum á pappírnum.¹⁷

Í söguldóði Brynjúlfs Jónssonar (1838–1914) frá Minna-Núpi, *Guðrún Ósvífsdóttir*, sem út kom árið 1892, má í XXIV. kafla þessa langa og um margt sérstæða sagnaljóðabálks sjá, að Brynjúlfi hefur verið kunnur bragarháttur sonnettunnar. Reyndar bregður einni sonnettu fyrir í *Kvæðum* Brynjólfs, sem út komu í Reykjavík árið 1889. Er þar um þýðingu að ræða á kvæði eftir enskan mann, Josep Blanco White. Í XXIV. kafla söguldóðsins um Guðrúnu Ósvífsdóttur er sonnetta Brynjúlfs að vísu ekki aðgreind eða afmörkuð á neinn hátt í textanum, heldur felld milliliðalaust inn í framvinduna:

Hann áleit sig svo argan glæpamann,
 að ei til hlítar fyrir mætti bæta,
 fyr eða síðar hlyti hefndum sæta,
 en þótti gott hvað þetta dragast vann.
 Og þó var eins og von sú hressti hann:
 að hefndin mundi sekt í burtu ræta;
 í öðru lífi vænti vægð að mæta,
 í þessum heimi' ef þylði vopndaudann.
 Því kveið hann ei, en glaðst hann gat ei heldur.
 Hann gleymdi vonum, skemmtun rækti' ei neina,
 var lengstum fámáll, þýður þó við alla.
 Á döpru bragði sást, að hann var hrelldur,
 en hugar-angist reyndi þó að leyna,
 svo lítilmennska heiðri skyldi' ei halla.

¹⁷ Þórður Helgason (1999:117–119) hefur fjallað um þessar tilraunir þeirra Kristjáns Jónssonar og Matthíasar Jochumssonar.

Það er athyglisvert að Brynjúlfur fellir hugsun sína undir brag sonnettunnar einmitt á þessum stað í sögunni þar sem hún rís sem hæst – þegar Kjartan Ólafsson hefur verið veginn.

Í *Kvæðum* Huldu frá 1909 er að finna tvær samstæðar sonnettur sem hún yrkir til minningar um H. B. Barmby. Fyrri sonnettann er fullkomlega regluleg og eftirtektarvert er að Hulda bregður fyrir sig hinni ítölsku gerð enda þótt hún sé að yrkja um enska konu en minning hennar og fordæmi á rithöfundarbrautinni hafa verið henni hugleikin. Í þeirri síðari bætir Hulda við áttenduhlutann fjórum braglínnum en heldur sig að öðru leyti við ítölsku gerðina:

Hvað benti þjer frá Bretlands grænu ströndum
á bláar leiðir, norður yfir hafið,
þar Ísland bíður, endurminning vafið,
og árdagsgeislar skjóta fyrstu bröndum?

Þig dreymdi Ísland, eins og það var forðum,
þá aðall frjáls þar valdi bústöð nýja
og Auður kaus með frelsi sitt að flýja
í faðm þess, burt úr Írlands vopnaskorðum.

Og vera má, að valkyrjunnar andi
þín vitjað hafi, gegnum líf og aldir,
og orðið síðast orsök þess, að valdir
þú yrkisgull frá Þórs og Freyju landi.

– Nú blundar þú að barmi fóstru þinnar,
þar barni hverju hollast mun að vera;
en nafn þitt berst með fjarrum draumlands fjöllum.
Jeg vildi jeg mætti vitja grafarinnar
og vinatár að hjarta þínu bera,
með hlýrri þökk frá Íslands dætrum öllum.

Sigfús Blöndal fönðrar einnig við sonnettuformið í bók sinni *Drottningin í Algeirsborg og önnur kvæði* frá 1917 þar sem hann klýfur áttenduhluta sonnettunnar með því að skjóta inn í hann þremur braglínnum. Ljóðið ber heitið *Ný von* og sver sig í ætt við fjölda annarra ástaljóða frá tímum rómantísku stefnunnar í bókmenntum okkar þar sem söknuðurinn hefur fest rætur í hjarta ljóðmælandans vegna þess að hin heittelskaða er horfin á braut. Ekki er að sjá að viðauki Sigfúsar

verði til þess að dýpka skilning lesandans á ljóðinu eða skapa í huga hans frumlegri sýn á viðfangsefnið:

Ég sé þig máské aldrei, aldrei framar,
en eldur logar nú í minni sál,
úr frosti' og myrkri hjart er orðið bál
sem brennir, vona' eg, alt sem nú mig lamar.

Þín augu horfðu' í mín, eg man það mál,
af mildi snart þín hönd mig, mér í lundu
skarst djúpt sem lækandi, leifturþrungið stál.

Er spámennirnir forðum gengu' um grundu
menn gengu' í hópum til að sjá og reyna,
hvort blessun fengi og bætur sinna meina
bara' af að snerta þá – og líkn þeir fundu.

Þeir sáu og trúðu, og heim gekk karl og kona
af krafti þeirra læknuð – síðan eigi
fengu þeim grandað lífsins sorgir samar, –

svo er með mig, nú voga ég að vona
að verði' eg frijals og byrja á ný eg megi,
þó sjái ég þig aldrei, aldrei framar.

Í Svörtum fjöðrum Davíðs Stefánssonar er að finna ljóðið *Nú finn ég angan* og virðist sem bragarháttinn sverji sig að einhverju leyti í ætt við ítölsku sonnettuna. Það ber þó að hafa í huga að Davíð hefur fellt úr kvæðinu annan kvartettinn eða fjórar braglínur sem ættu að mynda síðari hluta áttendunnar. Rímskipan er þó með allmiklum brigðum miðað við hina hefðbundnu Petrarca-sonnettu. Byggingin er hér þó mjög rökleg þar sem lokallínan dregur saman efni fyrsta erindisins á hnitmiðaðan hátt:

Nú finn ég angan löngu bleikra blóma,
borgina hrundu sé við himin ljóma,
og heyri aftur fagra, forna hljóma,
finn um mig yl úr brjósti þínu streyma.

Ég man þig enn og mun þér aldrei gleyma.
 Mínning þín opnar gamla töfraheima.
 Blessað sé nafn þitt bæði á himni og jörðu.

Brosin þín mig að betra manni gjörðu.
 Brjóst þitt mér ennþá hvíld og gleði veldur.

Þú varst mitt blóm, mín borg, mín harpa og eldur.

2.3 Ljóðstíll

Þegar sonnettur einstakra íslenskra skálda eru bornar saman við önnur kvæði þeirra kemur á daginn í stöku tilfellum að þar er að finna stílleg atriði sem greina þær frá öðrum kveðskap skáldanna. Þessi staðreynd grundvallast líklega á því, eins og þegar hefur komið fram, að ljóðform sonnettunnar fól í sér, allt frá upphafi, hina skýlausu kröfu um ögun og hnitmiðun hugsunarinnar ásamt nánnum tengslum hrynjandi og ríms við efni hennar. Fram hjá því verður hins vegar ekki horft að þetta á ekki við um allar sonnettur íslenskra skálda og einkum og sér í lagi frumherjanna sem mörkuðu brautina fyrstu áratugi þessa kveðskapar hérlendis. Sú staðreynd, hversu fáar sonnettur eru ortar af íslenskum skáldum hér heima og í Vesturheimi á tímabilinu 1844–1919, hlýtur samt að hafa falið það óbeint í sér að skáldin reyndu að vanda til yrkinganna þar sem þau í sumum tilfellum létu aðeins eftir sig liggja eina sonnettu áður en þau hurfu úr þessum heimi. Fyrirvararnir eru þó alltaf nokkrir í þessu máli.

Fullyrða má að réttir tvíliðir setji mark sitt á kveðandi flestra sonnettanna á þessum blöðum enda þótt fyrir komi að þríliðir skiptist á við þá í bragflúnunum. Báðar sonnettur Jóhanns Sigurjónssonar eru góð dæmi um þá undantekningu.

Að sönnu er hrynjandi sonnettanna hér breytileg sem réðst af því hverjir ortu. Þannig er hún áreynslumikil og höktandi í sonnettu-drögum Gísla Thorarensens í ljóðinu til Helga biskups sem og í sonnettu hans um séra Þorvarð Jónsson. Hið sama gildir um einu sonnettu séra Jóns Þorleifssonar sem hann orti á afmælisdegi sínum 1848. En sonnettur þessara skálda heyrja hins vegar til undantekninga því yfirleitt er hrynjandi sonnetta íslenskra skálda háttbundin. Þetta ljær ljóðunum oflega kliðmjúkan og sönghæfan blæ. Þar ómar yfir sviðinu sonnettan *Ég bið að heilsa* eftir frumherjann Jónas Hallgrímsson.

Hannes Pétursson hefur haldið því fram að rómantísku skáldin íslensku hafi yfirleitt lagt sig eftir því að forðast notkun samlíkinga í kveðskapnum.¹⁸ Þessa skoðun Hannesar má til sanns vegar færa þegar hún er borin að kveðskapnum sem liggur þessum blöðum til grundvallar. Yfirleitt ber meira á beinum myndrænum lýsingum í sonnettunum þar sem brugðið er upp lýsandi mynd sem skáldin leggja síðan til grundvallar frekari útfærslu. Orðfærið er að sömu leyti fremur nærri venjulegu talmáli enda þótt einstaka skáld, eins og Gísli Brynjúlfsson, hafi haft ríka tilhneigingu til að fyrna orðfæri sitt í riti.

Hins vegar var ljóðstill Jónasar Hallgrímssonar alla tíð lágstemmdur og laus við skrúðmælgí og hófleysi í notkun orðanna. Til grundvallar í ljóðum Jónasar lá beiting hans á hinu hversdagslega orðfæri. Myndmálið í ljóðum hans einkennist yfirleitt af einfaldleika og fágun. Ljóðmál hans er yfirleitt auðskilið – léttleikandi og samstillt. Þó á hann til að smíða myndir og líkingar sem nálgast að torræðni mörg nútímaljóð þar sem aðaláherslan liggur á því að vekja með lesandanum grun eða tilfinningu fyrir hinu óútskýranlega og óseggjanlega. Þessa sér þó ekki merki í hinum tveimur sonnettum Jónasar.

Líklega er nokkur sannleikur í því fólgin að sum þeirra skálda, sem á eftir Jónasi komu, hafi tamið sér háfleygan stíl sem á köflum varð innantómur og ósamkvæmur lágstemmdu innihaldinu. Ljóst er að sum skáldin á þessum blöðum grundvalla ljóð sín á innblæstrinum og í þeim tilfellum hefði lengri yfirlega leitt til fágunar og dýpri tjáningar. Hjá öðrum nær andinn aldrei því flugi sem þörf var á til að ljá tjáningunni það andríki og seiðmagn sem fangaði huga lesandans fullkomlega og vakti með honum tilfinningu fyrir hinu háleita og göfuga í skáldskapnum. Enn kemur nafn Gísla Thorarensens upp í hugann! Það reyndist nefnilega ekki alltaf auðvelt að fara eftir hinni innibygðu kröfu ljóðformsins að hefja hið röklega, markvissa og djúpvitra á stall. Skáldskapur Matthíasar Jochumssonar kallast í sumum tilfellum á við þessa fullyrðingu og styrkir hana enda þótt Matthíasi takist að stilla mjög strengi sína í átt að þýðleika og fegurð í mörgum öðrum kvæðum sínum. Fleiri skáld eiga þó fyrrnefnda glósu miklu fremur skilda en Matthías, enda mönnum gjarnt að gera

¹⁸ Hannes Pétursson (1964:159).

meiri kröfur til stórskálda sem í krafti hraðkvæðis gleymdu því stundum að þörf væri ögunar til að skáldskapnum yrði langra lífdaga auðið. Þannig verður sonnettum Sigfúsar Benedicts Benedictssonar líklega seint hampað sökum listfengis!

Ljóðform sonnettunnar fól í sér, eins og þegar hefur komið fram, ákveðna ögun og þörf á markvissri beitingu orðanna. Skáld, sem þekkt voru fyrir óhaminn og oft og tíðum innblásinn ljóðstíll, þar sem hver hugmyndin rak aðra í ofhlæði málsins, breyta fullkomlega um stíll þegar þau fella tjáningu sína að ljóðformi sonnettunnar. Sonnettur Benedikts Gröndals eru góð dæmi um þessa breytingu. Andstæðurnar og hin óhamda og taumlausa tjáning, sem oft ríkja í huga skáldsins í sumum lengri kvæðum þess, víkja fyrir reglufestu, rökvísi og samræmi í sonnettunum. Allt stillist og klíðmýktin og jafnvægið ráða ríkjum.

2.3.1 Ljóðstafir

Íslenskar sonnettur greina sig frá þeim erlendu að því er varðar ljóðstafasetninguna. Hún veldur því að héraendar sonnettur mynda í raun enn eitt afbrigði þessa fornhelga ljóðforms.

Vafalaust hefur það valdið Jónasi Hallgrímssyni nokkrum vangaveltum hvernig hann ætti að skipa niður stuðlunum í sonnettu sinni *Ég bið að heilsa*. Leiðin, sem hann valdi, má segja að hafi alla tíð einkennt þá gerð sonnettunnar sem kennd hefur verið við Petrarca í íslenskum kveðskap enda þótt Jónas hafi ekki fetað sömu slóð og hann í skipan rímhljómanna.

Grundvallarreglan, sem á við stuðlasetningu flestra sonnettanna á þessum blöðum, er sú hefðbundna leið að tengja saman tvær braglínur með ljóðstöfum þannig að tvo stuðla er að finna í fyrri línunni (A-línu) en höfuðstaf í þeirri síðari (B-línu). Eins og í ljóðahætti þar sem 3. og 6. braglína eru sér um stuðla gildir sú meginregla í íslenskum sonnettum að 11. og 14. braglína eða niðurlagslínur tersetanna eru sér um stuðla.

Jónas fylgir hins vegar ekki sömu reglu um ljóðstafasetninguna í síðari sonnettu sinni, *Svo rís um aldir árið hvurt um sig*. Fullyrða má að ljóðstafasetningin þar þjónar miklu betur því hlutverki að undirstrika merkingu þeirra orða í ljóðinu sem grundvallarþýðingu hafa fyrir skilning okkar á því. Samslungnir ríminu skapa ljóðstafirir í *Svo rís um aldir árið hvurt um sig* miklu styrkari heild en einkennir hina fyrri sonnettu Jónasar:

Svo rís um **aldir árið** hvurt um sig
eilífðar lítið blóm í skini hreinu.
 Mér er það svo sem ekki **neitt** í **neinu**,
 því tíminn vill ei **tengja** sig við mig.

Eitt á eg samt, og **annast** vil eg þig,
hugur míns sjálfs í **hjartaþoli** vörðu
 er **himin** sér, og unir **lágri** jörðu,
 og þykir ekki **þokan** voðalig.

Ég man þeir segja: **hart** á móti **hörðu**,
 en **heldur** vil eg kenna til og lifa,
 og þótt að nokkurt **andstreymi** ég bíði,

en **liggja** eins og **leggur** upp í vörðu,
 sem **lestarstrákar** taka þar og skrifa
 og **fylla**, svo hann **finnur** ei – af níði.

Hér er ljóðstafasetningin fullkomlega frábrugðin því sem gerist í ferhendunum í *Ég bið að heilsa* og hún kallast á við hugblæ einangrunar og afneitunar sem skáldið lýsir í ljóðinu. Í fyrri ferhendunni eru 3. og 4. braglína sér um stuðla og í þeirri seinni eru 5. og 8. lína sér um stuðla. Tersettarnar lúta sömu reglu og fyrrum hjá Jónasi þar sem 11. og 14. braglína eru sér um stuðla. Þessi brigði Jónasar urðu þó íslenskum skáldum ekki sú fyrirmynd sem ætla hefði mátt heldur heyra þau til undantekninga. Flest af íslensku sonnettuskáldunum feta hinn hefðbundna veg sem Jónas markaði í *Ég bið að heilsa*.

Hvort sem það var sökum vankunnáttu eða löngunar til að rjúfa þá hefð sem Jónas festi í sessi þá sker ljóðstafasetningin í sonnettu Gísla Thorarensens sig nokkuð frá þeirri hefð sem síðar varð ríkjanndi. Rétt eins og Jónas í *Svo rís um aldir árið hvurt um sig* eru 3. og 4. braglína hjá Gísla sér um stuðla og svo aftur 7. og 8. lína. Á hinn bóginn lúta 11. og 14. braglína sömu reglu og hjá Jónasi. Hins vegar setur fléttustuðlun svip sinn á sumar braglínurnar í sonnettu Gísla sem og ofstuðlun og aukaljóðstafir:

| | |
|---|----------|
| Yfir þjer fella ekki margir tár; | y -e |
| ekkján þín grætur, börn þín gleði láta, | e og g-g |
| en aptur sje jeg ýmsa hrafna káta, | a-ý |

| | |
|--|------------|
| þeir brýna nef og blóðug ýfa sár. | b-b |
| Þú stóðst með kjarki elli fram á ár, | e-á |
| en opt, því miður, ljekstu fram úr máta | o og m-m |
| til gleði þeim, er harðast gjörðu hnjáta | h-h |
| og vildu þjer að höfði færa fár. | f-f |
| guð hefur lagt á þig sinn dauða-dóm, | d-d |
| drottinn aumkvaði þig í lífsins stríði, | d |
| þá illir menn þjer aðsúg margir gjörðu; | i-a |
| nú heyrir þú ei hásan hrafna-róm, | h-h-h |
| á himnum er þjer ljettur allur kvíði, | h |
| þar verða metin milt þín verk á jörðu. | v-v og m-m |

Venjan, sem ríkti við stuðlun sonnettunnar, sést í sonnettum þeirra Jóns Thoroddsens (undanskilin er sonnettan *Jólakveðja* þar sem 9. og 12. braglína eru sér um stuðla), Gísla Brynjúlfssonar, Brynjólfs Oddssonar, Benedikts Gröndals, Hannesar Blöndals, Jóhanns Sigurjónssonar; í öllum sonnettunum í *Ljóðahring* Bjarna Jónssonar frá Vogu og hjá Davíð Stefánssyni frá Fagraskógi (fyrir utan sonnettuafbrigði hans *Nú finn ég angan*).

Steingrímur Thorsteinsson víkur stundum frá hefðinni í sonnettum sínum þar sem efni þeirra braglína, sem eru sér um stuðla, kallast ýmist á við undangengið efni, dregur það saman eða gefur tilefni til að leggja frekar út af því. Þessa sér glögg merki í *Kvöldsjón*, sem ort var á Hafnarárum skáldsins. Í því kvæði eru 7., 8., 11. og 12. vísuorð sér um stuðla. Í ljóðinu *Svanur* eru 3., 4., 5. og 6. braglína sér um stuðla en ekki önnur vísuorð. Kristján Jónsson Fjallaskáld fetar ekki troðnar slóðir í sonnettu sinni *Vetrardagurinn fyrsti* þar sem 3., 4., 7., 8., 11. og 14. braglína eru sér um stuðla. Sama stuðlasetning kemur fyrir hjá Matthíasi Jochumssyni í erfikvæðinu *Ásmundur Ísleifsson* sem og reyndar í einu sonnettu Þorsteins Erlingssonar, *Huldufólkið*, er birtist í *Þyrnum* árið 1897. Matthías Jochumsson lagar að sönnu íslenskar stuðlareglur eftir sínu höfði í erfisonnettunni um Beatrice Helen Barmby. Þar eru nokkrar línur sér um stuðla auk þess sem fyrir kemur fléttustuðlun í áttenduhlutanum en tersetturnar eru samkvæmt hefð þar sem 11. og 14. vísuorð eru sér um stuðla:

Ó, *Beatrice*, *Sigrún Suðurlanda,
er Dante stærði ódauðlegum óði
um dýpstu sorg og sælu mannsins anda:

Mér finnst þú hafa flutzt í lista ljóði
 til lands vors háu, sagnafrægu stranda,
 svo huga vorn þú hrífir guðamóði
 og hróður nýjan kennir oss að vanda!
 Þig hyllir Sturla, Egill, Ari fróði!

Þú ljúfa Englands unga *Beatrice*!
 Þitt yndisnafn mér sýnist leiðarstjarna,
 er lengi blítt mun landi voru skína;

og birtast oss, svo listaveginn vísi,
 að vakni forna snilldin lands vors barna.
Á hjarta vort vér merkjum minning þína!

Það er ekki fyrr en með útkomu *Þátta* Þorsteins Þorsteinssonar árið 1918 að sjá má raunverulega andhverfu stuðlareglunnar sem Jónas innleiddi með *Ég bið að heilsa*. Af hinum 34 sonnettum í sonnettuflokki Þorsteins, *Sónhættir*, er að finna 23 þar sem stuðla saman tvær braglínur í gegnum allt kvæðið. Af handahófi mætti taka sem dæmi lokasonnettuna *Amen* í þessum mikla bálki:

„Svo verði það!“ Hér set eg punkt og prik,
 því píslarsálmum stafrófs lokið er.
 en hver, sem söng þá sónhætti með mér,
 eg sæmi þökk. Gef hinum langa-strik. —
 Hver hugsun smá var unnin augnablik
 úr efni því, sem hversdagslíf fram ber —
 úr myndum dags hjá mér og líka þér
 og minjum þeim, er hylur áraryk.
 En rím og hljómur hugsun stundum batt
 í háband það, sem spretti dregur úr.
 Og sumt er máske draumamál í dúr,
 sem dagrenningar aldrei ljós sér glatt. —
 Ef þakklát samtíð sér, hver brestur er,
 með systurhönd eg veit hún bendir mér.

Annað atriði, sem vert er að gæta að og setur mark sitt á allar sonnettur Þorsteins Þorsteinssonar í *Þáttum*, sem og sonnettur Sigfúsar Benedicts Benedictssonar, varðar uppsetningu þeirra. Svo sem sjá má af

ofangreindu dæmi þá er hvorki að finna skil á milli átt- og sexhendunnar hjá Þorsteini né innbyrðis á milli ferhendanna eða tersetanna. Skemmtileg er einnig myndræn framsetning Þorsteins í niðurlagi fjórðu braglínu er hann dregur strik út á spássíuna á eftir orðinu „langa-strik“! Þessi uppsetning er þó ekki einkennandi fyrir þessi skáld því ókunnug fyrirmynd virðist hafa valdið því að Gísli Thorarensen rambaði á sömu uppsetningu í sonnettu sinni um séra Þorvarð Jónsson. Hjá Þorsteini og Sigfúsi er þó augljóslega um hefð að ræða sem þeir virðast hafa tekið upp eftir fyrirmynd frá amerískum skáldum þessa tíma sem mörg hver viðhöfðu einmitt þessa uppsetningu á sonnettunni.

2.3.2 Rímskipan

Ljóðstafasetningin gegnir ekki ein merkingarfræðilegu hlutverki í kveðskapnum. Rímið, eða skipan rímhljóma í kveðskap, vegur þar einnig þungt. Hlutverk ríms er ekki bara í því fólgið að styrkja heild kvæðisins eða auðvelda lesandanum að festa ljóðið í minni. Rímið skapar hverju kvæði ákveðna samslungna heild – nokkurs konar ramma er lykst um ljóðið.

Rímið gegnir því hvort tveggja í senn hljómrænu, fagurfræðilegu og merkingarlegu hlutverki. Þannig tengjast saman þær braglínur sem lúta sama rími og með markvissri notkun ríms má undirstrika merkingu ákveðinna orða í ljóðinu. Þegar vel tekst til verkar rímið ekki sem tálmi á hugsun skáldsins heldur skerpir það anda þess og framsetningu. Rímið hvetur skáldið til að færa hugsun sína fram á óvæntan og hnitmiðaðan hátt með því að setja fram nýja rímhljóma í kveðskapnum.

Þessi varð og raunin að nokkru leyti í sonnettukveðskap íslenskra skálda þótt hún hafi ekki sett mark sitt á kveðskapinn fyrr en liðið var að lokum tíunda áratugar þessarar aldar. Framsetning nýrra rímtilbrigða setti þá fyrst svip á formtilraunir hinna rómantísku íslensku skálda. Þar skipar Þorsteinn Þ. Þorsteinsson háan sess. Hann skákaði sem fyrrum í skjóli fjölda þeirra sonnetta sem hann hafði ort. Þær tilraunir, sem hann gerir með skipan rímhljóma í sonnettum sínum, kallast á við það sem sjá má í sonnettum Jakobs J. Smára eftir 1920. Sá samanburður verður hins vegar að bíða annarra tíma þar sem hann liggur utan þessarar rannsóknar.

Þegar horft er til rímsins í sonnettum íslenskra skálda verða eink-

um tvær fyrirmyndir ríkjandi sem hvor um sig snertir skipan rímhljómannanna í áttenduhlutanum annars vegar og í sexhenduhlutanum hins vegar.

Eins og getið var um hér að ofan, þar sem saga sonnettunnar var rakin stuttlega, þá einkenndist áttendan hjá de Lentino af víxlríminu ABAB/ABAB en síðar festi Petrarca ABBA/ABBA-formið í sessi. Hin ítalska hefð grundvallaðist alltaf á kvenrími. Þess gætti þó fljótlega að skáldin fóru að bæta rímhljómunum við hina tvo AB-hljóma. Þannig má sjá dæmi um rímskipan áttendunnar á forminu ABBA/CDDC eða jafnvel að víxlrím varð ráðandi í áttendunni: ABAB/CDCD. Hins ber að minnast að krafan um hina tvo rímhljóma hefur samt í gegnum tíðina verið eitt sterkasta einkenni sonnettunnar víða í löndum.

Meira frelsis gætti frá upphafi í skipan rímhljómannanna í sexhenduhlutanum en fyrir áhrif frá Petrarca þá varð röðin CDE/CDE nokkuð ríkjandi þó einnig hafi brugðið fyrir CDC/DCD-forminu. Svo virðist sem tersetturnar hafi veitt skáldum meira frelsi til að setja fram stöðugt ný rímbrigði. Samt hefur löngum ríkt ákveðin festa með skipan rímhljómannanna í sexhenduhluta sonnettunnar. Eftirfarandi tafla sýnir þau brigði sem algengust hafa verið í gegnum tíðina.¹⁹ Ekki er gerður greinarmunur á kven- og karlrími. Algengustu rímbrigðin koma fyrir í þeirri línu sem hefur tölugildið 1. Því hærra sem tölugildið er því fátíðari er tíðni rímhljómannanna:

- | | |
|--------------|--------------|
| 1. CDE / CDE | 5. CCD / EDE |
| 2. CDC / DCD | 6. CCD / CDD |
| 3. CDE / DCE | 7. CCD / EED |
| 4. CDE / CED | |

Tafla 1

Línur með tölugildin 1 og 2 eiga rætur að rekja til hins klassíska ítalska forms sem Petrarca festi í sessi en í 5. línu er um að ræða þá rímhljóma sem settu mark sitt á sonnettur franskra skálda á ofanverðri 19. öld og bárust í sumum tilfellum til Þýskalands og þaðan til Norðurlandanna.

Fullyrða má að rímskipan hinnar ítölsku gerðar sonnettunnar hafi orðið íslenskum skáldum hin mikla fyrirmynd. Í töflu 2, sem hér fer á eftir, má líta yfirlit yfir rímgerðir þær sem finna má í sonnettum ís-

¹⁹ Sjá John Fuller (1972:3).

lenskra skálda á umræddu skeiði. Rétt er að taka fram að ekki er gerður greinarmunur á kven- og karlrími í töflunni en minna má á að allar sonnettur Þorsteins Þorsteinssonar, í bálknum *Sónhættir*, lúta karlrími. Hins vegar einkennir kvenrím sonnettturnar 14 í *Ljóðahring* Bjarna Jónssonar frá Voggi. Það sama á reyndar við um meginþorra íslenskra sonnetta þó að rímið sé einnig blandað eins og hjá Jónasi í *Ég bið að heilsa*. Eins og taflan ber með sér er hér að finna rímskipan hinnar hefðbundnu 14 lína sonnettu en ekki hinna sem kallast afbrigði:

| | | | |
|--------------------|----|----------------------|----|
| ABBA/ABBA/CDE /CDE | 32 | ABBA/ACCA /DEF /DEF | 14 |
| – /CDC /DCD | 9 | – /CDE /CDE | 1 |
| – /CDC /DEE | 3 | – /BDB /EDE | 1 |
| – /CDD /CEE | 3 | – /ADA /ADA | 1 |
| – /CDE /EDC | 2 | – /DEA /DEA | 1 |
| – /CDC /EDE | 2 | – /DED /EFF | 1 |
| – /CDC /EDC | 1 | ABBA/CDDC /EFG /EFG | 21 |
| – /CDC /CDD | 1 | – /EFA /EFA | 2 |
| – /CDD /DCC | 1 | – /EFE /FEF | 2 |
| – /BBA /BBA | 1 | – /EFE /FGG | 1 |
| – /ABA /BAB | 1 | ABBA/BAAB /CDE /CDE | 3 |
| – /CAA /CDD | 1 | – /CCD /DEE | 1 |
| – /CBC /BCB | 1 | – /CDC /DCD | 1 |
| – /CDA /CDA | 1 | ABBA/CBBC /DEF /DEF | 1 |
| – /CCD /EED | 1 | ABAB/ABAB /CDE /CDE | 1 |
| – /CCE /EFF | 1 | AA/BB/CC/DD/EE/FF/GG | 1 |
| – /CDD /CBB | 1 | ABAB/BABA /CDE /CDE | 1 |
| – /CDD /ECE | 1 | ABAB/CDGD/EFEF/GG | 1 |
| <hr/> | | <hr/> | |
| SAMTALS: | 63 | SAMTALS: | 55 |

Tafla 2

Rímhljórnir í vinstri dálki töflunnar sýna svo ekki verður um villst að frummynd hinnar klassísku ítölsku gerðar átthendunnar er að finna í 63 sonnetum dæmasafnsins. Jafnframt er ljóst að íslensk skáld hafa fönðrað meira við rímhljóma sexhenduhlutans á líkan hátt og skáld í öðrum löndum. Vert er að gæta að því að rímskipanina ABBA/ACCA/ DEF/DEF, sem Jónas Hallgrímsson innleiddi með sonnettu sinni *Ég bið að heilsa*, er ekki að finna nema í 13 öðrum sonnetum. Rímhljórnir ABBA/ ACCA/ CDE/ CDE í seinni sonnettu

Jónasar, *Nú rís um aldir árið hvort um sig*, eiga sér hins vegar engar hliðstæður í öðrum sonnettum íslenskra skálda á tímabilinu 1844–1919. Hins hefur ekki verið getið að rammarímið, eða klofarímið, ABBA, kom í fyrsta sinn fyrir í íslenskum kveðskap í túttnefndri sonnettu Jónasar *Ég bið að heilsa*.

Pegar augum er rennt yfir ofanritaða töflu er aðeins að finna eina sonnettu sem hlítir rímskipan hinnar hefðbundnu ensku gerðar, sem jafnan er kennd við Shakespeare, með ríminu abab/cdcd/efef/gg. Þar er um að ræða sonnettuna *Hugarburðir* eftir Steingrím Thorsteinsson. Í sonnettunni *Skrifuð í albúm* fetar Sigfús Benedict Benedictsson ekki nema að hálfu leyti sömu slóð og Steingrímur – reyndar – þar sem hann blandar saman hinni ítölsku og ensku gerð sonnettunnar svo útkoman verður dálítið framandi. Hið sama gerir Jón Runólfsson árið 1910 í sonnettu sinni sem hann orti undir nafni skólabarna til ástsæls barnakennara, ungfrúar O. S. Sveinsson, í skólgargildi sem hún hélt skólabörnum sínum að skilnaði, 1. júní sama ár, við *Íslendingafljót*.²⁰

Tafla 2 sýnir svo ekki verður um villst að íslensk skáld fáar tilraunir með að fækka rímhljómunum í sonnettum sínum. Orsök þessa byggist sennilega á því hversu fáar sonnettur íslensku skáldin ortu um sína daga. Sérhver sonnetta varð í huga þeirra að þjóna tilgangi hins óbrotagjarna minnisvarða í túni Braga. Tafla 3, sem hér fer á eftir, sýnir fjölda rímhljóma í sonnettum dæmasafnsins:

| | | | |
|---------|----|--------|-----|
| AB | 2 | ABCDE | 54 |
| ABC | 1 | ABCDEF | 21 |
| ABCD | 16 | ABCDEF | 21 |
| SAMTALS | | | 118 |

Tafla 3

Rímhljómaþrjú, úr hinni fornhelgu ítölsku sonnettu, koma fyrir í tæplega helmingi íslenskra sonnetta. Festan er hér alls ráðandi. Sá sem fyrstur fækkar rímhljómunum sonnettunnar var Þorsteinn Þorsteinsson. Í *Sónháttum* hans er að finna sonnettarnar *Innsta röddin* og *Kölnuð vinátta* sem hvor um sig ber tvo rímhljóma. Í reynd leiðir slík útfærsla til þess að hlutar sonnettunnar verða einn í stað tveggja. *Innsta röddin* lítur þannig út:

²⁰ Jón Runólfsson (1924:42).

| | |
|--|---|
| Hún heyrir stundum allt of allt of seint | a |
| á ævi manns. Sem farfugl hausti á | b |
| loks heyra léti hljóð sín veik og smá, | b |
| sem hæstu söngvar fengu skýlt og leynt | a |
| allt vor og sumar. – Eyra ætíð beint | a |
| þær efstu raddir berast – haldi ná | b |
| á allhug vorum – ævi vorrar þrá, | b |
| svo innstu rödd vér fáum sjaldan greint: | a |
| Vora' eigin sál, vorn hljómbæ himni frá, | b |
| sem hávær gláumur jarðar kvað í dá. – | b |
| Vort allt sem var og er og verður reynt. | a |
| Og fyrir má landið langra skugga sjá | b |
| en lífsins innsta rödd oss vakni hjá, | b |
| ef lífið fyrir munn og maga' er treint. | a |

Þorsteinn Þorsteinsson er einnig sá sem fyrstur yrkir sonnettu með þremur rímhljómunum. Er hana að finna í títtnefndum *Sónháttum* hans og ber nafnið „*Upp, upp, mín sál!*“. Þessi sonnetta felur í sér hvatningu til allra Vestur-Íslendinga til þess að efla tengslin við íslenskan menningararf. Hann er sá nægtabrunnur sköpunarinnar sem skáldin geta alltaf sótt efni í – lindin sem aldrei þornar:

| | |
|---|---|
| Rís upp vor sál úr sannleiks dauðaleit | a |
| og sæktu vitið, er þér drottinn gaf, | b |
| í arfinn mikla fyrir handan haf, | b |
| en hérlenzkunni vísa á eigin sveit. | a |
| Vort útibú, þótt ei í heimareit, | a |
| skal íslenzkt nægtabúr, sem fyllt sé af | b |
| þeim björtu ljósum – lýst þeim töfrastaf, | b |
| sem landið sjálft í íslenzk hjörtu reit: | a |
| Hver vikivaki og þjóðlag andlegt óf | c |
| í uppistöðu lífs þíns fyrirvaf. | b |
| Hvert ævintýri gulls í námann gróf. | c |
| Hver gáta vakti hugsun þá, er svaf. | b |
| Hvert „sonar torrek“ vængi vonar hóf. | c |
| Hvert vöggustef þér byr í seglið gaf. | b |

Fækkun rímhljómannanna í sonnettum íslenskra skálda verður ekki aftur sýnileg fyrir en í kveðskap Jakobs J. Smára í ljóðabók hans, *Kaldavermsl*, sem út kom árið 1920. Hann er einnig sá sem fyrstur dregur í

eða línulengd sonnettunnar með bragliðunum fimm. Í *Kaldavermslum* er að finna sonnettarnar *Grína* og *Trúboðið* sem hefur hvor um sig fjóra bragliði í línu. Jakob varð einnig fyrstur til að yrkja sonnettu þar sem hann skýtur inn þriggja bragliða hendingum. Þess sér dæmi í síðustu sonnettunni í flokknum *Þrjár sonnettur* í *Kaldavermslum*. Jakob er einnig fyrstur íslenskra skálda til að yrkja sonnettu þar sem hinni hefðbundnu hrynjandi, þar sem tvíliðir ríkja, er hafnað þegar hann yrkir sonnettuna *Skin eftir skúr* sem einnig er að finna í *Kaldavermslum*. Þar ríkja þríliðirnir í stað hinna hefðbundnu tvíliða eins og fyrrum.

Lokaorð

Formlega eiga íslensk skáld 19. aldarinnar og sporgöngumenn þeirra fram undir 1919 ekki mikið við hina hljómrænu þætti sonnettunnar eins og sjá má hér að ofan. Við blasir fremur kyrrstæður heimur formlegra tilrauna, þar sem hin fábreytta þörf fyrir formlega fjölbreytni kallaðist á við hið kyrrstæða og í sumum tilfellum staðnaða íslenska bændasamfélag þar sem aldagömul hefð rímnakveðskaparins drottnaði yfir sviðinu. Af þeim sökum verða þær sonnettur minnisstæðari sem slíta af sér arfgengar viðjar hefðarinnar enda þótt skáldskapargildi þeirra verði ekki talið veigameira eða risti dýpra, borið saman við aðrar sonnettur á þessum blöðum.

HEIMILDIR

- Benedikt Gröndal. 1948–54. *Ritsafn* I–V. Gils Guðmundsson sá um útgáfuna. Ísafoldarprentsmiðja. Reykjavík.
- Bjarni Jónsson frá Vogu. 1898. *Baldursbrá*. Gefin út á kostnað höfundar, Reykjavík.
- Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi. 1892. *Guðrún Ósvífsdóttir*. [Söguljóð] Sigurður Kristjánsson, Reykjavík.
- Brynjólfur Oddsson. 1869. *Nokkur ljóðmæli*, Reykjavík.
- Brynjólfur Pétursson. 1964. *Bréf*. Aðalgeir Kristjánsson gaf út. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Curran, Stuart. 1986. *Poetic Form and British Romanticism*. Oxford University Press, New York – Oxford.
- Davíð Stefánsson frá Fagraskógi. *Að norðan*. [Ljóðasafn. I. bindi]. Helgafell, Reykjavík.
- Einar Ólafur Sveinsson. 1956. „Um kveðskap Jónasar Hallgrímssonar.“ *Við uppsprettarnar*. [Greinasafn]. Helgafell, Reykjavík.

- Fjölnir*. 1835 [fyrsta ár]. Samið kostað og gefið út af Brynjólfi Péturssyni, Jónasi Hallgrímssyni, Konráði Gíslasyni og Tómasi Sæmundssyni, Kaupmannahöfn.
- Fuller, John. 1972. *The Sonnet*. (The Critical Idiom 26). Methuen & Co., London.
- Gísli Brynjúlfsson. 1891. *Ljóðmæli*. Útgefið og prentað af prentsmiðju J. H. Schultz, Kaupmannahöfn.
- Gísli Thorarensen. 1885. *Ljóðmæli*. [Ekki er getið um þann eða þá sem önnudust útgáfuna, en að sögn var það Jón Ólafsson ritstjóri og skáld], Reykjavík.
- Hannes Pétursson. 1964. *Steingrímur Thorsteinsson – [Lif hans og list]*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Hannes Pétursson. 1979. *Kvæðafylgsni*. Iðunn, Reykjavík.
- Hulda. 1909. *Kvæði*. Sigurður Kristjánsson, Reykjavík.
- Jakob Jóhannesson Smári. 1960. *Ljóðasafn I–II*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Jóhann Sigurjónsson. 1980. *Ritsafn III*. Atli Rafn Kristinsson sá um útgáfuna. Mál og menning, Reykjavík.
- Jón Runólfsson. 1924. *Þögn leiftur*. Winnipeg.
- Jón Thoroddsen. 1919. *Kvæði*. 2. útg., aukin. Sigurður Kristjánsson, Kaupmannahöfn.
- Jón Þorkelsson. 1934. „Grímur Thomsen“. Prentað í Grímur Thomsen. 1934. *Ljóðmæli I*.
- Kristján Jónsson. 1890. *Ljóðmæli*. Jón Ólafsson bjó til prentunar. Sigurður Kristjánsson, Reykjavík
- Kvæði Jónasar Hallgrímssonar í eiginhandarriti*. 1965. Einar Ól. Sveinsson og Ólafur Halldórsson sá um útgáfuna. Handritastofnun Íslands, Reykjavík.
- Matthías Jochumsson. 1956. *Ljóðmæli I–II*. Árni Kristjánsson sá um útgáfuna. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Matthías Þórðarson. 1929. *Rit eftir Jónas Hallgrímsson*. I. bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Ólafur Halldórsson. 1965. Athugasemdir og skýringar að *Kvæðum Jónasar Hallgrímssonar í eiginhandarriti*. Handritastofnun Íslands, Reykjavík.
- Spiller, Michael R. G. 1992. *The Development of the Sonnet* [An Introduction], London, New York.
- Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I*. [Ljóð og lausamál]. Ritstjórar: Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Sigfús Benedict Benedictsson. 1905. *Ljóðmæli*. Winnipeg.
- Sigfús Blöndal. 1917. *Drotningin í Algeirsborg og fleiri kvæði*. Þorsteinn

- Gíslason, Reykjavík.
- Steingrímur Thorsteinson. 1973. *Ljóðmæli frumkveðin og þýdd*. Helgafell, Reykjavík.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 1992. „Eddur og íslensk rómantík [Nokkur orð um óðfræði Jónasar Hallgrímssonar]“. Rit Stofnunar Sigurðar Nordals 1. Ritsstj. Úlfur Bragason.
- Þorsteinn Erlingsson. 1943. *Þýmar* [4. prentun aukin] Sigurður Nordal gaf út. Helgafell, Reykjavík.
- Þorsteinn Þ. Þorsteinsson. 1959. *Ljóðasafn I-II*. Gísli Jónsson bjó til prentunar. Bókaforlag Odds Björnssonar, Akureyri.
- Þórður Helgason. 1994. Óprentaðir fyrirlestrar í námskeiðinu Bragfræði (05.42.58) á haustönn. Háskóli Íslands. Reykjavík.
- Þórður Helgason. 1999. „Tilraunir“. *Jónína hans Jóns G. Friðjónssonar fimmtugs 24. ágúst 1994*. Reykjavík.
- Þórir Óskarsson. 1987. *Undarleg tákni á tímans bárum. Ljóð og fagurfræði Benedikts Gröndals*. Studia Islandica 45. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

Heinrich Heine

Undrafljóðið

Einar Thoroddsen þýddi

1

Slæmur draumur mæddi mig.
Mara þessi hræddi mig.
Um mig hryllingshrollur fer
hann er sé ég fyrir mér.

2

Um yndisfagran unaðsgarð
ég átti leið er þetta varð
og blómajöld mér brosti hjá
mér bærðist gleði í hjarta þá.

3

Með ástarsöng og dírrindí
sér dilla fuglar garði í.
Og sólin rauð í gulli og glans
með geislum litar blómafans.

4

Með ilman jurtir anga þar
og ylur strýkur vanga þar.
Dagur bjartur skín við skær,
skemmtir sér og við mér hlær.

5

En við þessi blómabeð
var brunnur tæru vatni með.
Þar gat að líta fagurt fljóð
sem fínt með lín að þvotti stóð.

6

Með yndisþokka og augun mild
eins og væri goðum skyld,
mér fannst ég þekkja og þekkja ei
þessa undurfögru mey.

7

Ég heyrði þá hið fríða fljóð
fara að kveða þetta ljóð:
„Vatn í brunni, vættu lín
svo verði klæðin hrein og fín.“

8

Ég nálgæðist og sagði svo:
„Segðu, hverjum ertu að þvo
hið hvíta lín í laugum hér?
Ó, ljúfa stúlka, svara mér.“

9

Hún mælti: „Klukkan klingir þér,
Og klæði dauðans eru hér“.
Og varla orð af vörum hraut
er var hún horfin mér á braut.

10

En hulinn máttur mig þá bar.
Í myrkum skógi staddur var.
Þar uxu tré svo himinhátt
að húmi sló á loftið blátt.

11

Þá létu högg um langan veg
líkt og öxi biturleg.
Ég gegnum skóg og runna rann
uns rjóður eitt að lokum fann.

12

Er lengra inn í lundinn sté
Leit ég mikið eikartré.
Þar stúlkan fagra stóð við tréð
og stofninn telgdi öxi með.

13

Þar kvað hún þetta litla lag
er lét í takt við axarslag:
„Högg þú öxi, högg þú ótt,
hola innan stofninn fljótt.“

14

Ég sagði í flaustri: „Segðu mér
satt um þetta, hverjum er,
ó, mín stúlkan undurfríð,
ætluð þessi kistusmíð?”

15

Að bragði mælti baugalín:
„Búin stendur kistan þín“.
Og varla orð af vörum hraut
er var hún horfin mér á braut.

16

Um heiði kalda leið mín lá
og langt um kring var auðn að sjá.
Þar ég ónot um mig fann
sem ekki frekar skýra kann.

17

Og sem ég var að vandra þar
veru hvíta fyrir bar.
Í flýti þeirri þaut ég mót,
og þarna var hin fagra snót.

18

Þar með reku sterka stóð
að stinga gröf hið hvíta fljóð.
Ég þorði ei hana að horfa á
svo hörkulega en fríða að sjá.

19

Og meðan stúlkan verkið vann
af vörum þetta kvæði rann:
„Grafðu skófla, grafðu nú
gröf sem dýpsta megnar þú.“

20

Ég kom þar að og *hátt í háls
með hjartað ört, ég tók til máls.
„Meyjasómi, segðu mér:
Sætir nokkru gröfin hér?“

21

Svar: „Þú ert á yztu nöf.
Opnast brátt þín kalda gröf.“
Og er af munni orðið hrökk
opin stóð þar gröfin dökk.

22

Napur hrollur nísti mig.
Næðings kuldi gnísti mig.
Sælu lífs ég saknaði,
sökki í gröf – og vaknaði.

Jón Sigurðsson

Um Kolbein í Kollafirði

Um og upp úr miðri síðustu öld þekktu flestir vísna- og ljóðaunnendur nafn Kolbeins í Kollafirði. Margar stökur hans urðu fleygar og skulu nokkur dæmi nefnd:

Oft hef ég saman orðum hnýtt
einum mér til gleði.

Það er annars ekkert nýtt
að Íslendingur kveði.

(Til lesendanna: Hnoðnaglar, 9)

Ægir kringum eyjarnar
ótal hringi setti.

Geislafingur glóeyjar
gull að lyngi rétti.

(Vormorgunn: Hnoðnaglar, 80)

Leiðast fljótt hin leyfðu hnoss
– löngum svo til gengur. –

Sætastan þeir segja koss
sem er stolinn fengur.

(Glettni lífsins: Hnoðnaglar, 81)

Þeim eru víð hin þröngu hlið
sem þínar erfðu gnóttir.

Þú átt allt og alla við,
íslenskunnar dóttir.

(Ferskeytlan: Hnoðnaglar, 89)

Bezt hafa þeir á brautu þrætt,
er brast ei viljann seiga.

Þeim er oft við hrösun hætt,
sem hjarta viðkvæmt eiga.

(Viðkvæmni: Hnoðnaglar, 117)

Oft hann svíkur sannleikann,
sér þar ekki vígi.

Aftur sífellt sýnir hann
samúð hverri lygi.

(Viðhorfamaður: Hnoðnaglar, 132)

Þennan mun ég þræða stig
þó að vinir týnist.

Læt ég engan leiða mig
lengra en mér sýnist.

(Ágreiningur: Kröfs, 193)

Nýsköpunin aðeins er í áfenginu.

Þar er sókn í sjálfstæðinu.

Seinna gengur öllu hinu.

(Nýsköpun: Kröfs, 208)

Illt er að hafa ekki grun

um örlagareglur stríðar:

að sérhver breytni mannsins mun
mæta honum síðar.

(Það er bág: Kröfs, 209)

Samning bræða særðir menn,
segja stæði á glóðinni.
Sporin hræða ekki enn
út þó blæði þjóðinni.

(Stjórnarkreppa, Kröfs, 211)

Jór í traðir ólmur óð,
eldur skín við hófadyn.
Stóð á hlaði fagurt fljóð,
fagnar sínum bezta vin.

(Heimkoma: Hnoðnaglar, 89)

Stjarni hampar eyrum ör,
augun glampa, tindra.
Veldur krampa í kroppnum fjör,
kveikir á lampa Sindra.

(Stjarni: Hnoðnaglar, 92)

Það er mikil sjón að sjá,
sundrast ryk á vegi.
Kröftugt stikar kostum á
klárinn hrikalegi.

(Hriki: Hnoðnaglar, 100)

Þótt ég gerist þreytugjarn,
þoli ei raunir harðar,

alltaf ber ég eins og barn
ást til Kollafjarðar.

(Sama og fyrr: Hnoðnaglar, 141)

Sumir dengja launalá,
landssjóðs-engi í múga flá.
Kreppa engin þjáir þá,
þar er lengi hægt að slá.

(Samkveðlingar, brot: handrit)

Gleði manns er gleymið sprund,
glöpin yfir breiðir.
Sorgin hljóð og hörð í lund
hann til þroska leiðir.

(Systur: handrit)

Vegi Guðs er vant að sjá,
verra þó að rata.
Maður hendist endum á
ýmsra milli hvata.

(Guðs vegir: Kröfs, 196)

Forsælunnar fölva ból
fullt ég þakka og virði,
þótt ég varla sjái sól
síðan í Kollafirði.

(Forsælan, handrit)

II

Kolbeinn Högnason var þekktur maður í bændastétt á sínum tíma meðan hann bjó á ættarþýli sínu í Kollafirði á Kjalarnesi. Síðar varð hann skrifstofumaður í Reykjavík um nokkurra ára skeið uns hann lést tæplega sextugur vorið 1949. Kolbeinn mótaðist af þeim hugsjónum sem brugðu birtu yfir líf aldamótakynslóðarinnar á fyrra hluta 20. aldar. Þessar hugsjónir setja greinilegan svip á kveðskap hans eins og þau dæmi sýna sem hér fara á eftir:

Þótt vinnist fé, þótt vinnist lönd
 á vegum logins máls
 það færir hvern í brugðin bönd
 hins blekkta lífs og táls.
 En eins mun reyna aftur sá,
 þótt undir verði í leik
 en sannleik bar – að leið hans lá
 til lífs er ekki sveik.

(Sannur málstaður, *brot*: Kurl, 30)

Enginn vorra áhrifadrengrja
 eins og hann – það er létt að sanna –
 fastar og meira bar fyrir brjósti
 bændahag – um lífsins daga.
 Enginn sannar sigurs unni
 sveitamenning – og trúði heitar
 giftu hennar og göfgi að lyfta
 Grettistöfum hins þarfa, rétta.

(Tryggvi Þórhallsson ráðherra, *brot*: Ólnbogabörn, 116)

Þó gorti þeir af sínum sjóð
 er safna gulli og okra á því
 er mér samt yrkjugleðin góð
 sem grær mér brjósti í.
 Og henni að þjóna ég þrái mest
 því það er takmark lífsins glæst.
 Hún leggur Guði lið sitt best
 og líka er honum næst.

(Yrkjugleði, *brot*: Kræklur, 143)

Ef ætti kraftamagn mitt mál
 ég mundi á heilladegi
 nú þrýsta trú í þjóðarsál
 sem þrautir hræddist eigi,
 sem stóra bæri stefnu í sér,
 er styrkti ræktarbandið,
 það trú á guðlegt athvarf er
 og unga, frjálssa landið.

(Lýðveldisljóð Íslendinga, *brot*: Kurl, 11)

Læt ég hugann leika að vilja,
lífið best þá fellur mér,
þó að enginn af þeim rætist
óskunum sem fram ég ber.

Þegar eftir auðnuvegi
ævihlassi sækist tregt
þrátt ég hefi af þessu gaman
þótt ei virðist gáfulegt.

Alltaf verður óskín sama
er þá hjá mér bæríst heit:
Sú – að verða ungur aftur
og eiga að fara að búa í sveit.

(Óskhugur, *brot*: Kröfs, 44)

Hógværð meir en hefðin glæsta
honum sanna virðing skóp.
Sanngirnina setti hæsta,
síst við þurfti mikil hróp.
Vit og góðvild verkið stærsta
vann þótt sumir hygðu glóp.

Framsýn hans og farsæl miðin
fundu leið er þjóð var best.
Nær hann hugði nýja siðinn
ná til göfgis henni um flest.
Þráði fyrir þjóðarfríðinn
því að fórna er unni mest.

– – –

Þorgeirs fræga ávarp öllum
óvænt barst er mest við lá.
Einn kom Hallur ekki af fjöllum,
allir honum gleymdu þá,
inni í fólksins ópi og sköllum
ánægðastur gekk hann frá.

(Síðu-Hallur, *brot*: Kurl, 243–244)

III

En Kolbeinn orti um fjölbreytileg efni önnur. Ýmis dæmi má velja til að sýna tök hans á öðrum hugðarefnum:

Vex í gengi vonin blíð,
vetrar þrenging geigar.
Grösin lengjast græn og fríð,
gróa engiteigar.

Mildar nið við elfar ál.
Yndisklið ég heyri.
Þetta friðar þreytta sál
þegar við ég eiri.

Einn á gangi upp um Brún
ei mig langar víðar.
Blómin anga breið um tún,
brosir vangi hlíðar.

Ættjörð lúnum ennþá mér
yngd vill trúnað hnýta.
– Sveit í búning fríðan fer
fögur núna að líta.

(Vorvísur: Hnoðnaglar, 49)

Ég magnaði kola að afli eld
og öflugum smíðahöggum veld.
Mín sterka þrá var stálið að vinna.
Nú stend ég við takmark óska minna.
– Ég lék það í dag sem ég gat ekki í gær,
því er gleði mín rík og skær.

(Starfsgleði: Kræklur, 29)

Þögn er í runnum. Þrösturinn er flúinn.
Þýtur í lofti. – Myrkrið fellur á.
Nú er þá þessi náðartími búinn.
Næðir um bleika fold og úfinn sjá.

Horfinn er tími dýrstu munarminna.
 Man ég ei fegri neinn á lífs míns stig.
 – Ég kveð þig, sumar, sumar sumra minna
 með sól og ást er hlýjast vermdi mig.

(Ég kveð þig, sumar: Kræklur, 95)

Hinstu slögin heyrast bráðum,
 hjarta ársins senn er kalt.
 Löngum, sterkum leyniþráðum
 líf mitt vefja mun það allt.

Ekkert árið hreif mig herra.
 Hjartans þakkir nú ég syng.
 Gef mér, faðir, fyllra, stærra,
 fegra að vinna næsta hring.

Gerðu líf mitt ljóði fegra,
 lyft með hverjum degi mér.
 Ekkert ljóð er yndislegra
 en það líf, sem fagurt er.

(Áramót: Kurl, 112)

Horfinn er mér bernskubær,
 berst ég einn í glaumi.
 Það er orðinn annar blær
 yfir hverjum draumi.

Ellin hjá mér útleigð fær
 eins í vöku og draumi.
 Elfur lífsins ósi nær.
 – Einn ég berst með straumi.

(Annar blær: Kröfs, 164)

Vor hluttekning í harmsins miklu kvöl
 sem hismi er
 þótt allir sjái hversu sárt er böll
 að sjá af þér
 á þennan snögga og hryllilega hátt.
 Þar hæfa ei orð. Þau vantar yl og mátt.

Vér getum aðeins hugsað hlýtt með þeim
sem harmar þjá
og beðið þann sem ræður himni og heim
og hjálpráð á
að leggja grös á þetta svöðusár,
að sefa þessi voðalegu tár.

Því hann er alltaf einn sem verður fær
– og eins mun hér –
að leggja á sárið lyfstein svo það grær
uns læknað er
og þá nær sorgin sigurljóðsins klið
en sigruð raunin veitir þrek og frið.

Og hann mun fyrir hverju barni sjá
sem horfið er
og láta það á ljóssins vegi ná
til lífs hjá sér.
Í þeirri trú hvert bölið verður bót
sem brúar yfir dauðans mikla fljót.

(Eftir barn sem dó af slysi: handrit)

IV

Tungutak og ljóðstíll Kolbeins Högnasonar sverja sig í ætt við þau áhrifaöfl sem mótuðu hann ungan. Áhrif aldamótaskáldanna eru auðsæ, ekki síst Stephans G. Stephanssonar og Þorsteins Erlingssonar. Meðal skálda og rithöfunda sem hann mat mest mætti einnig nefna Magnús Stefánsson (Örn Arnarson) sem var náinn vinur hans frá skólaárum, Þorgils gjallanda og Sigurð Nordal. Þegar bækur Kolbeins komu út, á og upp úr styrjaldarárunum, féll alda tíðarandans í nýstárlegar átir og rísandi tíska yngri kynslóðanna var öldungis andstæð rímuðum hefðbundnum kveðskap, enda var honum sópað til hliðar frá athygli margra ljóðaunnenda á komandi árum.

Sums staðar má finna hjúfa eða stirða kveðandi í ljóðum Kolbeins og virðist ljóst að hann hefur ekki lagt þunga áherslu á að finslípa lesmálið. Mætti um svipuð einkenni vísa til margra dæma úr ljóðum þeirra skálda sem Kolbeinn mat mest. Þar sem honum tekst best upp

leikur málið aftur á móti þýðlega við braginn og myndirnar sem upp er brugðið. Mjög mörg kvæða hans eru frásagnarkvæði. Kolbeini er tamara að kveða orðum að beinum lýsingum, beinni frásögn, hugleiðingu eða boðun heldur en að hnýta flókinn ljóðrænan myndvefnað og trúlega mun athugulum lesanda þykja hann ná hæst og lengst þar sem mál og bragur eru algerlega einföld, fábrotin og einlæg. Þetta sést ekki síst þar sem hann yrkir um landið, veður, árstíðir og dýrin.

Dæmi má sjá um kvæði sem eru óþarflega löng, þrýðiskvæði sem eru „sködduð“ af einu eða tveimur erindum sem greinilega hefur ekki verið unnið fyllilega að. Kolbeinn var sagður mjög hraðkvæður enda talandi hagnæltur og er sagt að hann hafi trúað því að hann yrði að reyna að fylgja innblæstrinum meðan hann gæfi. Stundum á hann að hafa hlaupið inn í bæ frá verki, hamast við að skrifa á næsta blað við höndina þar og stokkið svo út aftur til að ljúka útiverkunum. Sums staðar örlar á því að Kolbeinn hafi ekki gert það upp við sig hvort hann ætlar kvæðinu að verða skáldskapur fremur en hag-mælska og yfirleitt verður að telja að hann hafi varla sett sér einbeittan metnað til að skara fram úr – kveðskapur hafi verið honum svo inngróinn og eðlilegur tjáningarháttur og útrás og honum jafnvel á móti skapi að setja sig í einhverjar sérstakar „uppskrúfaðar“ stellingar.

Í bókum Kolbeins eru mörg kvæði og vísur sem eru svo gjörtengd atviki, afmæli, dauðsfalli, almennum umræðum eða öðru slíku að þau ná ekki út eða upp fyrir tilefnið sjálft. Svipuðu máli gegnir um kvæði og vísur sem eru umfram annað bragþrautir í hefðbundnum stíl. Þetta þótti vel við hæfi á fyrri tíð en fæst slíkra verka standast tímans tönn.

V

Hugarheimur Kolbeins Högnasonar mótaðist af þjóðrækni aldamótakynslóðarinnar og af hugmyndum um blómlega sveitamenningu og landbúnaðarsamfélag í skauti náttúrunnar. Trúarhugmyndir hans voru mótaðar af þeirri umburðarlyndu kristni og alþýðlegu kirkjustefnu sem Magnús Helgason og fleiri boðuðu ungu fólki á sínum tíma. Magnús mun hafa haft afgerandi almenn og persónuleg áhrif á Kolbein í skóla. Kvæði Kolbeins og vísur óma af skoðunum og hann hefur talið það eðlilegt meginhlutverk skáldskapar að flytja boðskap

og hugsjónir. Slíkt var og alveg í samræmi við ráðandi hugmyndir þessara kynslóða um skáldskap.

Að venju skálda af sinni kynslóð orti Kolbeinn allnokkur söguljóð og nýtir sögulegt efni víða í kvæðum sínum. Sum sögukvæðanna halda vel gildi og skírskotun og má sem dæmi nefna kvæðið um Síðu-Hall (Kurl) sem dæmi. Athyglisvert er að Kolbeinn tekur í nokkrum kvæðum sjónarhorn kvenna sem einatt hefur verið ýtt til hliðar í bókmenntunum.¹

Náttúrudýrkun liggur eins og rauður þráður um kveðskap Kolbeins Högnasonar og tilfinningin að vera og eiga að vera hluti náttúrunnar, landsins, erja jörðina sem bóndi og láta sér annt um jörð og skepnur. Kolbeinn átti jafnan úrvalshesta í Kollafirði og var mikill hestamaður og elskur að gæðingum sínum. Hann orti til þeirra og mærdi þá í vísum. Nefndir eru Hriki, Jarpur, Stjarni og Tvistur. Hins vegar hyllir Kolbeinn menn og hugsjónir í kvæðum og vísum og hann beitir líka lýsingum og frásögn málstað sínum til stuðnings. Náttúru lýsingar og vedurlýsingar þjóna hlutverkum í skáldlegum málflutningi hans. En hann þarf líka að gagnrýna og lýsa andstöðu eða lasta og spæsetja eftir atvikum.

Það kemur margvíða fram í kvæðum og vísum Kolbeins Högnasonar að honum finnst hann sjálfur hafa tapað orrustu og jafnvel tapað í úrslitabaráttu um örlög mannfélags og menningar. Honum finnst greinilega að sveitameningin sé hrakin á undanhald, að ný viðhorf og nýtt skipulag berji menn niður og hreki þá frá æskilegum lifnaðarháttum og hreinu lífi og frelsi í heimahögum. Þjóðrækileg frumstæðishygga sem kynslóð hans trúði á hefur beðið hnekki eða jafnvel skipbrot. Þegar stríðið, verðbólgan og óðabreytingarnar hafa lagt Ísland undir sig finnst honum kynslóð sín orðin nokkurs konar útlagar á mölinni og honum finnst hann sjálfur þar á meðal hafa hrökklast á flóttu að heiman.

Hann kennir þetta almennum þróunaráhrifum og óheppilegum áhrifum einhverra tiltekinna manna og stjórn málaafra. Hann hafði verið Framsóknarmaður en gekk í Bændaflokk Tryggva Þórhalls-sonar og Jóns í Stóradal. Hann hafði byggt myndarlega í Kollafirði og var áhugasamur í búskapnum. Hann var meðal forystumanna í

1 Dæmi um þetta eru í kvæðunum: Brúar-Brúnn (Olnbogabörn), Dauði Kolbeins unga (Kræklur), Solveig á Miklabæ (Kurl), Unnur Marðardóttir (Kurl), Valgerður í Hlíð (Kurl), Hólsfalla-Guðrún (Kröfs).

Mjólkurfélagi Reykjavíkur og Sláturfélagi Suðurlands um langt skeið og honum féll alls ekki við allar þær skipulagshugmyndir og róttæku tillögur sem snertu landbúnaðinn og hrundið var í framkvæmd þegar leið á 4. áratuginn. Hann mun hafa reikað nokkuð í afstöðu sinni þegar að Nýsköpunarstjórninni kom en hann var henni mjög andsnúinn að vonum.

En hann kennir líka til undan þeirri atburðarás sem varð til þess að hann fluttist brott af bújörðinni í Kollafirði. Áður höfðu aðstæður, bæði í atvinnumálum og fjölskyldulífi hans sjálfs, orðið til þess að hann missti eignarhald á jörðinni í hendur ríkisins eftir að hafa neyðst til að leita aðstoðar hjá Kreppulánasjóði. Þetta hefur gengið honum mjög nærri hjarta. Hann var aldrei efnamaður og mun hafa gengið nærri fjárhag sínum til að eignast jörðina en þegar kreppan skellur á gat hann ekki varist. Hann missir eignarhaldið þótt hann hafi haldið erfðafestu og eign á mannvirkjum og þegar hér er komið sögu var heilsunni tekið að hraka og hann brá búi árið 1943. Það skipti hann miklu máli að jörðin hélt í fjölskyldunni.

Í æsku hafði hann áhuga á námi í íslenskum fræðum og bókmenntum en eftir að hann tók út þroska gat hann ekki hugsað sér að vera eða verða neitt annað en bóndi. Það var honum bæði ljúft og skylt að taka við erfðabúi og skila því áfram til erfingja. En efnahagslegur ósigur varð honum persónulegt áfall og í kvæðum og vísum reynir hann alls ekki að fela þetta á neinn hátt. Vonbrigði hans, stundum gremja og alltaf einlæg sorg yfir þessu, koma víða fram og eru sterkur þráður í skáldskap hans, ekki síst þegar líður á. Víða er yfirbragð kvæða hans þunglyndislegt og fullt af trega og sums staðar gremju yfir þessu öllu. Í þessu er Kolbeinn Högnason líka merkilegur fulltrúi þeirra tíða sem hann lifði og þeirra kennda sem mótuðu heilar kynslóðir Íslendinga á 20. öldinni.

Einhver atvik í þessari atburðarás verða til þess að hann minnst í kvæðum og vísum aftur og aftur á heiðarleika og svik, heilindi og lygi, einlægni og yfirdrepsskap. Eitthvað liggur þessum orðum að baki sem hefur algerlega brennt sig inn í vitund hans. Nú verður ekki skorið úr um þetta en tvennt mætti álykta. Annars vegar er vitað að honum gramdist margt í stefnu og framkvæmdum fyrri samherja þegar leið á 4. áratuginn og ríkisstjórnin (stjórn hinna vinnandi stétta) lét til sín taka í málefnum landbúnaðarins. Hins vegar er vitað að hann lenti í málaferlum við nággranna út af landamerkjum við læk og var málflutningur hans um landamerki ekki tekinn gildur fyrir

réttnum. Honum fannst sér misboðið og þótti að minnsta kosti sem sér hefði verið brugðið um ósannindi fyrir rétti. Honum fannst á sér brotið og mun ekki hafa getað gleymt umsögn dómars. Sveitungarnir skiptust í afstöðu sinni eins og einatt verður og hiti hljóp í málið eins og flest slík. Kolbeinn hafði verið framámaður og notið trausts en þegar á reyndi skiptist hópurinn auðvitað. Þessi úrslit gat hann alls ekki fyrirgefið – hvorki sjálfum sér né öðrum. Nokkrum árum síðar breytti lækurinn sér reyndar einmitt á þá lund sem var grundvöllur vitnisburðar Kolbeins en þá var hann látinn.

Sonur hans og nafni tók við búsför ráðum eftir að Kolbeinn brá búi í Kollafirði. Þau hjónin keyptu sér hús við Laugarnesveg í Reykjavík og þar bjó hann síðustu árin. Fyrst starfaði hann við Áfengisverslun ríkisins en síðar á Skattstofunni. En hann festi aldrei yndi í Reykjavík. Þar leitaði þungur leiði iðulega á hann ásamt söknuði og vonbrigðum sem hér hafa verið nefnd.

VI

Hér hefur mest verið fjallað um kvæðagerð Kolbeins Högnasonar en eins og sagt er í upphafi varð hann mjög kunnur að því að geta kastað fram léttri og fleygri stöku. Eru margar sögur enn til um tildrög einstakra vísna en svo sem vænta má falla þær smám saman í gleymsku. Að auki eru enn til sögur um svokallaða *samkveðlinga* sem Kolbeinn átti þátt í en þá voru menn að skiptast á skotum í hljóðstöfum, mest að gamni sínu en oft með háðsbroddi eða stjórnmálalit í bland.

Auðvitað hefur aðeins brot af stökum Kolbeins geymst og allnokkrar er að finna í bókum hans. Í síðasta safninu, *Kröfsum*, eru auk þess nokkrir samkveðlingar og greint frá tildrögum með stuttri frásögn. Allt bendir til þess að Kolbeinn hafi verið sírykjandi stökur og kveðlinga alla sína þroskaævi enda er þjálfun og æfing mikilvægur þáttur í slíku. Hann hafði auðvitað óteljandi fyrirmyndir í þessu og sjálfsagt hefur þetta byrjað í hópi skólafélaga á unglingsaldri eins og venjulegast er. Trúlega hefur hann að einhverju leyti haft fyrirmynd í föður sínum líka en Högni var ágætlega hagamæltur og eins og ágrip um ætterni Kolbeins sýnir stóðu að Högna ættir með kveðskaparvenjum.

VII

Kolbeinn Högnason var léttur í skapi að dagfari, félagslyndur, skop-samur og við brugðið að hann var hláturmildur og hló hátt með sterkri rödd sinni. Hann var þéttvaxinn og vel gildur er á leið. Hann lenti í bílslysi og bjó lengi við einhverjar þrautir vegna þess, og þegar leið á árin fór heilsan að gefa sig, að einhverju leyti vegna meiðslanna. Hann átti smám saman æ þyngra með ýmis verk og heymæðin versnaði.

Kolbeinn fæddist daginn eftir Jónsmessu, 25. júní, 1889 og lést 14. maí 1949. Hann var trúlofunarbarn foreldra sinna. Móðir hans var Katrín Kolbeinsdóttir Eyjólfssonar en Kolbeinn eldri var sóknar-nefndarformaðurinn í *Innansveitarkroniku* Halldórs Kiljans Laxness. Kolbeinn eldri og Kristín húsfreyja í Kollafirði voru systkinabörn.

Eyjólfur Þorleifsson, langafi Kolbeins yngra, bjó víða en er oftast kenndur við Böðmódsstaði, Ketilvelli eða Snorrastaði í Laugardal í Árnesþingi. Hann hefur orðið ákaflega kynsæll um Suðurland, Suðvesturland og Vesturland og einnig í Vesturheimi. Sú ætt er upp á síðkastið kölluð Laugardalsætt og rakin til foreldra hans, Katrínar Eyjólfsdóttur frá Böðmódsstöðum og Þorleifs Guðmundssonar frá Eystri-Tungu í Landbroti, en hann kom slyppur og snauður undan Síðueldi og eru ættir hans týndar.

Faðir Kolbeins var Högni Finnsson, húsasmíðameistari í Reykjavík frá Meðalfelli í Kjós. Högni var afkomandi síra Páls Þorlákssonar Þingvallaklerks sem var bróðir síra Jóns á Bægisá. Móðir Högna var Kristín Stephensen, prestsdóttir frá Reynivöllum en hún var afkomandi Ólafs stiftamtmanns og Stefáns amtmanns, en þeir fegðar voru afkomendur *austfirsku skáldanna* svokölluðu og báru nöfn þeirra. Móðurafi Kristínar var Þorvaldur Böðvarsson, prestur og skáld. Meðalfellingar eru afkomendur Magnúsar lögmanns, bróður Eggerts Ólafssonar skálds, en Ragnheiður, eiginkona Magnúsar, var dóttir Finns biskups Jónssonar sagnaritara Halldórssonar í Hítardal. Högni bar nafn forföður síns, Presta-Högna.

Kolbeinn Högnason gekk í Kennaraskólann í Reykjavík en foreldrar hans munu ekki hafa komið sér saman um að hann færi í Menntaskólann. Kennaraprófi lauk hann 1913. Að námi loknu gekk Kolbeinn að búskap í Kollafirði á Kjalarnesi þar sem móðir hans, afi og amma bjuggu. Eiríkur Briem, prestaskólakennari og alþingismaður, átti Kollafjörðinn en Kolbeinn keypti jörðina og átti um hríð

uns kreppan skall á og hann varð að leita til Kreppulánasjóðs sem áður getur. Kollafjörður er lítil jörð og ekki kostamikil að gömlu mati. Kollfirðingar voru aldrei vel efnaðir en komust af með vinnu-semi og nýtni. Var ævinlega mjög gott á milli húsbænda og Eiríks landeiganda.

Kolbeinn sat lengi í hreppsnefnd og var um árabil oddviti og gekkst fyrir ýmsu í félagsmálum. Hann var mjög lengi stjórnarmaður og formaður í Mjólurfélagi Reykjavíkur og ritari í stjórn Sláturfélags Suðurlands. Síðustu mánuðina fyrir andlát sitt var hann staðgengill stjórnarformanns í Sláturfélaginu.

Kolbeinn var tvíkvæntur. Fyrri kona hans var Guðrún Sigríður Jóhannsdóttir frá Hænuvík við Patreksfjörð, fædd á Stökkum á Rauðasandi. Eftir skilnað þeirra var Guðrún lengi kennslukona í Miðbæjarskólanum í Reykjavík. Þau áttu tvær dætur og tvo syni. Síðari kona Kolbeins var Málfríður Jónsdóttir frá Bíldsfelli í Grafningi, ættuð af Eyrarbakka. Þau áttu dóttur og son en hún átti son fyrir. Eftir lát Kolbeins hélt Málfríður áfram heimili við Laugarnesveginn.

VIII

Kolbeinn Högnason leit á kveðskapinn sem inngróinn þátt í daglegu lífi og lífsbaráttu. Hann lagði ekki mikinn tíma eða áhuga við að fága eða slípa kvæði sín og vísur, og þegar kunningjar og útgefendur vildu velja kvæði til útgáfu á bók, afhenti hann þeim allt það sem hann átti í förum sínum og allt safnið var gefið út.

Árið 1943 kom kvæðasafn Kolbeins út og var því skipt í þrjú hefti: *Hnoðnaglar*, *Kræklur*, *Olnbogabörn*. Árið 1946 kom nýtt safn, *Kurl*, og loks komu ýmsar viðbætur árið 1948, *Kröfs*. Auk kvæðabókanna samdi Kolbeinn smásagnakver, *Kynlegar kindur*, sem út kom 1946. Eftir Kolbein liggur handrit að nokkru safni kvæða og vísna sem hann hafði tekið saman síðustu misserin sem hann lifði, margt af þessu óbirt, og einnig er til fyrsti hluti þáttar um ferskeytluna og vísnaverð með ýmsum dæmum og samkveðlingum. Þá má minna á að stökur Kolbeins eru víða nefndar eða birtar í ritum annarra höfundna, til dæmis „Sláttuvísurnar“ frægu og svokallaðar „Tappafálúvísur“ hans og Hjálmars Þorsteinssonar á Hofi. Í útfararskrá Kolbeins er sálmur hans „Lífsins og ljóssins Guð“.

Heitið *Hnoðnaglar* er hefðbundin myndhvörf og augljós að merk-

ingu í orðfæri sveitamanns. Í fremsta kvæðinu er reyndar vikið að járnsmíði Kolbeins eldra í Kollafirði, afa skáldsins, en hann var þjóðhagi og er til vísa um það eftir sóknarprestinn síra Matthías Jochums-son. Fremri helmingur bókarinnar er kvæði en síðari helmingurinn stökur. Flest kvæðin eru tækifæriskvæði, afmæliskvæði, minningarljóð eða aðrar kveðjur.²

Annar hlutinn ber heitið *Kræklur*, tekið eftir fyrsta kvæði bókarinnar. Í þessum hluta safnsins eru kvæði með ýmsu efni og fjölbreytilegum brag.³

Þriðji hluti safnsins, *Olnbogabörn*, tekur nafn sitt af næstfremsta kvæðinu. Í þeim hluta eru kvæði af ýmsum toga og aftast eru nokkrar þýðingar. Fremst er þar kvæðið „Móðurást“ (bls. 9).⁴

Næsta kvæðasafn, *Kurl*, er rúmar 300 blaðsíður en nokkrar þýðingar eru aftast í bókinni. Safnið dregur nafn af fremsta kvæðinu.⁵

Síðasta bókin, *Kröfs*, tekur nafn sitt af fyrsta kvæðinu. Kvæðin eru af ýmsu tagi, tækifærissljóð, margs konar hugleiðingar og kvæði sem orðið hafa til á ferðalögum og fleira.⁶ Loks er að nefna á blaðsíðu 222 og áfram þátt um samkveðlinga, „Sláttuvísur“, sem kunnar urðu um Brautarholtstúnið, Kreppulánaengið og ýmislegt fleira.

² Nefna má úr fyrsta hluta kvæðasafnsins: Kollafjarðarhjólin (10. bls.), Breyttur (18), Þórður Guðnason (20), Þorvaldur Guðmundsson (25), Hugleiðing (28), Úrkula (35), Magnús Helgason (39), Jón Jónsson í Stóradal (40), Viktoría Guðmundsdóttir (45), Vorvísur (49), Andrés Ólafsson (57), Ekki mun ég hræðast þig (67), Bjarni Ásgeirsson (72).

³ Nefna má til dæmis úr þessum hluta: Kræklur (bls.10), Sádmaðurinn (26), Starfs- gleði (29), Fjarlægð (48), Saudamenn (58), Hjón (64), Fórinn (80), Útlagaljóð (91), Ég kveð þig, sumar (95), Jón biskup Vídalín (97), Í Naustanesi (103), Hestamenn (114), Sigling um dauðans sjó (132), Magnús Helgason (138), Yrkjungleði (143), Þjósárdalur (148), Magnús Stefánsson (152).

⁴ Þar er einnig vert að nefna: Olnbogabörn (12), Kristur (16), Dagsetur (21), Í háska (25), Rökkurljóð (50), Desember (60), Bólu-Hjálmar (83), Esja (88), Vegamót (103), Tryggvi Þórhallsson (116), Brúar-Brúnn (119), Vorgleði (137).

⁵ Að auki má nefna sem dæmi: Sannur málstaður (29), Fjörbrot (33), Rökkur (42), Á auðnum (67), Lúsarbit (74), Guðjón í Laxnesi (77), Augnablik (85), Greiðasemi (86), Er vorhljómar vakna (103), Síðasta ólagið (111), Áramót (112), Þróun (113), Hvað er lífið? (121), Valgerður í Hlíð (127), Vér dæmum (139), Þorgerður að Öxará (140), Gutti í Koti (236), Náhrafn (237), Síðu-Hallur (243), Allt í hús (249), Kveðja til ljóðsins (286).

⁶ Af kvæðum má þar nefna: Kröfs (5.bls.), Heima (16), Misgerðir (25), Gorkúlur (33), Skammar skár (40), Óskhugur (44), Við Hreðavatn (51), Drykkjumaður (55), Vettvangur dagsins (66), Stríðsgróðamaður (70), Heimþrá (88), Gyllti penninn (90), Heimilsvísa (105), Græn jörð (106), Horft heim (119), Sálmur (121), Vor (128), Sláttulok (132), Annar blær (164), Afmælisdagur (170), Mömmudrengur (180), Ýlustrá (184), Arfurinn (185).

IX

Tímar líða og gamlar bækur liggja í skáp. Þegar þær eru teknar fram og lesnar að löngum tíma liðnum finnur lesandinn ný blæbrigði og dæmir lesmálið á nýjan hátt. Samkvæmt venjunni verður það jafnan færra, minna og styttra sem hlýtur „góðan“ dóm – og fleira, meira og lengra sem þykir hafa þokast undan „tímans straumi“. Tilfinning, ljóðskilningur og smekkur breytast smám saman án þess að maðurinn sjálfur taki eftir því á liðandi stund. Kolbeinn Högnason í Kollafirði var ágætur fulltrúi hagyrðinga og margar stökur hans standa enn vel fyrir sínu enda þótt beint tilefni margra þeirra hafi þokast inn í gleyskuna. Á umliðnum árum hefur áhugi og skilningur á vísnagerð og hagamælsku góðu heilli vaxið mjög með þjóðinni og Kolbeinn stenst ágætlega samanburð í þessari list.

En athugull ljóðalesandi mun einnig finna að nokkur kvæði Kolbeins hafa varanlegt skáldskapargildi. Þar sem honum tekst vel upp leika mál, ljóðstafir og rím vel saman með skýrum ljóðmyndum, frásagnarhætti og boðun. Hann tjáir hug kynslóðanna sem ólust upp í trú á heiðarlegt strit í skauti náttúrunnar í ætlandi metnaðar og þjóðrækni en sáu önnur sjónarmið sigra og ókunnugt samfélag rísa í landinu á rústum þessara hugsjóna. Í þessu túlkar Kolbeinn einlæggar kenndir og sístæð lífsgildi, og þar sem honum tekst best á hann enn erindi við lesanda.

HEIMILDIR

LJÓÐABÆKUR KOLBEINS

Hnoðnaglar. 1943. Ísafoldarprentsmiðja hf., Reykjavík.

Kræklur. 1943. Ísafoldarprentsmiðja hf., Reykjavík.

Olubogabörn. 1943. Ísafoldarprentsmiðja hf., Reykjavík.

Kurl. 1946. Ísafoldarprentsmiðja hf., Reykjavík.

Kröfs. 1948. Ísafoldarprentsmiðja hf., Reykjavík.

SMÁSÖGUR KOLBEINS

Kynlegar kindur. Brynjólfur Magnússon, Reykjavík.

GETIÐ Í RITUM

Brynleifur Tóbiásson. 1944. *Hver er maðurinn. Íslendingaævir*. Fagurskinna, Reykjavík.

Hjálmar Þorsteinsson. 1950. *Kvöldskin*. Reykjavík.

Hjálmar Þorsteinsson. 1964. *Rökkurstundir*. Reykjavík.

Ólafur Þ. Kristjánsson. 1958. *Kennaratal á Íslandi I*. Prentsmiðjan Oddi hf., Reykjavík.

Sigurbjörn Þorkelsson. *Himneskt er að lifa* 1–5. Reykjavík.

HANDRIT

Handrit með kvæðum, vísum og frásagnapáttum í eigu Gerðar Kolbeinsdóttur.

Sigrún Haraldsdóttir

Fjögur ljóð

Lækjarsonnetta

Ég heyri lækinn, langt að kominn þylja
sitt ljóð um fjallið, brekkuna og vindinn
um birtuna sem baðar hæsta tindinn,
og björgin hvöss í djúpi myrkra gilja.

Um fuglana sem fljúga vængjum þöndum
og fránum sjónum efstu heima gæta.
Og ljósálfa er logum dagsins mæta
er lýsa bjart frá himins morgunströndum.

Hann fossar yfir klappir, steina og strýtur
og strýkur yfir laut í grænum klæðum
og rennur framhjá björkum sem þar búa

Og vatnið niður brattar flúðir flýtur
og flytur tíðindi úr efstu hæðum

Fól

Orðið er heilagt og hann lýkur við að gefa. Hengir lamp-
ann á stoð í miðju húsi, tyllir sér á garðabandið og
borðar bitann sinn. Seilist í vasann og nær í bókina.
Dálitla stund fletta sverir fingur þunnum blöðum og
þegar þeir staðnæmast tekur hann ofan og byrjar að lesa,
hægt og hátíðlega „En það bar til um þessar mundir“...
Og það er friður með fénu.

Í ringulreiðinni

í ringulreiðinni
tókst mér að finna
nothæft bros
sem ég smeygði yfir höfuðið
eins og lambhúshettunni
sem þú gerðir mér í æsku
og tókst á síðustu stundu
að troða á ekkanum
og stóð á honum af öllum mínum þunga

og þú sem dauðinn hafði þegar merkt
lést sem ekkert væri

Í þátíð

í þátíð
lékum við vini

ég var spegill
og leitaðist við
að milda mynd þína

staðfesti mig í viðmóti þínu

í nútíðinni
þreifa ég leitandi
með blindum
fingrum um andlituð

Þórður Helgason

Gellini á ferð og flugi

I Inngangur

Árið 1806 fæddist danska skáldið Christian Winther. Hann var prests-sonur og lærði síðan sjálfur til prests en þjónaði aldrei þótt fyrir kæmi að hann sækti um embætti hjá kirkjunni er fjárskortur svarf að. Hann sá löngum fyrir sér með kennslu en skáldadraumar hans undir sterkum áhrifum frá Heine og Byron settu öllu borgaralegu lífi og hegðan lengi vel þröngar skorður en öfluðu honum þess í stað óbærilegra skulda og sorga, ekki síst í ástamálum. Winther var kominn á sextugsaldur er jafnvægi komst á í lífi hans, kvæntur maður og kennari krónprinsessunnar.

II „Til Een“

2.1 Lad os vandre

Fyrsta verk Winthers var *Digte* (1828) og hlaut hann nokkurn frama af. Ljóð hans þóttu alþýðleg og auðskilin og auk þess sló hann þjóðlegar nótur sem féll vel í kramið. Winther var þó fyrst og fremst skáld ástarinnar, bæði í ljóðum sínum og sögum.

Í bókinni *Digtningar* (1843) birtist ljóðaflokkurinn „Til Een“ sem skáldið hélt síðan áftam að bæta við í *Nye Digte* (1851) og lauk við í *Samlede Digtninger* (1860). Þessi ljóðaflokkur hefur síðan haldið nafni Winthers á lofti umfram önnur verk hans og hefur verið gefinn sérstaklega út á bók.¹

„Til Een“ er safn 137 ljóða sem eiga að talsverðu leyti rætur í ástarævintýri skáldisins og Julie, giftrar konu sem síðar varð sambyliskona hans og loks eiginkona.

Athygli vekur að ljóðaflokkurinn einkennist mjög af fjölbreytni í

¹ Winther (1927).

bragarháttum. Hér verður nú staldrað við 11. ljóð flokksins sem hefst svo:²

Lad os rejse, lad os vandre,
Lad os fjernt fra Verden gaa!
Lad os, enige med hverandre,
Evigst Stedet kun forandre,
Hvor vort Hjertes Blomst tør staa.

„Til Een“ er þannig eins konar óður til frelsisins, fjallalífsins, jafnvel eirðarleysis – gegn hinni lamandi kyrrstöðu og gervilífi borgarans þar sem vaninn og borgaralegt öryggi hefur tekið öll völd; óður til útlagans, uppreisnarmannsins auk þess að vera ljóð um ástina:³

Der er Død i denne Stilhed,
Denne døsig-sikre Ro!
Liv der er i Fjeldets Vildhed,
I en sydlig Aftens Mildhed,
Hvor Cypres og Fugne gro.

Þess má geta að „Til Een“ lýkur með bragði sem sem kallað hefur verið rómantískt tvísæi; hið háleita og upphafna verður skyndilega og án undirbúnings eða aðdraganda jarðfast með afbrigðum og lesandnum er þá kippt inn í kaldan veruleikann.⁴

Trofast? – ak, du ved det Hulde!
At mit Hjerte, varmt og ømt,
I sin Elskovs rige fulde
Verden kender ei til Kulde –
Ak, men Rejsen – er kun drømt!

2.2 Hátturinn

Erindin í þessum 11. þætti „Til Een“ eru, eins og fram hefur komið, fimm línur, öll með fjórum bragliðum án undantekninga, og forliðir sjást ekki. Rímið er AbAAb. Háttur þessi er eldri á Norðurlöndunum

² Winther (1927:28).

³ Winther (1927:29).

⁴ Winther (1927:32–33).

en ljóðaflokkurinn sem hér er til umræðu og Hallvard Lie kynnir nokkur skáld sem ortu undir honum áður en Winther kom til sögunnar með sitt ljóð.⁵

Á það má benda að í 27. ljóði í „Til Een“ beitir Winther hætti sem er alveg eins og sá sem hér hefur verið lýst, fyrir utan það að hver lína hefst á forlið svo sem sjá má á fyrsta erindi ljóðsins:⁶

Jeg ser det grant, du favre Kvinde!
At aldrig jeg har elsket før,
Men evigt vandret kun i Blinde!
Nu ved jeg vist, nu skal jeg vinde
Paa Jord min Himmel, før jeg dør.

2.3 Hátturinn kynntur á Íslandi

Háttur Winthers virðist fyrst koma til sögunnar heima á Íslandi í ljóði Jónasar Hallgrímssonar, „Óskarád“ með undirtitlinum „(Vinnukona kvartaði um, að hún fengi ekki þjónustukaup)“. Kvæðið er léttvægt, örlítið erótískt, og verður seint talið með afrekum Jónasar á skáldskaparsviðinu. Það hefst þannig:⁷

Ég skal kenna þér að þjóna
þælnum fyrir ekki neitt.
Settu fyrst upp svarta skóna,
svo hann fari á þá að góna.
Gerðu honum síðan helið heitt.

Eins og sést á síðustu línunni er háttur Jónasar ekki alveg reglulegur þar sem þríliður skýst inn, raunar eina frávikíð í kvæðinu frá reglunni um tvíliði.

Gísli Brynjúlfsson kemur einnig við sögu. Eftir hann er ljóðið „Hreiðar og Hervör“ frá árinu 1848. Það er ástarljóð, fremur væmið, og rís ekki hátt sem slíkt. Hér er síðasta erindið:⁸

⁵ Lie (1967:544).

⁶ Winther (1927:52).

⁷ Jónas Hallgrímsson (1944:192).

⁸ Gísli Brynjúlfsson (1891:354).

Rís þá Hreiðar hetjan unga,
heldr mey í faðmi sér,
augun tala en eigi tunga,
aldrei frammar stunan þunga
heyrist, sælan eilíf er.

Háttur Gísla er ekki alveg reglulegur þótt litlu muni.

III Grímur Thomsen

3.1 Háttur í uppáhaldi

Þegar háttanotkun Gríms Thomsen er könnuð blasir við sú staðreynd að hann hefur tekið ástfóstri við bragarháttinn sem hér hefur verið gerður að umtalsefni. Alls yrkir hann undir honum sjö ljóð. Þau eru „Jósephsdalur“, „Tókastúfur“, „Helga fagra“ í ljóðaflokknnum „Íslenskar konur“, „Svarkurinn“, „Allan a Dale“, „Konráð Gíslason“ og „Arnljótur gellini“.

Erfitt er að finna samnefnara fyrir öll þessi kvæði en þó má benda á að þau fjalla gjarna um þá sem á einhvern hátt skera sig úr, eru einmana, útlagar, útilegumenn og stórbrotnar hetjur en um leið ógæfumenn sem kljást við óstýrilát öfl hið innra.

Bragarhátturinn er hjá Grími ekki alveg hreinn; ekki alveg ein-skorðaður við tvíliði. Fyrir kemur að sjá má forliði og þríliði læðast inn.

3.2 Arnljótur gellini

Ég geri það að tilgátu minni að það sé einmitt ljóðið „Til Een“ sem léði Grími háttinn er hann tók að huga að yrkisefnum eins og Arnljóti gellina. Upphaf danska ljóðsins „Lad os rejse, lad os vandre“ og ýmislegt í anda þess bendir sterkt til þess.

Arnljótur gellini er að ýmsu leyti hárómantísk hetja – einrænn, sterkur og hugaður – en einnig stigamaður í baráttu við umhverfið – en þó fyrst og fremst við sjálfan sig, eðli sitt og stríða lund – en að hinu leytinu má hann ekkert aamt sjá og hjarta hans slær með öllum þeim sem minna mega sín.

Engum blöðum um það að fletta að Arnljótur gellini hitti í mark, sló í gegn. Það vitum við best sem fengum ljóðauppeldi okkar eftir miðja síðustu öld. Ekkert þótti sjálfsagðara en að við lærðum kvæðið um hetjuna og stigamanninn, helst utan að, og skildum til hlítar baráttu hans og sálarlíf.

Það virðist og ljóst að gellini hefur höfðað sterkt til þeirra skálda sem tóku við merkinu eftir daga Gríms. Um það verður nú fjallað.

IV Gellini fer víða

4.1 Guðmundur G. Hagalín og „Einstæðingur“

Árið 1917 birtist ljóð Guðmundar G. Hagalíns „Einstæðingur“ í *Huldu* sem var handskrifuð ljóðabók ungskáldanna í Menntaskólanum í Reykjavík og þarf ekki að fara í grafgötur um að þar gengur Gellini aftur. Ljóðið er sex erindi og hátturinn er hinn sami nema Guðmundur útfærir rímið: OaBBa í stað AbAAb. Fyrsta línan stendur þannig stök án ríms.

Einstæðingur Hagalíns er miklum kostum búinn (eins og Gellini) en bindur ekki bagga sína sömu hnútum og aðrir og gengur lítt færar götur úr alfaraleið, er nokkurs konar uppreisnarmaður. Þannig er einstæðingnum lýst:⁹

Hann var fríður, hraustur, styrkur,
hafði djarfa og mikla lund,
vildi ei til þess verða borinn
að verða að feta gömlu sporin
eftir sléttri, greiðri grund.

Ljóð Hagalíns er augljóst hetjuljóð – um hinn sterka einstakling sem ber að ýmsu leyti af öðrum mönnum en nær vegna eðlis og skapgerðar ekki að njóta hæfileika sinna til fulls.

Tvö síðustu erindin eru útlekking skáldsins; það er skylda okkar meðaljónanna að styðja við bakið á slíkum ofurmennum á leið þeirra upp á þá tinda sem við komumst aldrei upp á nema í draumum okkar um daga og nætur:¹⁰

Því vér ætlum æ að styrkja
alla, er hafa skarpa sýn,
þrek í hjarta, afl í armi,
eldlegt fjör og tign und hvarmi
– og telja hetju tökin brýn.

⁹ Guðmundur G. Hagalín (1973:17).

¹⁰ Guðmundur G. Hagalín (1973:17).

4.2 Förukona

Tveimur árum eftir að Guðmundur Hagalín sendi frá sér sinn „Einstæðing“ birtist ljóðið „Förukonan“ í *Ljóðmælum Höllu Eyjólfsdóttur frá Laugabóli*. Förukona Höllu er útlagi í samfélaginu eins og Gellini svo sem sést í fyrsta erindi ljóðsins af sex:¹¹

Sundurtættir tötrar hanga
til og frá um líkamann; –
alein þannig út réð ganga
auminginn hún gamla Manga; –
öll var horfin ánægjan.

Og nú er hetjuljómi rómantíkurinnar horfinn en raunsæið tekið við. Manga er einstæð móðir sem misst hefur barn sitt og þar með alla lífsgleði. Hún velur sér því verganginn og loks að deyja undir sjávarhömrum enda muni hún þá finna barn sitt að nýju í eilífri sælu:¹²

Friðsæl munu fylgjast bæði
fagurt yfir sólarhvel,
ánægð saman una' í næði,
æðstu váðar þiggja gæði;
Förukona! farðu vel!

Í sömu bók er ljóðið „Gömul kona göngumóð“. Enn er þar lýst förukonu – en nú er hetjumyndin skýr:¹³

Neðst í ánni grillti' í granda.
Grýtta vaðið stiklar fljóð, –
upprétt vildi' í straumnum standa;
steiptist þó, en neytti handa
gömul kona göngumóð.

Halla lýsir hér gamalli konu sem býst til að vaða straumpungt fljót fjarri byggð fremur en leita á láglandi eftir auðveldari leið – og sigrar:¹⁴

¹¹ Halla Eyjólfsdóttir frá Laugabóli (1919:73).

¹² Halla Eyjólfsdóttir frá Laugabóli (1919:74).

¹³ Halla Eyjólfsdóttir frá Laugabóli (1919:54).

¹⁴ Halla Eyjólfsdóttir frá Laugabóli (1919:54).

Stóð hún upp, við stafinn langa
 studdi sig og þögn óð;
 hetjuleg í straumnum stranga
 streittist, unz á land réð ganga,
 gömul kona göngumóð.

4.3 Þorsteinn Þ. Þorsteinsson og leikmærin

Enn líða tvö ár og kom þá út ljóðbókin *Heimhugi* eftir Þorstein Þ. Þorsteinsson. Þar er ljóðið „Leikmærin“, langt ljóð í fimm háttum sem hefst á eins konar innangi, einu erindi undir Gellina-hættinum:¹⁵

Fer að höndum fyrsti þáttur;
 fólkið situr hægt í ró.
 Hjóðfæranna hljómar sláttur;
 hjartað grípur söngsins máttur;
 bjöllur hringja gling, glang, gló!

Eftir þetta upphaf má segja að ýmsum tilbrigðum við háttinn sé beitt enda ekki um hefðbundna erindaskiptingu að ræða. Þannig hefst til dæmis 2. þáttur:¹⁶

Leikhústjaldið upp er undið;
 yfir sviðið ljóma slær.
 Eins og hafi ástvin fundið,
 auga sérhvert starir bundið
 fjötrum þeim, sem fegurð ljær.
 Stormur hljóms í blæ er breyttur;
 birtan æðstu fylling nær;
 ljósahringur litum skreyttur
 logageislum stafar fjær.

Og þannig er haldið áfram án erindaskiptingar en ljóst er að fyrstu fimm línurnar eru undir hætti Gellina en síðan taka við ýmis tilbrigði við hann og aðra hætti.

Ljóð Þorsteins fjallar um unga leikkonu. Hún er undurfögur, dáð og elskuð – en hún á sig ekki lengur; fólkið hefur hrifað hana til sín

¹⁵ Þorsteinn Þ. Þorsteinsson (1921:51).

¹⁶ Þorsteinn Þ. Þorsteinsson (1821:51).

og gert að sinni eign og hún verður að haga sér í samræmi við það.
Hún er útlagi í eigin lífi:¹⁷

Meðan henni hrósar lýður,
hníga niður einnar tár,
tár frá þungum tótleiksstundum
[...]
svanninn aleinn syngur lúinn,
syrgjandi með votar brár.

Og svanninn syngur um þrældóm sinn, uppgerð, fé og frægð:¹⁸

„[...]
líkt og eimvjel áfram knúin,
yfir vissan sporveg snúin.“

Og í lokin á leikmærin einungis eina bón:¹⁹

„tak mig, tak mig hæðaheimur,
heiti, mildi næturgeimur!
Hyl mig alvalds örmum þínum,
eilíf-djúpi himnasjár!“

Þannig á leikmærin einsemdina og útlegðina sameiginlega með Gellina og þeim fleiri sem hér hefur verið lýst. Það er hægt að þreya eyðimerkurgöngu í fé, frægð og frama.

4.4 Jónas Þorbergsson og eyðibýli

Árið 1936 kom út bókinn *Ljóð og línur* eftir Jónas Þorbergsson. Þar er að finna ljóðið „Eyðibýli“ og fer síður en svo illa á því að það sé undir Gellina-hættinum. Eyðibýlið er eins konar útlagi, einmana og afskipt fjarri byggðum – eins og Gellini forðum!²⁰

Sligað er þak og snúnir ásar,
snaraðir veggir þessa ranns,

¹⁷ Þorsteinn Þ. Þorsteinson (1921:54–55).

¹⁸ Þorsteinn Þ. Þorsteinsson (1921:55).

¹⁹ Þorsteinn Þ. Þorsteinsson (1921:55).

²⁰ Jónas Þorbergsson (1936:68).

biðuð hurð og brotnir lásar,
um breiðar gættir vindur másar. –
Hér er að eyðast orka manns.

4.5 Gellini í verkalýðsbaráttu

Fimm árum áður hafði Sigurður Ívarsson, róttækt verkalýðsskáld og höfundur tveggja ljóðabóka, birt ljóðið „Allir í stríð“ í *Verkin tala*. Ljóðið er skopádeila á stríðsástand í íslenskri pólitík.²¹

Eru nú komnir út að berjast
allir vorir skárstu menn.
Einir sækja, aðrir verjast;
ýmsir rotast, hinir merjast.
– Dáðir margar drýgjast enn. –

Það fer dável á að skopast að hetjulegum tilburðum stjórná-
mannanna undir hætti sem búinn var sannri hetju; skopið eykst enn
og verður beittara – og ádeilan þar með. Þannig lýkur þessu skemmti-
lega ljóði.²²

Hugrakkar af hólmi læðast
hetjur margar, – það er von. –
Ákaflega er hægt að hræðast.
Hriflungar í burtu slæðast.
– Og þar sprakk Jónas Þorbergsson. –

4.6 Helgi Sæmundsson og smaladrengurinn

Af framansögðu kemur ekki á óvart að Helgi Sæmundsson skuli velja sér Gellina-háttinn þegar hann yrkir um smaladreng í „Smalavísu I“ í ljóðabókinni *Kertaljósið granna*. Ljóðið lýsir smala sem situr fastur í starfa sínum en þráir að fara á vit víðsýni og frelsis og gæti sem best tekið undir með Winther, „Lad os rejse, lad os vandre“.²³

Dagur skín um veröld alla,
upp er runnin morgustund.

²¹ Sigurður Ívarsson (1931:68).

²² Sigurður Ívarsson (1931:25).

²³ Helgi Sæmundsson (1981:25).

Óraleiðir til mín kalla
raddir hinna bláu fjalla,
hug minn draga á sinn fund.

En smalinn er fangi meðan hugurinn stefnir til fjallanna frjálsu og kemst ekki frá daglegri önn nema í draumi:²⁴

Þeirra yndi vil ég hljóta
svo mitt lyndi verði glatt,
viðsýnis og frelsis njóta,
reyna lífsþrótt úngra fóta
sem mig bera langt og hratt.

Eins og hér sést er háttur Helga alveg reglulegur eins og hjá Winther – en Helgi hafnar ljóðstöfum með öllu og kann ég enga skýringu á því.

4.7 Erlendur og Gellini í Unuhúsi

Það er síður en svo tilviljun að Steinn Steinarr velur sér Gellina-háttinn þegar hann yrkir „Afmæliskvæði“ til Erlendar vinar síns Guðmundssonar í Unuhúsi 17. maí 1942.

Kvæðið ar afar skemmtilegt, ekki síst í myndmálinu, en í fyrstu tveimur erindunum lýsir Steinn manni sem hafnar öllu hinu stundlega og veraldlega með fyrirlitningu:²⁵

Hátt er undir himinrjáfur,
hugans þangað teygist björk.
Lágt þótt standi lífsins kláfur
langt í fjarska andans mávur
flýgur yfir fjörð og mörk.

Þannin var og þínum anda
þeygi rótt við matarstrit.
Líkt og silungs lítill branda
laglega smjúgi milli handa,
æðra gekkst þú valdi á vit.

²⁴ Helgi Sæmundsson (1921:25).

²⁵ Steinn Steinarr (1964:195).

Pannig er Erlendur í ætt við Gellina – utanveltu í samfélaginu á margan hátt en hverjum manni hollari sem á hjálp þarf að halda:²⁶

Lífs á gæði veitull varstu.
Veit það margur hér í bý.
Kaffið sæta í bollum barstu,
bágstöddum í nefið skarstu.
Ekki kvarta eg undan því.

Hér virðist þessi háttur eiga sérlega vel við.

4.8 Seiðkona Sigfúsar Blöndals

Sigfús Blöndal yrkir ljóðið „Seiðkona“ undir hætti sem er eins og hátturinn sem Grímur beitti utan það að fyrsti bragliður hverrar línu er ýmist þríliður eða forliður með tvílið. Hér er seiðkona Sigfúsar tekin með vegna þess að kvæðið er að efni og anda mjög líkt ljóðunum sem ég hef hér að framan tengt við Arnljót gellina. Seiðkonan, sem lýst er í ljóðinu, er friðlaus einfari, útlagi úr mannheimi og illvirki sem ekki ræður við eðli sitt. Það sést vel á síðasta erindi ljóðsins:²⁷

Hamastu elding, út um geima,
óveður skeki himintjald!
Eitthvað á burt mín sál mun sveima,
sama er mér hvar ég á heima,
yfir mér hefir ekkert vald.

Varla hefði Gellini getað lýst sjálfum sér betur!

V Gríms minnst

Það er gömul hefð að yngri skáld minnst látinna skáldbræðra og -systra og sýni þeim virðingu sína með því að yrkja um þau undir háttum sem þeim voru hjartfólgirnir. Davíð velur sér einmitt Gellina-háttinn þegar hann gerir upp hug sinn gagnvart skáldbróður sínum í ljóðinu „Grímur Thomsen“ í bókinni *Að norðan* frá árinu 1936 – og meira en það. Grímur er í ljóði Davíðs einkennilega líkur Gellina:²⁸

²⁶ Steinn Steinarr (1964:196).

²⁷ Sigfús Blöndal (1917:45).

²⁸ Davíð Stefánsson (1936:159).

Með tiginbornum sendisveitum
 sat hann margan konungsfund.
 Brá þar stundum beittum skeytum,
 þar þar eins og ljón af geitum,
 frjálsborinn og forn í lund.

Og áfram er Grími Thomsen lýst sem einfara, þrjóskum, þykkju-
 þungum og utanveltu á margan hátt:²⁹

Betra er að fylla bóndans sæti
 í byggðum þeim, sem hjartað ann,
 en reika einn um rökkvuð stræti,
 rændur sínu eftirlæti,
 í ónáð við sinn innri mann.

VI Hátturinn á öðrum miðum
Sálmar, ástaljóð og náttúrudýrkun

Vissulega koma fleiri skáld og verk þeirra við sögu háttarins sem hér
 er í meginhlutverki. Matthías Jochumsson þýðir til dæmis sálm eftir
 J. S. Blackie undir þessum hætti og skreytir hann meira að segja inn-
 rími í fyrstu línu, en sálmurinn á vitaskuld ekkert skylt við útilegu-
 manninn og ólánsmanninn Gellina:³⁰

Englar hæstir, andar stærstir,
 allir lofi Drottins nafn.
 Allt, sem andar, allt sem lifir,
 uppi, niðri, himnum yfir,
 dýrki, lofi Drottins nafn.

Svo sem hér sést er hátturinn með rímlausri fyrstu línu eins og hjá
 Guðmundi G. Hagalín.

Þeir Páll Ólafsson og Benedikt Gröndal eiga hvor sitt ljóðið undir
 hættinum, Páll ástarljóðið „Manstu eftir fyrri fundum“³¹ og Benedikt
 „Ó, þú fagri fjalladalur“³² sem er lofgjörð um íslenska náttúru í há-
 rómantískum anda.

²⁹ Davíð Stefánsson (1936:160).

³⁰ Matthías Jochumsson (1937:24).

³¹ Páll Ólafsson (1984:134).

³² Benedikt Gröndal (1900:171).

Lokaorð

Hér hefur verið fylgst með Arnljóti gellina frá því að hann endurfæddist í hinu fræga kvæði Gríms Thomsen. Hann tók á sig ýmsar myndir í meðförum skáldanna – en hélt ævinlega einhverjum þáttum í eðli sínu og einkennum.³³

Þetta er síður en svo ný bóla. Hættirnir marka gjarna yrkisefnum braut; ljóð sem koma í kjölfar eftirtektarverðra og frægra ljóða halda sig oft við sama eða svipað heysgarðshorn. Þess vegna eignuðust íslenskar bókmenntir Gellina í ýmsum myndum.

HEIMILDIR

- Benedikt Gröndal. 1871. *Kvæðabók*. Sigurður Kristjánsson, Reykjavík.
 Davíð Stefánsson. 1936. *Að norðan*. Þorsteinn Jónsson, Reykjavík.
 Gísli Brynjúlfsson. 1991. *Ljóðmæli*. Prentsmiðja J.H. Schultz, København.
 Guðmundur G. Hagalín. 1973. *Þá var ég ungur*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
 Gunnar S. Hafdal. 1934. *Glæður I*. Félagið „Birtan“, Akureyri.
 Halla Eyjólfsdóttir frá Laugabóli. 1919. *Ljóðmæli*. Sigurður Þórðarson frá Laugabóli, Reykjavík.
 Helgi Sæmundsson. 1981. *Kertaljósið granna*. Skákprent, Reykjavík.
 Jónas Hallgrímson. 1944. *Ljóðmæli*. Tómas Guðmundsson bjó til prentunar. H.F. Leiftur, Reykjavík.
 Jónas Þorbergsson. 1936. *Ljóð og línur*. Prentsmiðjan Acta H.F., Reykjavík.
 Lie, Hallvard. 1967. *Norsk verslære*. Universitetsforlaget, Oslo og Stockholm.
 Matthías Jochumsson. 1975. „Englar hæstir ...“ (þýðing á sálmi eftir J.S. Blackie). *Sálmabók* íslensku kirkjunnar. Kirkjuráð, Reykjavík.
 Páll Ólafsson. 1984. *Kvæði*, síðara bindi. Sigurborg Hilmarsdóttir gaf út. Skuggsjá, Hafnarfirði.
 Sigfús Blöndal. 1917. *Drotningin í Algeirsborg* og önnur kvæði. Þorsteinn Gíslason, Reykjavík.

³³ Hér er skylt að geta þess að vart hef ég fundið öll þau ljóð sem íslensk skáld hafa ort undir tilteknum hætti; vafalítið eiga fleiri eftir að koma í ljós.

- Sigurður Ívarsson. 1931. *Verkin tala*. Prentsmiðjan á Bergstaðastræti 19, Reykjavík.
- Steinn Steinarr. 1964. *Kvæðasafn og greinar*. Helgafell, Reykjavík.
- Winther, Christian, 1927. *Til Een*. Wilhelm Priors kgl. Hofboghandel, København.
- Þorsteinn Þ. Þorsteinsson. 1921. *Heimhugi*. Þorsteinn Gíslason, Reykjavík.

Einar Jónsson

„... en eygir hvergi fjallið sjálf“

Í þessu greinarkorni er fjallað um ljóðið „Mörleysur“ eftir Stefán Hörð Grímsson.

Útkoma ljóðabókar Stefáns Harðar *Hliðin á sléttunni*,¹ árið 1970, vakti athygli í heimi bókmenntanna. „Mörleysur“ er næstsíðasta ljóð bókarinnar, það fimmtánda af sextán ljóðum hennar.

Ólafur Jónsson bókmenntafræðingur ritaði skömmu eftir útkomu bókarinnar gagnrýni og tók henni vel. Í lokaorðum ritdómsins segir hann: „Hliðin á sléttunni er verk fullveðja frumlegs skálds, furðulega fjölbreytt og efnismikil þó hún sé lítil, bók sem áreiðanlega kallar á nánari kynni – „dögunin á bak við morguninn“ sem hún lýsir.“²

Ekki eru öll ummæli Ólafs eins vel til fundin og þessi. Hann nefnir ljóð í bókinni („Eindaga“, „Síðdegi“, „Þrettán gular ein svört“) sem hann segir „lýsa einkennilega jafnvægri, eindreginni böhlhyggju. Skáldið horfir við heimi sem á sér enga von, veitir engra kosta vöð, og lætur sér á sama standa.“³ Það hlýtur að vera ofmælt að fullyrða að þetta muni vera viðhorf skáldsins sjálfs. En hugsanlega mætti eigna þau mælandanum í einhverju nefndra ljóða.

Um efnivið ljóðanna nefnir Ólafur tvenns konar viðfangsefni: ljóðið sjálf og náttúruna. Sem dæmi fyrra viðfangsefnisins nefnir hann ljóðin „Eter“, „Játning“ og „Heyannir“. Síðan segir hann:

Náttúrumyndir virðast [...] uppistöðupáttur í ljóðmáli Stefáns Harðar, ljóða sem alls ekki fjalla um náttúru, landslag hlutlægum hætti heldur tjá huglægan veruleik, skáldheim sem sumpart að minnsta kosti er reistur í vísvitaðri andstöðu við raunheim. Síðasta ljóð bókarinnar, Fjöll, um fjallið Laufsali sem hvergi finnst nema í spegli Laufsalavatns, lýsir þessu viðhorfi í

¹ Stefán Hörður Grímsson (2000:63–86).

² Ólafur Jónsson (1979:96).

³ Ólafur Jónsson (1979:95).

hnotskurn – einföldum orðum þess tekst það sem mest er vert að gera þessa skynjun, reynslu verulega.

Á henni eru reist einkennilegustu kvæðin í bókinni, Bersalir til dæmis, orðin öldungis huglæg, sem orða sinn eigin heim svo einkennilega nálægan og nærtækan okkar heimi hinna. Til þeirra verður varla vitnað nema í heilu lagi – hér er [...] ljóð sem nefnist Mörleysur til marks um þann áfanga sem Stefán Hörður er nú staddur:⁴

Grjót og loft.
Engar vörður benda á leiðir
til næstu grasa.

Á þessum auða stað
í veggjalausri þögninni
kviknar þér sumartungl.

Veidimaður og bráð hugrenninga
næturbokan flýr af enni þínu.
Eggjar glóa. Það er morgunn.
Þú hverfur inn í dögunina
bak við morguninn.

Ljóðið er að mínu viti gott dæmi um þann áfanga sem Stefán Hörður var staddur í árið 1970. En Ólafi Jónssyni er hér líkt farið og mannum sem leitar að fjallinu Laufsölum, að hann „eygir hvergi fjallið sjálf“. Munurinn er hins vegar sá að ljóðmælandinn bæði í „Mörleysum“ og „Fjöll“ veit af fjallinu sem leynist sjónum, hinu hlutlæga fjalli, en bókmenntafræðingurinn ekki.

Mörleysur eru dálítið fjallpláss í miðjum suðurhlíðum mikils fjalls á Suðurlandi, sem í rauninni heitir ekki neitt⁵ en er þó engu að síður fjall guðanna, fegurðarinnar og skáldskaparins. Þetta er skáldinu, *veidimanninum* sem hefur sér *hugrenningar* að *bráð*, og er þar á ferð fyllilega ljóst þrátt fyrir að fjallinu sé sparlega lýst: *Grjót og loft*. Kannski er þá enn þoka á háfjallinu, kannski sér ekki til háfjallsins þar sem skáldið er stadd í fjallshlíðinni. Í ljóðinu verður náttúran sjálf – skynjun skáldsins á þessum tiltekna stað og tíma – og heimur skáldskapar

⁴ Ólafur Jónsson (1979:95–96); Stefán Hörður Grímsson (2000:85).

⁵ *Íslandsatlas* (2005, kort 40 og 73) og *Lambafell og Seljavellir* (örnefnaskrá).

og goðsagna ekki sundur skilin heldur er hvort sín hlið á sama peningnum og verður án hvorugs verið ef skilja á ljóðið fullnægjandi skilningi. Vissulega er ljóðið ekki einvörðungu bundið ákveðnum stað og stund. Það tjáir einnig *huglægán veruleik, skáldheim*, en hann liggur ekki allur á yfirborðinu fremur en heimur náttúrunnar í ljóðinu.

Stefán Hörður Grímsson (1919–2002) ólst upp, að miklu leyti, hjá móðurfólki sínu í Selkoti undir Eyjafjöllum.⁶ Á árunum 1950–70 átti Stefán Hörður nokkrar ferðir á æskustöðvar sínar undir Eyjafjöllum. Oftast mun hann hafa komið með rútunni frá Reykjavík og dvalið fáeina daga í Selkoti. Tíma sínum varði hann meðal annars til gönguferða um nágrennið.⁷

Bærinn í Selkoti stendur suðvestan undir háu fjalli, 7–800 metra háu sunnan til, sem gengur til suðurs frá meginfjalli Eyjafalla, um fimm og hálfan kílómetra frá Guðnanípu við brún Eyjafallajökuls. Fjallið er tvínefnt og heitir því jafnt Rauðafell og Raufarfell. Bæir samnefndir fjallinu standa sunnan undir því – Rauðafell austar en Raufarfell utar – og var margbýlt á báðum jörðum til skamms tíma. Selkot á sameiginlegt óskipt land með Raufarfellsbæjum í Raufarfellsheiði en háegg fjallsins ræður merkjum milli Raufarfells og Rauðafells í fjallendi allt til jökuls. Í örnefnaskrá Raufarfells og Selkots er þessi háegg fjallsins nefnd *Raufarfellseggjar* en í örnefnaskrá Rauðafells er hún nefnd *Eggjar* og *Eggjarnar*. Í fyrstnefndu skránni er þess jafnframt getið að *Kálfaskálaeggjar* nái frá Bæjarskálum, skálinni miklu ofan bæjanna, og allt inn til jökuls. Allt eru þetta einar og sömu eggjarnar.

Dalur gengur inn milli Lambafells og Raufarfells og eru um þrjú kílómetrar frá mynni dalsins, við Lambafell sunnanvert, og inn í dalbotninn við gömlu Seljavallalaug sem margir þekkja. Í miðjum dal stendur bærinn á Seljavöllum undir Lambafellsheiði og tilheyrir heiðin jörðinni allt til jökuls. Laugará kemur úr jökli og rennur hún í merkjum milli Seljavalla og Raufarfells í heiðinni. Vestan Laugarár, innst í Lambafellsheiði, heita Mörleysur, í 530 til 980 metra hæð yfir sjó þar sem brattast er með Laugará og jökultungunni sem Laugará fellur undan. Vestar í Mörleysum er hæðarmismunur og bratti minni. Þar var áður allvinsæl en ótrygg gönguleið á Eyjafallajökul, upp frá Seljavöllum.

Í austanverðu dalsmynninu stendur bærinn í Selkoti. Að bænum á Seljavöllum undanskildum er Selkot sá bær sem næst stendur hátindi Eyjafalla. Útsýn af bæjarhlaðinu í Selkoti til jökulsins, sem rís í 1666

⁶ Þórður Tómasson (viðtal).

⁷ Kolbeinn Gissurarson (viðtal).

metra hæð yfir sjó í hánorðri,⁸ er meiri en frá öðrum bæjum. Þar neðan jökulsins efst í heiðinni eru Mörleysur. Á björtum sumardegri verður þessari sýn ekki betur lýst en með upphafslinum Jónasar í „Gunnarshólma“⁹ og rifji hver upp sem vill. *Hin mikla mynd gnæfir að vísu í norðri frá Selkoti en er hvergi meiri en hér.*

Þetta fjall hefur lengi dregið að sér athygli manna. Sennilega ber örnefnið Godasteinn eða Guðnasteinn í sér minningu um fornan átrúnað.¹⁰ Í snjóléttum árum ber auðan Godastein við loft í hájöklinum í norðri frá Selkoti. Árið 1864 skráði Jón Sigurðsson þjóðsagnasafnari örnefnasögur um steininn og frásögn af göngu þriggja ungra manna á Raufarfellsbæjum á jökulinn til þess að kanna aðstæður við steininn þetta sama ár. Sennilega voru þeir undir áhrifum af munnmælum um að Eyfellingar hafi komið goðalíkneskjum sínum þar fyrir við kristnitökuna, þegar þeir ákváðu ferð sína.¹¹

En setjum okkur nú aftur í spor *veidimannsins*, skáldsins, sem á leið um Mörleysur nærri sumarmálum. Hann er einn á ferð og ekki verður séð hvert halda skuli. Engar leiðbeiningar er að finna frá þeim sem hér hafa átt leið um áður, *engar vörður*. En þrátt fyrir þessa einsemd skáldsins er hugur hans vakandi og hann gætir að því sem gerist á göngunni: *í veggjalausri þögninni kviknar þér sumartungl*. Og það er ekki bara að nýtt tungl hafi kviknað á himni heldur hefur skáldinu sjálfu kviknað sumartungl. Þetta vísar til alþýðutrúarinnar um að láta svara sér í sumartunglið.¹² Skáldið hefur leiðbeiningar að heiman, hann á sér arfleifð, þrátt fyrir að vera þar kominn sem *engar vörður benda á leiðir*.

Á Suðurlandi var almennur siður að láta svara sér í sumartunglið. „Reglan var þessi: Í fyrsta skipti sem maður sá sumartunglið á himni þá átti hann að ganga inn í bæinn til heimilisfólks, væri hann einn úti og láta það ávarpa sig að fyrra bragði. Úr ávarpinu gat maður svo ráðið það hvað sumarið færði manni að höndum.“¹³

Hér er skáldinu augljóslega nokkur vandi á höndum í *veggjalausri þögninni* og ekki svars að vænta. En þá verða enn teikn í lofti; *næturþokan flýr af enni þínu* og sólin kemur upp. *Eggjar glóa*. Skáldið verður eitt með náttúrunni og fegurðinni; *hverfur inn í dögunina bak við morguninn*.

⁸ „Eyjafjallajökull“ (1964).

⁹ Jónas Hallgrímsson (1993:44).

¹⁰ Sbr. Ólafur Briem (1945:17–18, 78).

¹¹ Jón Þorkelsson (1956:34–35).

¹² Jónas Jónasson (1961:411–412).

¹³ Þórður Tómasson (2000:109–110).

Af þessu skáldi fer engum frekari sögum en vel má hugsa sér að það hafi haldið áfram göngunni á jökulinn og snúið ofan heilt á húfi fyrst veðrið var svona gott. Eða var það hér sem skáldið hætti við að ganga á jökulinn, hélt til bæjar og gekk inn til heimilisfólksins að aðgæta hverju það spáði fyrir sér um sumarið?

En einkennilega er þetta ferðalag í „Mörleysum“ og umhverfi þess líkt jökulgöngu annars skálds: Ólafs Kárasonar Ljósvíkings. Þó ber mikilvæg atriði á milli. Náttúrudulhyggjan er keimlík en tengist kristni (páskar, upprisa) í sögu Ólafs en ekki alþýðutrú eða þjóðtrú. Aðstæður Ólafs Kárasonar á göngunni eru einnig verri. Sólin kemur seinna upp á leið hans og í stað þess að þokunni létti, eins og í „Mörleysum“, er veðurútlitið ótryggt: „Yfir hafinu var svartur veðramökkur í aðsigi.“¹⁴

Rúmum tveimur áratugum eftir að Ljósvíkingurinn kom fyrst út upplýsti Laxness um mikilvæg atriði varðandi vinnuna við söguna og örlög aðalsögupersónunnar: „Loks fór ég uppá Eyafjallajökul síðla vetrar og lá þar í tjaldi til að hafa fyrir augum þann stað þar sem skáld mitt samsamaðist loftinu í einu éli. Ekkert afl milli himins og jarðar hefði getað dregið mig úti skíðagaungur og útilegur á jökum nema þetta skáld.“¹⁵ Hér þarf ekki fleiri vitna við. Hinar frægu upphafslínur Laxness í *Fegurð himinsins*¹⁶ eiga sér að viðfangsefni sama fjall og upphaf „Gunnarshólma“ hjá Jónasi.

Og lesandi þessa greinarkorns er vonandi viljugri nú, en áður en lesturinn hófst, að taka undir eftirfarandi staðhæfingu: Það fjall sem Stefán Hörður gerir að yrkisefni í „Mörleysum“ er honum allt að því skyldugt viðfangsefni. Ljóðið hefur hann líklega ort eftir 1963.

Það hefur ekki reynst vel í Rangárþingi að höggva þrisvar í sama knérunn. Og Stefán Hörður stillir sig þótt yrkisefnið og fjallið sé það sama og hjá hinum skáldunum tveimur. Ljóðið tjáir þann grimma sannleik að *þar sem jökulinn ber við loft [...] þar ríkir fegurðin ein [...]*, er enginn skáldskapur.

Mér, sem stundum geri mér ferð á fornar slóðir austur undir Fjöllum, hættir til að finnast það eðlilegur hluti hversdagsleikans að horfa á Fjöllin og jökulinn í spegli Jónasar – í *himinblámanns fagurtæru lind*.¹⁷ En raunar er það *undarlegt* að hafa verið léður slíkur spegill.

¹⁴ Halldór Laxness (1955(II):321).

¹⁵ Halldór Laxness (1963:235).

¹⁶ Halldór Laxness (1955(II):157).

¹⁷ Jónas Hallgrímsson (1993:44).

Eins væri það barnsleg einfaldni að telja sjálfstöð sannindi, þó svo virðist, þessar hendingar Stefáns Harðar í „Nóni“:¹⁸

Dauður sjór
vinur himinblámans

HEIMILDIR

ÖRNEFNASKRÁR

- Lambafell og Seljavellir*. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.
Rauðafell. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.
Rauðafell. Þórður Tómasson skráði eftir frásögn Stefáns Halldórssonar.
 Örnefnastofnun.
Raufarfell (og Selkot). Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

PRENTUÐ RIT

- „Eyjafjallajökull“. 1964. *Uppdráttur Íslands*. Blað 58. Landmælingar Íslands [Reykjavík. Stakt „atlasblað“].
 Halldór Laxness. 1955. *Heimsljós I–II*. Önnur útgáfa. Helgafell, Reykjavík.
 Halldór Laxness. 1963. *Skáldatími*. Helgafell, Reykjavík.
Íslandsatlas. 2005. Edda útgáfa hf., Reykjavík.
 Jón Þorkelsson. 1956. *Þjóðsögur og munnmæli*. Önnur útgáfa. Bókfellsútgáfan hf., Reykjavík.
 Jónas Hallgrímsson. 1993. *Kvæði og laust mál*. Iðunn, Reykjavík.
 Jónas Jónasson. 1961. *Íslenzkir þjóðhættir*. Þriðja útgáfa. Ísafoldarprentsmiðja hf., Reykjavík.
 Ólafur Briem. 1945. *Heiðinn síður á Íslandi*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
 Ólafur Jónsson. 1979. *Líka líf. Greinar um samtímabókmenntir*. Iðunn, Reykjavík.
 Stefán Hörður Grímsson. 2000. *Ljóðasafn*. Mál og menning, Reykjavík.
 Þórður Tómasson. 2000. *Gestir og grónar götur*. Mál og mynd, Reykjavík.

MUNNLEGAR HEIMILDIR

- Kolbeinn Gissurarson, bóndi og hreppstjóri, í Selkoti undir Eyjafjöllum. Viðtal við Einar Jónsson sumarið 2006.
 Þórður Tómasson, safnstjóri Byggðasafns Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga í Skógum. Viðtal við Einar Jónsson sumarið 2006.

¹⁸ Stefán Hörður Grímsson (2000:75).

Sigrún Haraldsdóttir

Fimm ljóð

Naturför

Á bláleitri nóttu
brakandi ísar

Fálmandi fætur
á fljúgandi skeiði
freyðandi mál

Vindur á vanga
og vegurinn hlýtur
að liggja til Guðs

Morgunsonnetta

Við göngustíginn leika ljós og skuggar
hvar liljustóðið vaggar sér og rólar
er býflugan svo blíðlega þeim ruggar
og ber þeim frjó og kveðju morgunsólar.

Er geislaflóðið grös af svefni vekur
og geimur skryðist kufli himinbláum
þá morgunljóðin sælu syngja tekur
hinn sæti blær í mjúkum ungum stráum.

Í tjörninni sig tígulega baðar
hin tigna álft og hvítum vængjum blakar.
Þar önd á hreiðri, eggjum smáum raðar,
og ungfjöld af þolinmæði bakar.

Hjá furutrjúnum fetar kona í laumi.
Þar ferðast ég í ljósum vökudraumi.

Loksins sé ég ljóma þinn

Loksins sé ég ljóma þinn
 og litlu grænu spor.
 Finnurðu ekki fögnuð minn,
 feimna, ljósa vor?

Komdu og vektu vallarblóm,
 vötnin silfurlá.
 Kveiktu í lofti klukknahljóm,
 kalla úr moldu strá.

Allri heimsins fuglafjöld
 fagna undurhljótt.
 Vertu hjá mér eina öld,
 unga, bjarta nótt.

Haust

föl og rauðeygð
 minnir hún helst
 á nývaknað barn
 þegar hún veltur
 skelkuð
 út úr moldarkögglinum

Haustsmölun

Másandi og stynjandi soga ég að mér léttfrosið haust-
 loftið og um það bil er ég missi fótanna efst í grýttri
 brekkunni lítur flekkótta skjátan þóttalega til mín áður
 en hún hverfur við efstu brún.

Örn Ólafsson

Gömul prósaljóð og fríljóð

svar við grein: „Þankabrot um ljóðbyltingar“

Fyrir nokkru barst mér 3. árgangur tímaritsins *Sónar* – að gjöf frá Þorsteini Þorsteinssyni, sem á þar 50 blaðsíðna grein, *Þankabrot um ljóðbyltingar*. Þarna er mikill fróðleikur saman dreginn og greinin vel skrifuð svo sem vænta mátti. Einkum dáðist ég að haglefum ljóðaþýðingum Þorsteins. Það liggur við að þetta sé merkisgrein en því miður spillir Þorsteinn henni með óvönduðum tilvitnunum og kreddufestu.

Greinin fjallar um þá miklu byltingu í bókmenntum sem hófst í Frakklandi á síðustu áratugum 19. aldar og breiddist út um lönd og álfur, einkum á fyrsta fjórðungi 20. aldar. Þetta er óumdeilt en hitt greinir menn nokkuð á um hvar eigi að draga mörkin milli þessara bókmennta og annarra og hvað eigi að kalla þennan bókmenntastraum. Ég hafði um hann orðið *móðern* í bók minni um *móðernisma* í íslenskum bókmenntum, *Kóralforspil hafsins* (1992), að fyrirmynd Eysteins Þorvaldssonar í bók hans *Atómskáldin* (1980). Þorsteinn hafnar þessu orði vegna þess að það sé óljóst þar sem það sé notað í mismunandi merkingum, til dæmis af okkur Eysteini. Þess í stað talar Þorsteinn um *nútímaljóðlist* – væntanlega að fyrirmynd Sigfúsar Daðasonar.¹ Sigfús leggur áherslu á hnitmiðun eða samþjöppun, en skilgreining Þorsteins er öðruvísi, mun víðtækari:

... má [...] halda því fram að frelsi undan bragreglum hafi verið forsenda nýrrar ljóðhugsunar af margvíslegu tagi sem telja má einkennandi fyrir nútímaljóð. Þar á meðal væru eftirfarandi nýjungar: (1) Prósaljóð, (2) fríljóð og frjáls hrynjandi, ný fyrir hvert ljóð, „hrynjandi tónhendingarinnar“ (Pound), (3) raðkvæmar myndir eins og í súrrealisma, og sjá má til dæmis í íslenskum ljóðabókum eins og *Imbrudögum* eftir Hannes Sigfús-

¹ Sigfús Daðason (1959:78–81).

son eða *Óljóðum* eftir Jóhannes úr Kötlum, [nmgr. með dæmum] (4) ljóðbygging ólík því sem er í brag: rofin framvinda, mósaík-myndir, blandað og ósamstætt efni (klausur á erlendum málum, samtalsbútar, löng sítöt eins og t.d. í *Cantos* eftir Pound).²

Þorsteinn segir ennfremur:

Ég kys því heldur að nota orðið *nútímaljóð* – í víðri merkingu – um þær sundurleitu tegundir skáldskapar sem lítið hafa dagsins ljós eftir ljóðbyltingarnar á 19. og 20. öld og eiga það sameiginlegt, þótt sundurleitar séu, að fara á margan hátt í bága við ljóðhefðir sem áður voru ríkjandi. Þetta getur tæplega kallast skilgreining og er þar af leiðandi lítt fallið til útilokunar, enda er það ekki tilgangur minn, eins og oft virðist vera þegar menn tala um módernisma. Önnur ástæða til að sneiða hjá hugtakinu er að endingarnar *-ismi* og *-istar* gefa ósjálfrátt til kynna að um sé að ræða *hreyfingu* og þátttakendur í hreyfingu. Staðreyndin er hinsvegar sú að öll skáld sem hafa lagt mikið af mörkum til nútímaljóðlistar eru einfara, í þeim skilningi að þau eru einstök og ólík öðrum skáldum.³

Það eru lítil tíðindi að mikil skáld séu sérstæð. Hið er fráleitt að ekki megi sjá samkeni slíkra skálda sem ortu á sama tíma og héldu jafnvel hópinn. Nægir hér að nefna rómantísku skáldin íslensku, svo sem Jónas, Steingrím og Matthías annarsvegar, eða síðar þá Davíð og Tómas. Og þá blasir við önnur mótbára við þessu tali Þorsteins; enda þótt hann noti fleirtölumynd; hugtak hans „ljóðhefðir sem áður voru ríkjandi“ setur öll þessi skáld sem nú voru nefnd undir einn hatt. En það er með öllu fráleitt nema eingöngu sé átt við reglubundna brag-arhætti. Og hér skilgreinir Þorsteinn „nútímaljóð“ neikvætt, enda þótt hann láí Hugo Friedrich neikvæðar skilgreiningar á fyrirbærinu.⁴ Þorsteinn vitnar í ummæli Jóns Óskars 1975 og virðist taka þau góð og gild:

„Við atómskáldin ortum aldrei eitt einasta ljóð um sögulegan atburð úr Íslendingasögum eða mannkynssögunni frá liðnum

² Þorsteinn Þorsteinsson (2005:97).

³ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:123).

⁴ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:100).

öldum eða upp úr þjóðsögum eða goðafræði eins og nítjándu aldar skáldin og aldamótaskáldin og raunar allir fyrirrennarar okkar gerðu.“⁵

Þetta er ekki satt, mörg nýrómantísk skáld sniðgengu þetta líka, meðal annars Jónas Guðlaugsson, Jóhann Sigurjónsson, Jakob Smári, Stefán frá Hvítadal, Tómas og Davíð (framanaf). Enn einn agnúi á skilgreiningu Þorsteins er orðhengilsháttur. Hann segir:

Nú er það auðvitað rétt að ýmsar eigindir sem algengar eru í nútímaljóðum má finna í eldri skáldskap, um það þarf ekki að deila; en það er ankannalegt, og bendir til þess að orðanotkun sé hæpin, að kalla kvæði Sappóar eða Villons módern, því grunn-merkingarþáttur þess orðs hlýtur alltaf að vera ‚nútím-inn‘. Í mínum augum að minnsta kosti er það lokleysa að tala um að nútímaljóð – eða módern ljóð – hafi verið ort í fornöld [...]⁶

Lokleysan er Þorsteins, það er augljóst af bókmenntasögunni að heiti nýrra strauma og stefna hafa verið tilviljanakennd og oftar en einu sinni verið kennd við nútíma sem nú er löngu liðinn (t.d. *Les anciens et les modernes* í Frakklandi 17. aldar). Það nær engri átt að bíta sig í slíkt orðalag, auðvitað á að líta á helstu einkenni straumsins og þá ber að sjálfsögðu að aðgæta hvort þau koma fram á öðrum stað og tíma, og þá á hvern hátt.

Megineinkenni *nútímaljóða* eru samkvæmt Þorsteini prósaljóð og fríljóð, svo sem að framan var rakið, og það telur hann komast á alþjóðlega undir lok 19. aldar í Frakklandi, en uppúr seinni heimsstyrjöld á Íslandi. Hvort tveggja er alrangt.

Bragfrelsið alþjóðlega

Þorsteinn sakar mig um „hlutahyggju“, að yfirfæra á allan þennan bókmenntastraum (módernismann), einkenni hluta hans. En ég held það væri sanni nær að saka hann um rökvillu eðlisfylgni (collateralisma), að halda að það hljóti að vera tengsl milli fyrirbæra vegna þess að þau fóru saman í tíma og rúmi. Fríljóð komust vissulega í tísku í

⁵ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:127).

⁶ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:122).

frönskum bókmenntum undir lok 19. aldar jafnframt því sem módernismi hófst þar. En af því verður ekki ályktað að þarna sé nauðsynlegt samband, annað geti ekki verið án hins. Raunar fylgdu fríljóð og prósaljóð blæstefnu ljóða, sýmbólisma, í Frakklandi sem annars staðar! Og þau skáld voru ekki frekar módernistar en skáldsystkin þeirra íslensk: Einar Benediktsson, Sigurður Sigurðsson, Hulda, Jóhann Sigurjónsson, og fleiri. Fríljóð og prósaljóð urðu algeng og áberandi í módernisma, en þau voru það bara löngu áður og slíkir bragarhættir einkenndu framvegis annars konar ljóð. Reyndar var módernismi sárasjaldgæfur í lok 19. aldar. Í rauninni eru bara þrjú skáld talin heyra til hans þá, öll frönsk. Lautréamont um 1870, Rimbaud og Mallarmé að hluta þaðan í frá. Módernismi í nútímamerkingu spratt aftur á móti upp úr blæstefnu, sýmbólisma, jafnvel í stöku verki einstakra skálda. Rimbaud, Mallarmé og fleiri byrjuðu sem táknsæisskáld en síðan þróaðist ljóðagerð þeirra yfir í módernisma. Sama gildir síðar um Íslendinga í smærri stíl, má þar nefna Jóhann Sigurjónsson. Augljóst má vera, að þegar skáld leggja áherslu á að texti þeirra gefi viðfangsefnið í skyn frekar en segja eitt-hvað beinlínis, en þetta boðaði Mallarmé, og að hljómur, hrynjandi og myndmál sé ekki skraut textans, heldur eðlisþættir hans, ekki síður en hugmyndir, þá er slíkur texti orðinn eðlisólíkur prósatextum sem fjalla um málefni og taka afstöðu. Margir töluðu um að textar táknsæismanna væru óskiljanlegir, en módernisminn er þó sýnu róttækari með sundurleitni, sem gætir í stíl, en það er ólíkt sýmbólisma.⁷

Þorsteinn skeytir í engu rökum mínum gegn þeirri kenningu hans að prósaljóð og fríljóð hafi fyrst komist á í Frakklandi undir lok 19. aldar, og hlýtur þó að vita af sigurför prósaljóða (Ossíans) um alla Evrópu allt frá því um 1760. Í tölvupósti kom fram að hann teldi þetta ekki prósaljóð, heldur ljóðrænan prósa. En á hvaða grundvelli ætti að greina á milli ljóðræns prósa og prósaljóða, ef ofantalin verk Ossíans eiga að teljast til hans? Svíinn Nylander birti árið 1990 mikla rannsókn á þessu efni og segir meðal annars að orðið prósaljóð (*prosadikt*, *Prosagedicht*, *prose poem*, *poeme en prose*) fari að tíðkast á ýmsum málsvæðum um 1700⁸ enda stafaði þá vaxandi áhugi á prósaljóðum og ljóðrænum prósa af baráttu fyrir frelsi skálda og einstaklingseðli.⁹ Á þeim tímum losnuðu skáld líka úr hirð ráðamanna og fóru að lifa

⁷ Sjá Kóralforspil hafsins (1992:51 og áfram)

⁸ Nylander, Lars (1990:19).

⁹ Nylander, Lars (1990:78).

af sölu verka sinna á vaxandi opnum markaði bóka og tímarita. En þá var mikilvægt að leggja áherslu á sérkenni sín og frumleika, ekki síður en á handverkskunnáttu í hefðbundnum bókmenntagreinum. Nú kynni einhver að spyrja hvernig sé hægt að ætlast til að Þorsteinn þekkti þessa rannsókn Nylanders. Svarið er, að ég sagði frá henni í bók minni, *Kóralforspil hafsins* (bls. 16–17), sem Þorsteinn vitnar til. Mér sýnist augljóst að prósaljóð verði að skilgreina sem prósa með ljóðræn einkenni í meira eða minna mæli. Myndmál, líkingar, stundum nokkur stuðlun og ákveðin hrynjandi getur komið fyrir, en þá auðvitað óreglulega. Skotinn James McPherson þóttist hafa þýtt ljóð Ossíans úr gelískum þjóðkvæðum¹⁰ en á þessum tíma tíðkaðist að þýða ljóð á óbundið mál, meðal annars fornkvæði úr íslensku.¹¹ Bæði Bjarni Thorarensen og Jónas Hallgrímsson þýddu „Úr kvæðum Ossíans“ (titill Bjarna), og þá stuðlað og undir hefðbundnum bragarháttum, jafnvel fornyrðislagi, eins og Íslendingi mátti þá þykja hæfa fornum kveðskap. Enginn hefur efast um að þessar þýðingar, sem standa í ljóðasöfnum skáldanna, séu ljóð. En megi frumtextinn þá ekki heita ljóð, liggur í augum uppi, að hið ljóðræna liggur í reglubundnum bragarháttum. Og þá er orðið prósaljóð mótsögn í sjálfu sér eins og Guðmundur Guðmundsson fyrrverandi framkvæmdastjóri og fleiri hafa löngum haldið fram. Ekki vill þó Þorsteinn skipa sér í þann flokk og er þar með kominn í mótsögn við sjálfan sig. Mörg fleiri dæmi mætti rekja enda hefði einkennilegt verið ef sigurför Ossíans hefði ekki freistað skálda til að yrkja eitthvað í líkingu við það. En reyndar voru prósaljóð útbreidd áður eins og Nylander rekur.¹² Prósaljóð fóru að tíðkast á frönsku um 1700 og falsþýðingar erlendra 'fornkvæða' birtust í prósaformi að fyrirmynd Ossíans þegar á 18. öld: *Les Incas*, 1777 og *Chansons Madécasses* (Söngvar frá Madagascar) 1787.¹³ Goethe sagði, eins og fleiri, að ljóð bæri að færa í prósaform, þá fyrst kæmi ljóðræna textans í ljós, væri hún einhver.¹⁴ Þorsteinn þekkir örugglega *Náttsálma* Novalis (*Hymnen an die Nacht*) frá um 1800, og nefnir sjálfur fleiri dæmi um bragfrelsi hjá Þjóðverjum í byrjun 19. aldar og fyrir á tímum: Klopstock, Hölderlin og Goethe.

¹⁰ Það komst fljótlega upp um kauða, að hann hefði ort þetta mest sjálfur, því þarna voru augljós áhrif frá Virgili og Milton sem ólíklegt þótti að ólæst skoskt alþýðufólk hefði þekkt öldum áður (sjá „Ossian“ í *Encyclopaedia Britannia*).

¹¹ Sjá Nylander, Lars (1990:19–20).

¹² Sjá Nylander, Lars (1990:90 og áfram).

¹³ Nylander, Lars (1990:96).

¹⁴ Sjá Nylander, Lars (1990:80, 61 og 71).

Hvað kemur þetta módernisma við? Þorsteinn lætur ógert að fjalla um þetta, rekur bara orð Holz um að

franska vers *libre-hreyfingin* boðaði Þjóðverjum ekkert nýtt. Það er að líkindum nokkuð ofsagt, en breytingin var þó hvergi nærri eins byltingarkennd og í Frakklandi.¹⁵

En í hverju lá munurinn? Hér er ekki rúm til að fjalla ítarlega um þetta. Ég bendi þess í stað á ítarlega rannsókn Nylanders, einkum fyrstu rúmlega hundrað blaðsíðurnar um prósaljóð 18. aldar. En fáein dæmi legg ég í dóm lesenda. *Náttsálmar* Novalis eru mestmegnis prósaljóð, en innan um eru kvæði undir reglubundnum bragarháttum.¹⁶ Ég reyni hér að snara öðrum Náttálmí. Hann er hátíðlegt, tignandi ákall, en sama gildir um prósaljóð 20. aldar skáldanna Tagore, Saint-John Perse og Léopold Cédar Senghor.¹⁷

Verður morgunninn alltaf að koma aftur? Þrýtur aldrei ofbeldi hins jarðneska? Vesælt óðagot eyðir himnesku aðflugi næturinnar. Mun aldrei heilög fórn ástarinnar brenna að eilífu? Ljósínu var úthlutaður sinn tími en drottun næturinnar markast hvorki af tíð né stað. – Eilíft varir svefninn. Helgur svefn – ekki skaltu of sjaldan gera sæla hana sem nóttinni er vígð í þessu jarðneska dagsverki. Einungis kjánar bera ekki kennsl á þig og vita ekki af neinum svefni sem skugganum sem þú kastar á okkur af meðaumkun í rökkri sannrar nætur. Þeir finna ekki fyrir þér í gullnum straumi þrúgnanna – í undraolíu möndlutrésins og brúnum safa valmúans. Þeir vita ekki að það ert þú sem svífur um viðkvæm brjóst stúlkunnar og gerir kjöltuna að himni – grunaði ekki að úr gömlum sögum kemur þú fram og opnar himininn og berð lykilinn að dvalarstað sælla, þögull sendiboði óendanlegra leyndardóma.

¹⁵ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:106).

¹⁶ Ekki er hér rúm fyrir langt umtal um þetta, ég nefni bara að einnig hjá Hölderlin eru órímuð ljóð með mislöngum línunum í óreglulegri hrynjandi, t.d. *Versöhnender der du nimmergeglaubt ...* (SW 301 o.áfr.), *Friedensfeier* (SW 307 o.áfr.), *Wenn aber die Himmlischen* (SW 365 o.áfr.), *Und mitzufühlen das Leben, Vom Abergund nämlich, Der Vatikan, Griechenland* (SW 379-383).

¹⁷ Muss immer der Morgen wiederkommen? Endet nie des Irdischen Gewalt? Unselige Geschäftigkeit verzehrt den himmlischen Anflug der Nacht. Wird nie der Liebe geheimes Opfer ewig brennen? Zugemessen ward dem Lichte seine Zeit, aber zeitlos und raumlos ist der Nacht Herrschaft. – Ewig ist die Dauer des

Einnig koma fyrir ljóð hjá Novalis með mislöngum órímuðum línunum með óreglulegri hrynjandi, til dæmis *Hymne (Geistliche Lieder VII)*. En tókum eldra dæmi. Hjá Klopstock er árssett 1758 órímað kvæði með mislöngum línunum, að vísu skipt í fjögurra lína erindi, en ekki þykir mér hrynjandi ýkja regluleg. Það er svo langt að hér verða fjögur erindi að nægja (1., 2., 19. og 20):¹⁸

Þeim sem hvarvetna er nærri

Þegar þú hafðir glímt við dauðann, við dauðann,
hafðir þú beðið ákafar,
þegar sviti þinn og blóð
hafði runnið á jörðina:

Schlafs. Heiliger Schlaf – beglücke zu selten nicht der Nacht Geweihte in diesem irdischen Tagewerk. Nur die Toren verkennen dich und wissen von keinem Schläfe, als dem Schatten, den du in jener Dämmerung der wahrhaften Nacht mitleidig auf uns wirfst. Sie fühlen dich nicht in der goldenen Flut der Trauben – in des Mandelbaums Wunderöl, und dem braunen Safte des Mohns. Sie wissen nicht, dass du es bist, der des zarten Mädchens Busen umschwebt und zum Himmel den Schoss macht – ahnden nicht, dass aus alten Geschichten du himmelöffnend entgentrittst und den Schlüssel trägst zu den Wohnungen der Seligen, unendlicher Geheimnisse schweigender Bote.

¹⁸ Klopstock III, 75–9. Þetta er undarlegt kvæði. Myndmálið er frá hinni heilögu kvöldmáltíð en annars er kvæðið allt afar holdlegt, lýsir losta.

Dem Allgegenwärtigen

Da du mit dem Tode gerungen, mit dem Tode,
Heftiger du gebetet hattest,
Da dein Schweiss und dein Blut
Auf der Erde geronnen war:

In dieser ernsten Stunde
Tatest du jene grosse Wahrheit kund,
Die Wahrheit sein wird,
Solang die Hülle der ewigen Seele Staub ist.
[...]

Freue dich deines Todes, o Leib!
Wo du verwesen wirst,
Wird er sein,
Der Ewige!

Freue dich deines Todes, o Leib! In den Tiefen der Schöpfung,
In den Höhn der Schöpfung wird deine Trümmer verwehn!
Auch dort, Verwester, Verstäubter, wird er sein,
Der Ewige!

Á þessari alvarlegu stund
kunngjörðir þú þann mikla sannleik
sem verður sannleikur
svo lengi sem duft verður hjúpur eilífrar sálar.

Gleðstu yfir dauða þínum, ó líkami!
Þar sem þú rotnar
verður hann,
hinn eilífi!

Gleðstu yfir dauða þínum, ó líkami! Í djúpum sköpunarinnar,
í hæðum sköpunarinnar mun rúst þín veðrast!
Einnig þar, þú rotnaði, örfoka, verður hann,
hinn eilífi!

Teldist þetta ekki fríljóð, að minnsta kosti ef erindaskiptingin hyrfi? Fríljóð greinast frá prósaljóðum með því að textinn er ekki prentaður í belg og biðu, heldur greinist í línur eftir efnissamhengi, „segð“ eins og Þorsteinn kallar það. Fríljóð hefur því ekki verið nein stóruppgötvun enda kemur það fram áður en þau frönsku ljóð birtust 1884, sem Þorsteinn telur.¹⁹ Þar má til nefna *Grasblöð* Walt Whitmans frá 1855 sem Þorsteinn sjálfur segir hafa haft áhrif á frönsku skáldin. Þorsteini finnst þó mikill munur á stíl þeirra og mælsku *Grasblaða*, en hér er um bragarhátt að ræða, ætla verður að frönsku ljóðskáldunum hafi verið kleift að tileinka sér hann án þess að láta bindast af mælsku orðfæri fyrirmyndarinnar. Ennfremur mætti nefna danska skáldið J.P. Jacobsen með *Arabesker*, 1870–1874, og fyrr talin þýsk skáld frá 18. öld, ennfremur á ensku til dæmis *The Marriage of Heaven and Hell* eftir William Blake frá 1790.

Vitaskuld breyttust svo prósaljóð í tímans rás eins og annað. Merkileg er sú nýbreytni sem varð að tísku eftir miðja 19. öld, að hafa prósaljóð stutt og hnitmiðuð. Baudelaire rakti það til skáldbróður síns Bertrand, en orti sjálfur þau *Smáljóð í prósa* (*Petits poèmes en prose*, 1868) sem hvað áhrifaríkust urðu. Sú nýbreytni hefur reyndar verið rakin til áhrifa dagblaða upp úr 1830, stuttar klausur um hversdagsleg atvik á einföldu máli.²⁰ Hnitun er áberandi, endirinn víkur aftur til upphafsins.

¹⁹ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:104).

²⁰ Nylander, Lars (1990:154).

Og eftir allt þetta skrifar Þorsteinn eins og prósaljóð og fríljóð hafi orðið til í lok 19. aldar! „Eftir árþúsunda stöðugleika fer nú að hrikta í byggingu skáldskaparins.“²¹

Bragfrelsi í íslenskum ljóðum

Nú höfum við séð prósaljóð og fríljóð með hefðbundnu ljóðmáli. Bragfrelsi og módernt myndmál eru alls ekki órjúfanlega tengd. Fjölmörg ljóð eru móðern að myndmáli en undir hefðbundnum brag-arháttum eins og ég rakti í *Kóralforspil hafsins*.²² Þessu sinnir Þorsteinn í engu. Hann vitnar iðulega til þeirrar bókar en hann gefur engan gaum að því sem ég þar rek um bragfrelsi í íslenskum ljóðum, um og uppúr 1900! Ég tel hér það helsta:

[...] löngu voru Íslendingum kunn prósaljóð, sem að vísu var svolítið annar handleggur, en þó ljóðrænr textar án ríms, stuðlunar og reglubundinnar hrynjandi. „Ljóðrænt“ er þá hinsvegar málfar, myndir og fleiri efnistöð. Slík prósaljóð birtust fyrst á íslensku 1884, í þýðingu Gests Pálssonar úr **Senilia** eftir Túrgenev, sem birtist fyrst á rússnesku 1882, og fór að birtast á dönsku sama ár (Nylander, 241). Úr sama safni komu verk í þýðingu þjóðskáldsins Steingrims Thorsteinsonar á fyrsta áratug 20. aldar. Prósaljóðum bregður fyrir hjá Einari Benediktssyni í lok 19. aldar, og hjá Jóhanni Gunnari Sigurðssyni, sem lést 1906 („Gull“ og „Við ána“). Þetta eru stök verk, en mun meira kveður að prósaljóðum upp úr fyrri heimsstyrjöld, mér þykir líklegt að það hafi mjög aukið á vinsældir þessa forms að indverska skáldið Rabindranath Tagore fékk Nóbelsverðlaun, 1913. Mikið var skrifað um Tagore og vinsamlega í íslenskum blöðum og tímaritum upp úr því, og 1919 birtust **Ljóðfórnir** hans á íslensku, en 1922 **Farfuglar** hans og 2. útgáfa **Ljóðfórna**, hvorttveggja í þýðingu Magnúsar Á. Arnasonar.²³ Upp úr því fjölgar prósaljóðum, 1919 birtist ljóðabálkur Sigurðar Nordals, „Hel“, og 1920, „Úr djúpinu“ eftir Jakob Smára (í fyrstu bók hans, **Kaldavermsl**). Ekki get ég séð neina mót-

²¹ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:94).

²² Sjá til dæmis Örn Ólafsson (1992:57–76).

²³ Sjá nánar um þetta rit mitt 1990, k. 4.3. Önnur útgáfa *Ljóðfórna* var 700 eintök (sjá kápu), en fyrri útgáfa 500, samkvæmt ritfregni í *Eimreiðinni* 1920, þau hafa þá væntanlega selst upp á 2–3 árum.

spyrnu gegn þessu formi, öðru nær, prósaljóð voru orðin tíska á Íslandi um 1920, vottar Halldór Laxness 1946 (bls. 9) og segir um verk sitt frá 1920, „Fegursta sagan í bókinni“: „Stundum er fyrirmyndin Obstfelder; stundum Tagoreþýðingar; stundum Bíflían eða önnur austurlandarit heilög.“ A.m.k. tvær fyrsttaldar fyrirmyndir eru greinilegar í prósaljóðabók Huldu; **Myndir**, sem birtist 1924, en mun hafa verið samin 1918.²⁴

Í fyrstu bók Einars Benediktssonar er m.a. verkið „Gullský“ sem Einar skipaði sjálfur undir „Sögur“. Sumir hafa kallað þetta hugleiðingu, en aðrir prósaljóð. En það finnst mér meira réttnefni um miðhluta verksins „Stjörnudýrð“, sem Einar birti í blaði sínu **Dagskrá**, á aðfangadag 1896.²⁵

Margt fleira mætti telja, til dæmis voru tvö dönsk prósaljóð þýdd í fyrsta árgangi tímaritsins *Eimreiðarinnar* 1895 til að kynna *úlkisstefnuna* (symbólismann), einnig var töluvert um frljóð í útbreiddu tímariti, *Óðni*, á öðrum áratug 20. aldar, meðal annars eftir Gunnar Gunnarsson, og svo áfram í ýmsum tímaritum millistríðsáranna, *Eimreiðinni*, *Iðunni* og *Rétti*. Það er athyglisvert að á þessum fyrsta þriðjungi 20. aldar verða nær engin mótmæli fundin gegn þessum algengu bragtnýjungum. En síðar kom bakslag á fjórða áratug aldarinnar, lýðskrum fasista og stalínista leiddi til fhaldssemi í menningarmálum, alþjóðlega og á Íslandi. Þar kom til gamla krafan um að bókmenntaverk skyldu hafa „boðskap“, en þá urðu þau að vera auðskilin, þ.e.a.s. hefðbundin, til að ná til almennings og hafa áhrif á hann. Margir helstu nýjungamenn bókmennta á Íslandi voru í samtökum sem lutu leiðsögn stalínista, *Félagi byltingarsinnaðra rithöfunda*, sem stofnað var haustið 1933, og þeir snerust með um miðjan 4. áratug aldarinnar svo sem ég rakti í *Rauðu penninum*.²⁶ Á fimmta og sjötta áratugnum hófu nokkrir ungir menn aftur að yrkja í frjálssi formi. Og nú mætti frjálst ljóðform hatrammri andstöðu, ef til vill vegna þjóðernisstefnunnar sem blossaði upp undir hernámi og við lýðveldisstofnun enda voru nú flestir fyrri málsvarar menningarnýjunga orðnir fhalddsamir á því sviði, svo sem fyrr greinir. Halldór Laxness

²⁴ Að sögn Guðrúnar heitinnar Bjartmarsdóttur, sem annaðist ljóðaúrval Huldu hjá Bókmenntastofnun. Þorgeir Þorgeirsson og Vilborg Dagbjartsdóttir bentu mér á *Gullský*. Prósaljóðið *Haust* eftir Jóhann Jónsson er af sama tagi og verk Halldórs.

²⁵ Örn Ólafsson. *Kóralforspil hafsins* (1992:13–14).

²⁶ Örn Ólafsson. *Rauðu pennarnir* (1990:125 og 165 og áfram).

hæddist að rímáráttu Íslendinga á árinu 1932 en aðeins sjö árum síðar hamaðist hann gegn „ljóðum í óbundnu máli“.²⁷ Smám saman vann þetta ljóðform svo á og varð ríkjandi í ljóðabókum um 1970.²⁸

Þorsteinn leiðir allt þetta þegjandi hjá sér og heldur dauðahaldi í þá gömlu kreddu að ljóðbyltingin hafi orðið upp úr seinni heimsstyrjöld. En ekki nóg með það. Einnig fyrr var ljóðmál miklu röttækari nýjung, nefnilega í ljóðum Halldórs Laxness um miðjan þriðja áratuginn. Einkum er þá vitnað til þess að hann hafi misst af skáldastyrk vegna birtingar kvæðis hans *Unglingurinn í skóginum*, 1925²⁹, en mun röttækari að ljóðmáli eru þó fáein ljóð sem hann birti 1927. Ég tel þau dæmi surrealísk vegna þess að þar er ósamrýmanlegum orðum skipað saman í orðasambönd sem verða því óskiljanleg röklega. Fyrir koma kunnugleg atriði, auðmjúkt hins lægsta jarðargróðurs, og sál er líkt við fugl: „Sál mín er auðmjúk eins og lítið gras, / ástrík og trúuð líkt og heimskur fugl“. En hitt er undarlegra að líkja sálinni við tiltekna mannveru: „Önd mín er frjáls eins og útlundur prestur“ (*Vorkvæði* 2,3), eða hluta hennar við nýtækni [þá] í samgöngum: „samviskulaus eins og bifreiðaumferð í aprílmánuði“ (*Nótt* 6,2). Einnig er sömu árstíð líkt við dýr: „Apríllinn fnæsir sem fælinn hestur / falinn í kálgörðum Hörpu“ (*Vorkvæði* 2, 1–2). Stórt er sett á miklu smærra og persónugert í mótsögn: „á sælum vörum sorgarinnar, / sofa turnar borgarinnar“ (*Nótt* 1, 11–12). Hjá Halldóri eru aðrar líkingar enn óskiljanlegri: „Heimur vor er ljóðdjásn frá lungunum til nefsins / Lofgerð vor er úthverfa grískra sjúkdómsnafna.“ (*Nótt* 1, 3–4). Enn lengra gengur þessi tvinnada líking: „þú græddir upp ljóðastraums gullmörk / með göllum á freraslóð“ (*Borodin* 1–2). Eins og ég hef rakið áður virðist röklegur skilningur kerfisbundið útilokaður.³⁰ Ekki sé ég jafn röttækt ljóðmál á íslensku síðan fyrr en *Tíminn og vatnið* eftir Stein Steinarr birtist á seinni hluta 5. áratugsins³¹

²⁷ Örn Ólafsson. *Rauðu þemarnir* (1990:126–127).

²⁸ Sjá Ólafur Jónsson. *Skírnir* (1981:107).

²⁹ Þá skýringu gaf Halldór sjálfur í formála *Kvæðakvers* síns. Ég hélt því fram í *Skírnir* 1985, að Halldór hefði misst styrkinn vegna almenns niðurskurðar á fjárlögum, ekki væri að marka þessa skýringu hans. Hannes Hólmsteinn hefur hinsvegar í bók sinni *Halldór*, bls. 306 o.áfr. leitt rök og vitnisburði fyrir því að ólíkt því sem ég taldi, þá hafi raunveruleg andúð gegn þessu ljóði Halldórs orðið með öðru til þess að Alþingi veitti honum ekki skáldastyrk 1925. Hallbjörn Halldórsson gat þess til í grein um Halldór, 1929 (bls. 393–4) að hér hefði einkum ráðið ótti þingmanna við íhaldssemi kjósenda.

³⁰ *Kóralforspil hafsins* (58 og áfram).

³¹ Sjá nánar um Örn Ólafsson (2005).

en það verk einkennist mikið af samskonar surrealisma þar sem ósamrýmanleg atriði eru sameinuð. Þorsteinn minnst bara á „Unglinginn í skóginum“ og „Rhodymenia palmata“, sem voru miklu minni nýjung en þessi kvæði Halldórs.

Tilvísanir Þorsteins

Framangreindar yfirsjónir eru frágangssök. En ekki tekur betra við þegar rýnt er í það sem Þorsteinn hefur eftir fræðiritum. Hann hengir hatt sinn á að Hugo Friedrich sagðist una sér betur í félagsskap Goethes en Eliots og að hann skilgreindi módernismann neikvætt og því segir Þorsteinn að Friedrich „setji fyrir sig óskiljanleika“ módernismans.³² En þegar Friedrich segir um *Illuminations* Rimbaud að þær séu fyrsta stórvirki ímyndunarafls sem orðið sé algerlega nútímalegt (“Sie sind das erste grosse Denkmal der absolut gewordenen modernen Phantasie”)³³ þá skil ég það sem aðdáun, og það hlýtur þýskukennarinn og þýskuþýðandinn Þorsteinn að vita. Og þetta tel ég eitt dæmi af mörgum um óvandaða meðferð hans á fræðiritum sem hann vitnar til. Það skiptir að mínu mati engu máli hvaða skáldskap Hugo Friedrich var hrifnastur af. Ég hefi ekki meiri áhuga á því en hinu hvort hann var meira fyrir svínasteik eða héra. Spurningin er einfaldlega hvort lýsing hans á módernum ljóðmælum í þessari bók hans sé frjó, gefi góða hugmynd um þau. Það sýnist mér einmitt af öllum þessum neikvæðu skilgreiningum, sem Friedrich leggur áherslu á, að séu ekki fordæming. Hann segir ennfremur í lauslegri þýðingu minni:

Sú hugmynd reis af túlkun rómantískra ljóða, að ljóð væru einkum mál tilfinninga, tjáning einstaklingssálar. Því gætu ljóð veitt samkennd, jafnvel þeim sem mest væri einmana. En þessi kenning er of mikil alhæfing. Móðern ljóð forðast þetta samkenndarrými. Þau sneiða hjá því sem kallað var mannlegt, þ.e., þau sneiða hjá reynslu, tilfinningum, og og oft sneiða þau hjá persónu skáldsins. Skáldið birtist þá ekki sem einstaklingur í ljóðum sínum, heldur er þar bara unnið úr möguleikum málsins, efnið séð frá óvæntum sjónarhóli.³⁴

³² Þorsteinn Þorsteinsson (2005:101).

³³ Friedrich, Hugo. (1988:84).

³⁴ Friedrich, Hugo. (1988:16–18).

Ég sé ekki að Þorsteinn hafi sýnt fram á að þessar skilgreiningar séu lítilsverðar. Það er óviðfelldið að sjá hann hallmæla Friedrich á sömu síðum og hann kemur með meginatriði hans³⁵ án þess að nefna að Friedrich segi í bók sinni að meginatriði módernra ljóða sé að skapa veruleika í stað þess að líkja eftir.³⁶ Og ekki er það neikvæð skilgreining.

Vissulega er ég ósammála skilgreiningu Eysteins Þorvaldssonar á módernisma, svo sem ég rakti bók minni.³⁷ Það er algengt að fólk greini á um slík heiti og skilgreiningar, einkum framan af. Ævinlega tekur nokkurn tíma fyrir bókmenntahugtök að skýrast og festast í sessi, svo það réttlætir ekki að hafna þeim. Ég tek bara þessa klausu úr bók minni um ágreining við bók Eysteins:

Það er einkennileg skilgreining á nútímaljóðum, að þau eigi að hafa einhver tvö af þremur einkennum, sem í raun tengjast ekkert innbyrðis: bragfrelsi, hnitun og sjálfstæði mynda. Það sýnir að hér er fyrst og fremst um tímasetningu að ræða, og reynt að spanna mjög sundurleitan straum nýjunga.

Ég undrast þó að Þorsteinn skuli taka Eystein í lið sitt með orðunum: „ef ”módern skáld“ þýðir hér „nútímaskáld“ eins og yfirleitt hjá Eysteini”³⁸, því Eysteinn sagði:

Í kringum 1950 er fyrst farið að ræða um skáldskap í þessari merkingu í rituðu máli og þá oftast nær með því að bendla hann við nútímann á villandi hátt: „nútímaljóðið“, „hin nýja ljóðlist“, „nútímaskáld“ ...³⁹

Enda eru þessi orð Þorsteins í mótsögn við það sem hann segir þegar hann gagnrýnir skilgreiningu Eysteins á orðinu *módern* sem geri það að verkum að *Þorpið* eftir Jón úr Vör teljist ekki með.⁴⁰ Trauðla myndi þó nokkur, sem íslensku talar, efast um að það sé *nútímaljóð*. En þetta er bara enn eitt dæmi þess að þetta safnheiti Þorsteins leiðir í ógöngur. Myndu ekki allir fallast á að ljóð til dæmis Steins Steinars,

³⁵ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:99–101).

³⁶ Friedrich, Hugo. (1988:17 og víðar).

³⁷ Örn Ólafsson. *Kóralförsöl hafsins* (1992:24).

³⁸ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:115–116).

³⁹ Eysteinn Þorvaldsson (1980:17).

⁴⁰ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:120–121).

Snorra Hjartarsonar, Sigfúsar Daðasonar, Einars Braga, Hannesar Péturssonar, Matthíasar Johannessen og Dags Sigurðarsonar teljist til nútímaljóða? Hverju eru menn nær? Hvað eiga öll þessi skáld sameiginlegt annað en að yrkja á íslensku á sama tímabili og þá iðulega fríljóð og prósaljóð.

Þorsteinn segir ennfremur:

Reyndar kemur hvergi fram í umræðu hér á landi (fyrr en með þýðingu Benedikts Hjartarsonar á súrrealistaávarpinu) svo mér sé kunnugt, það sem þó var stefnuskráratíði hjá Breton, að samband liðanna í myndhverfingu ætti að vera sem langsóttast, hin frjálsu hugtengsl sem handahófskenndust.⁴¹

Þetta er enn eitt dæmi um hve lítt Þorsteini nýtast rit sem hann vitnar til. Ég sagði í bók minni:

Megineinkenni súrrealískrar listar má telja það, sem helsti leiðtogi súrrealista, André Breton, hélt mjög á lofti, og tók raunar eftir öðru skáldi, Pierre Reverdy, að skáldleg mynd yrði því máttugri, sem hún tengdi meiri andstæður saman. Því voru súrrealistar einatt að vitna til klausu úr **Söngvum Maldorors** eftir Lautréamont (frá árinu 1869): „Fagurt eins og þegar saumavél og regnhlíf hittast af tilviljun á líkskurðarborði.“⁴²

Þorsteinn tilfærir klausu úr fyrra *Súrrealistaávarpi* Bretons réttilega:

„Myndin er hrein sköpun andans.

Hún getur ekki orðið til við samanburð heldur við tengingu tveggja veruleika sem eru meira eða minna fjarlægir.

Því langsóttara og **réttara** sem samband veruleikanna tveggja sem tengjast er, því sterkari verður myndin, þeim mun meiri tilfinningaþrótti og skáldlegum veruleika býr hún yfir.“⁴³

En í framhaldi lætur Þorsteinn eins og orðið sem ég auðkenndi, standi ekki þarna, sambandið eigi bara að vera „handahófskennt“.

⁴¹ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:116).

⁴² Örn Ólafsson. *Kóralforspil hafsins* (1992:55).

⁴³ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:112).

Breton tók þessa skilgreiningu raunar aftur upp aldarfjórðungi síðar, 1949, í bókinni *Rísandi merki* (*Signe ascendant*) og bætti þá við (sbr, grein mína í *Andvara* 2005):

Svo bráðnaðsynlegt sem þetta skilyrði er, þá nægir það ekki. Við hlið þess skipar sér önnur krafa, sem gæti reynst siðferðileg, þegar allt kemur til alls. Athugið að enda þótt hliðstæðumyndin takmarkist við að varpa hinu skærasta ljósi á *svip að hluta*, þá getur hún ekki orðið jafna. Hún hreyfist milli þeirra tveggja fyrirbæra, sem birtast, í ákveðna átt, og *þeirri hreyfingu verður ekki snúð við*. Frá fyrra fyrirbærinu til hins síðara markar hún lífsþrungna spennu sem beinist eins og mögulegt er að heilbrigði, ánægju, kyrrð, veittum þokka, samþykktum síðum.⁴⁴

Í *Kóralforspili* skrifaði ég meðal annars:

Í þessari rannsókn rekumst við iðulega á þessa ofuráherslu á hugmyndir í bókmenntaverkum, áherslu á umfjöllunarefni skálda og viðhorf, rétt eins og þeir hefðu skrifað blaðagreinar en ekki bókmenntaverk. Ég held að þetta viðhorf megi kalla atvinnusjúkdóm menntamanna. Samkenni þeirra er í rauninni hvorki þekking, prófgráður né fræðileg vinnubrögð, heldur einfaldlega það, að þeir fást við hugmyndir, fyrst og fremst. Því eru það þær sem einkum höfða til þeirra í bókmenntum, nema þeir fái þjálfun í að huga að öðru.⁴⁵

Úr þessu gerir Þorsteinn að ég kalli það „atvinnusjúkdóm menntamanna“ að **gefa gaum** að hugmyndum⁴⁶ í stað þess sem ég sagði, að **leggja ofuráherslu** á þær. Til hvers er þessi rangfærsla? Til að auðvelda að hafna riti mínu?

Ennfremur segir Þorsteinn að skilgreining mín á módernisma sé „fjarskalega þröng, mun þrengri en enska hugtakið *modernism*, og hæfir varla öðrum ljóðum en þeim sem eiga ættir að rekja til súrrealisma.“⁴⁷ Þetta eru bein ósannindi, ég ræði auk þess expressjónisma á fimmtán

⁴⁴ Breton, Andre (1949:11–12). Þýðing mín.

⁴⁵ Örn Ólafsson. *Kóralforspil hafsins* (1992:23).

⁴⁶ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:96).

⁴⁷ Þorsteinn Þorsteinsson (2005:97).

blaðsíðum og hvernig megin Einkenni hans greinist frá áberandi einkennum surrealisma.⁴⁸ Hvorttveggja kalla ég módernisma. Ég ræði líka ensk módern ljóð þar sem tilefni gafst til, nefnilega *Eyðiland* Eliots í sambandi við Hannes Sigfússon.⁴⁹

Meginniðurstaða mín var, að sameiginlegt einkenni ýmiskonar módernisma í ljóðum og lausu máli sé sundruð framsetning, andstæðufull. En innan þessa meginstraums módernisma megi telja það áberandi einkenni margra surrealistkra verka að tengja ósamrýmanleg fyrirbæri svo að setning verði röklega óskiljanleg. Í expressjóniskum verkum hef ég hinsvegar ekki rekist á það, heldur stílandstæður milli skiljanlegra málsgreina, svo að heildarmyndin verður sundruð, rúm- ar andstæður. Það á augljóslega líka við um *Eyðiland* Eliots og fleiri ljóð hans, svo og annarra módernra skálda. Við þennan skilning verð ég að standa því ekki hefur hann verið hrakinn og síst af Þorsteini sem sniðgengur allt sem mælt gæti gegn hans gamalgrónu hugmyndum.

HEIMILDIR

André Breton. 1985. *Manifestes surréalistes* (frumútgáfa Paris 1924). Gallimard, Paris.

André Breton. 1978. *Signe ascendant* (frumútgáfa Paris 1949), Paris.

Eysteinn Þorvaldsson. 1980. *Atómskáldin*, Reykjavík.

Friedrich, Hugo. 1988. *Die Struktur der modernen Lyrik*. Rororo, Hamburg.

Halldór Laxness. 1930 og síðar. *Kvæðakver*, Reykjavík.

Halldór Laxness: *Formáli að Nokkrum sögum í HKL: Þættir 1954*.

Hallbjörn Halldórsson. 1929. *Halldór Kiljan Laxness. Iðunn XIII*. ár, bls. 385–396.

Hannes H. Gissurarson. 2003. *Halldór*, Reykjavík.

Klopstock. [1888]. *Gesammelte Werke* in vier Bänden, Stuttgart.

Hölderlin. 1958. *Sämtliche Werke*, Berlin.

Novalis. 1986. *Deutsche Literatur 11*. Rororo, Hamburg.

Nylander, Lars. 1990. *Prosadikt och modernitet*. Stockholm.

Ólafur Jónsson. 1981. „Atómskáld og módernismi“. *Skírnir*, bls. 101–125.

Sigfús Daðason. 1959. *Ritgerðir*, Reykjavík.

⁴⁸ Örn Ólafsson. (1992:43–57).

⁴⁹ Örn Ólafsson. Kóralforspil hafsins (1992:104 og áfram).

- Þorsteinn Þorsteinsson. 2005. *Þankabrot um ljóðbyltingar*. Són 3, bls. 87–138.
- Örn Ólafsson. 1985. „Unglingurinn í skóginum og Alþingi.“ *Skírnir*.
- Örn Ólafsson. 1990. *Rauðu pennarnir*, Reykjavík.
- Örn Ólafsson. 1992. *Kóralforspil hafsins*, Reykjavík.
- Örn Ólafsson. 2005. „Uppsprettur Tímans og vatnsins.“ *Andvari*, 119 –154.

Sigrún Haraldsdóttir

B gangur

Við kyrrlátan voginn er langur og leirborinn tangi en langt upp í brekkunni reisulegt húsið í skjóli með fallegum hurðum úr harðvið og lokuðum gangi og heimilisfólki á margskonar daglegu róli.

Inni á ganginum glamrar í hnífum og skeiðum og glösin og könnurnar standa á dúkuðum borðum. Álfhildur rogast með bakka með brauði í sneiðum og bisar um leið við að halda sér allri í skorðum.

Parna er Guðrún sem Kristínu ráðvilltu róar, raular við hana og dekstrar með lipurð og skjalli. Innar á ganginum veifar svo Hannes og hóar og hottar á Blesa og safnið er rennur af fjalli.

Stefán er hljóður og stendur þar nokkuð til hliðar og starir á eldgamla hugsjón er minningin geymir og telur sig vera á torgi þess himneska friðar er trygglynda flokksbræður ákafa og hungraða dreymir.

Á herbergi þrjú situr kona við gluggann og grætur og gáir í laumi hvort pósturinn komi upp veginn. Hún neitaði aftur í morgun að fara á fætur en faldi sig þrjósk upp við hurðina – öfugu megin.

Við anddyrið frammi er bjartur og skrautlegur skáli þar Skúli og Matthildur rifja upp eldgömul kynni. Í kompunni niðri, í kistu úr gljáandi stáli, er kona sem nú fyrir stundu lauk göngunni sinni.

Aðalheiður Guðmundsdóttir

Ljóð 2005

Íslendingar hafa löngum verið taldir ljóðelsk þjóð, jafnvel svo að tíðindum þykir sæta. „Er það satt að annar hver maður á Íslandi hafi gefið út ljóðabók?“ spurði Bandaríkjamadur mig fyrir nokkrum árum með þessum barnslega eftirvæntingarsvip sem útlendingar setja gjarnan upp þegar þeir spyrja: „Er það satt að Íslendingar trúí á álfa?“ Það er eins og þeir vonist hálfvegis eftir jákvæðu svari í báðum tilvikum og gott ef ekki glittir í svolúttinn vonarneista að baki spyrjandi augnaráðinu; ef til vill vantar spyrjandann ekki annað en staðfestingu á því að mannkynið sé ekki, þrátt fyrir allt, með öllu glatað – en það er annað mál.

Á meðan goðsagan um ljóðafólkið norður í hafi hefur væntanlega náð að festa rætur í hugum menningarvita hér og hvar um heiminn lítur ljóðafólkið sjálft öðrum augum á stöðu mála. Þetta er óttalegt streð, þetta ljóðabasl. Sala ljóðabóka er lítil og einungis þekktustu skáldin geta gengið að því sem vísu að fá bækur sínar gefnar út. Í pistli í *Morgunblaðinu* þann 6. janúar 2006 talar Jóhann Hjálmarsson um tómlæti í garð ljóðabóka og telur það vera hættulegt; það geti „dregið mátt úr skáldum og jafnvel fengið þau til að gefast upp“ og setja ljóð sín niður í skúffu.¹ Það er rétt að ljóðabækur eru lítið áberandi og ná aldrei að vekja viðlíka athygli og skáldsögur, hvað þá ævisögur, í annars stórtækri bókaframleiðslu landsmanna. En ef til vill má líka segja að meginhluti ljóðabóka tilheyri neðanjarðarmenningunni frekar en þeirri opinberu, og kannski er það vel. Ljóð hafa nefnilega tilhneigingu til að vera fremur „innhverfar“ bókmenntir, jafnvel stundum svolítið „einrænar“ enda hafa þau verið nefnd listform sálarinnar. Það er því oftast ekki svolítil dulúð sem fylgir ljóðskáldum og bókum þeirra og dulúðin þrífst, ef eitthvað er, betur neðanjarðar eða að minnsta kosti nálægt jafri þess viðurkennda.

En hvernig stóð ljóðagerð á Íslandi árið 2005? Hversu slæmt ætli ástandið hafi verið? Í eftirfarandi grein – eða réttara sagt skýrslu – verður gefið yfirlit um stöðu íslenskrar ljóðlistar árið 2005; bækur

¹ Jóhann Hjálmarsson (2006:22).

verða taldar upp, fyrst frumútgáfur og þá endurútgáfur, og gerð verður grein fyrir ljóðapýðingum og ljóðum fyrir börn. Að lokum verður litið yfir það helsta í umræðunni og uppákomum síðasta árs. Erfitt getur verið að henda reiður á öllu því sem ljóðskáld sendu frá sér á árinu enda verkin missýnileg og því líklegt að eitthvað fari forgörðum. En hversu viðamikil skyldi þessi samantekt geta orðið? Skyldu landsmenn hafa litið tíu nýjar ljóðabækur á árinu eða tuttugu eða jafnvel þrjátíu? Ætli það sé ekki vænlegast að byrja á að líta á þær bækur sem auglýstar eru í *Bókatíðindum*?

Hvorki meira né minna en þrjátíu og sex ljóðabækur eru taldar upp í bæklingnum *Bókatíðindi 2005*. Þetta eru bækur af ýmsu tagi, flestar frumútgáfur, en einnig er nokkuð um endurútgáfur ljóða eftir þekkt skáld, sem og hljóðbækur. Kápumyndir bókana eru svona og svona, áberandi minna hannaðar af fagfólki en bókarkápur í skáld-sagnakaflanum bera með sér að vera. Ekki þarf að koma á óvart að fallegustu bókarkápurar virðast koma frá stóru forlöggunum, líklega vegna þess að þar eru fjárráðin meiri og umbúðamálin eflaust í höndum sérfræðinga á sviði hönnunar. En skiptir þetta máli? Verðum við ekki bara að treysta því að unnendur ljóða dæmi ekki innihaldið eftir útlitinu heldur leggi til atlögu við jafnvel ósjálegustu bitana? Eru konfektmolar í skrautlituðum álpappír nokkuð betri en hinir? kann einhver að spyrja. Eða telja ljóðskáld sig og lesendur sína kannski bara hafna yfir neyslumenningu nútímans og þar á meðal umbúðir? Það skyldi þó aldrei vera. Ekki bara að bókakápurar bendi til þess, heldur einnig sú staðreynd að einungis helmingur ljóðabóka ratar inn á glanspappír *Bókatíðindanna*, eins helsta auglýsingamiðils sem sérstaklega er beint að bókmenntaunnendum og öðrum bókmenntaneytendum. Staðreyndin er nefnilega sú að ljóðabækur ársins 2005 eru ekki þrjátíu og sex heldur vel yfir sjötíu! Og sé miðað við höfðatöluna margfrægu, geri aðrar þjóðir betur!

Frumútgáfur

Frumútgáfur eru eðli málsins samkvæmt fyrirferðarmesti „flokkurinn“ enda bera þær með sér neistann og ólguna í ljóðagerðinni. Í þessum flokki má búast við að finna flórana alla og þá ekki síst nýgræðingana sem eru ómissandi og gefa fyrirheit um áframhaldandi grósku.

Eftir því sem næst verður að komist eru frumútgefnar ljóðabækur ársins yfir fimmtíu talsins og er þeim raðað niður eftir útgáfufyrirtækjum:

EDDA, MIBLUN – ÚTGÁFA:

- Gyrðir Elíasson: *Upplitað myrkur* (Mál og menning).
 Halldóra Kristín Thoroddsen: *Gangandi vegfarandi* (Mál og menning).
 Kristján Karlsson: *Limrur* (Vaka-Helgafell).
 Matthías Johannessen: *Kvöldganga með fuglum* (Vaka-Helgafell).
 Sölvi Björn Sigurðsson: *Gleðileikurinn djöfullegi* (Mál og menning).
 Þorsteinn frá Hamri: *Dyr að draumi* (Mál og menning).
 Þórarinn Eldjárn: *Hættir og mörk* (Vaka-Helgafell).

NÝHIL:

- Af ljóðum*. Ritstj. Eiríkur Örn Norðdahl. Greinar, ljóð og ljóðabýðingar.
Ást æða varps. Ljóð eftir Eirík Örn Norðdahl, Hauk Má Helgason, Hildi Lilliendahl, Kristínu Eiríksdóttur, Ófeig Sigurðsson, Óttar Martin Norðfjörð og Val Brynjar Antonsson. Ritstj. Ófeigur Sigurðsson og Haukur Már Helgason.
 Eiríkur Örn Norðdahl: *Blandarabrandarar*. Norrænar bókmenntir, 4.
 Haukur Már Helgason: *Rispa jeppa*. Norrænar bókmenntir, 2. (Prósaljóð.)
 Óttar G. Kristinsson: *Gleði & glötun*. Norrænar bókmenntir, 3.
 Óttar Martin Norðfjörð: *Sirkus*.
 Örvar Þóreyjarsón Smáráson: *Gamall þrjótur, nýir tímar*. Norrænar bókmenntir, 1.

JPV ÚTGÁFA:

- Gylfi Gröndal: *Eitt vor em?*
 Jónas Þorbjarnarson: *Hvar endar maður?*
 Njörður P. Njarðvík: *Aftur til steinsins*.

Lafleur útgáfa (Benedikt S. Lafleur):

- Geirlaugur Magnússon: *andljóð og önnur*.
 Hörður Gunnarsson: *Með mér er Regn*.
 Kristján Hreinsson: *Rökrétt framhaldslíf*. (Prósaljóð.)

SALKA:

- Kristian Guttesen: *Litbrigðamygla*.
 Margrét Lóa Jónsdóttir: *Tímasetningar*.

DEUS:

- Bjarni Bernharður Bjarnason: *Ljósboginn*. (Ljóð og örsögur.)
 Katla Hólm: *Fallnar stjörnur*.

BÓKAÚTGAFAFAN HÓLAR:

101 *vísnaþáttur úr DV – og tveir að auki*. Síðari hluti. Ragnar Ingi Aðalsteinsson tók saman.

Helgi frá Hlíð (Helgi Sigurður Jónsson): *Stjarnljóð*.

ÝMIS SMÆRRI FORLÖG GEFNA ÚT EINA LJÓÐABÓK HVERT:

Birgir Svan Símonarson: *Áningarstaður augnabliksins*. Fótmaál – Neðanjarðar. (Ljóð og örsögur.)

Birgitta Jónsdóttir: *Beyond borders smáverkasafn*, 7 bindi, ljóð, prósi og teikningar. Smáverkasafn nr. 1: *Ástin*, 2: *Dauðinn*, 3: *Ég*, 5: *Guð*, 6: *Ævintýraljóð*, 8: *Goð og gyðjur*, 10: *Heimurinn*. *Beyond borders*.

Elísabet Nikulásdóttir: *Náðarljós*. Útg. Elísabet Sonja Harðardóttir.

Eysteinn Björnsson: *Logandi kveikur*. Jökultindur.

Finnur Torfi Hjörleifsson: *Myndir úr vikinni*. Uppheimar. Bókin er myndskreytt af Guðmundi Sigurðssyni.

Garðar Baldvinsson: *höfðaborg*. GB útgáfa.

Geirlaugur Magnússon: *Tilmæli*. Útg. Guðmundur Ólafsson.

Hallberg Hallmundsson: *Baggar skoplítir*. Brú – Forlag. Bókin var einnig gefin út á ensku undir titlinum *Bundles laughably small*.

Helgi Seljan: *Í hélu haustsins*. Félag ljóðaunnenda á Austurlandi.

Hermann Pálsson: *Atviksorð í þátið: ljóðmæli*. Bókaútgáfan Hofi.

Kristrún Guðmundsdóttir: *Hengiflug*. Publishislandica.

Ljóð og myndir. Kópavogur 50 ára. Ljóð eftir A. Helgu Sigurjónsdóttur, Aðalbjörgu Jónsdóttur, Ástu Díönu Stefánsdóttur, Gunnar Kr. Sigurjónsson, Heiði Gestsdóttur, Ingu Guðmundsdóttur, Ólöfu Stefaníu Eyjólfsdóttur, Rögnu Guðvarðardóttur, Sigurbjörgu Björgvinsdóttur, Sigurjónu Sigurjónsdóttur og Sigurlaugu Guðmundsdóttur. Ritsjtj. Þórður Helgason. Skáldin, Kópavogi.

Ólafur Skorrdal: *Sögur sálar*. Bragabót. Rafræn útgáfa á <<http://this.is/bragabot>>.

Óskar Guðmundsson: *Hjónin á Ytra-Ósi*, seinni hluti: Hjónakorn – kvæði og kviðlingar þeirra hjóna. Hellusund.

Rúnar Þór Þórarinnsson: *Enn einn dagurinn*. Þjaxi.

Sigríður Jónsdóttir: *Einnar báru vatn*. Sunnlenska bókaútgáfan.

Tryggvi V. Líndal: *Söguljóð og saga*. Valtýr.

Steinar Bragi: *Útgönguleiðir*. Bjartur. (Prósalljóð.)

Þorgeir Þorgeisson: *Dagsformið*. Kjölur útgáfa.

EFTIRFARANDI HÖFUNDAR GEFJA BÆKUR SÍNAR ÚT Á EIGIN KOSTNAÐ:

Anna S. Björnsdóttir: *Á blágrænum fleti.*

Anna Karin Júlíusson: *22 ljóð 2005.*

Birgir Hartmannsson: *Hjá mér oft er vísnavon: vísur og spjall.*

Einar Már Kristjánsson: *Fallnir englar.*

Haraldur S. Magnússon: *Einyrkinn.*

Helga Björg Jónsdóttir: *För.*

Hilmir Högnason: *Vatnsdals Hilmir er og verður til.*

Ingibjörg M. Alfreðsdóttir: *Þegar skuggarnir skerpast.*

Jón Jens Kristjánsson: *Milli fjalls og fjöru: gamankvæði og tækiferisvísur.*

Ólöf Stefánía Eyjólfsdóttir: *Maríutungur: ljóð.*

Sigfús Sigurður Kristjánsson: *Föndrað í línunum: ljóð og vísur.*

Sigurlaug Ólöf Guðmundsdóttir: *Af svölunum mínum.*

Símon Jón Jóhannsson: *Kaffið í aldingarðinum.*

Pórarinn Guðmundsson: *Dans við geisla.*

Þótt langflest ljóð séu frumbirt í ljóðabókum höfunda kjósa aðrir að birta ljóð sín í dagblöðum, tímaritum eða öðrum safnritum. Oft eru þetta ljóð úr nýjum eða nýlegum bókum eða þá jafnvel væntanlegum. Ljóðabirtingar sem þessar eru líklega of tíðar og útbreiddar til að hægt sé að hafa tölu á þeim öllum og nægir að nefna ljóðin í *Morgunblaðinu* eða þá allar lausavísurnar sem lesendur dagblaða senda inn. Ljóðskáld hafa í gegnum tíðina verið ötul við að birta ljóð í *Tímariti Máls og menningar* og er árgangur ritsins árið 2005 (66. árgangur) engin undantekning þar á enda hefur hann að geyma ljóð eftir Önnu Elísabetu Jóhannsdóttur, Ágústu Pétursdóttur Snæland, Birtu Marsilíu Össurardóttur, Fríðu Theodórsdóttur, Geirlaug Magnússon, Gerði Kristnýju, Hauk Ingvarsson, Kristínu Bjarnadóttur, Kristínu Svövu Tómasdóttur, Lindu Vilhjálmsdóttur, Magnús Sigurðsson, Óskar Árna Óskarsson, Pál Ólafsson (1827–1905), Sigurð Pálsson, Steinunni P. Hafstað, Svein Snorra Sveinsson, Val Brynjar Antonsson, Vésteinn Lúðvíksson, Vilborgu Dagbjartsdóttur og Vilhjálmi Séamusi Jónssoni. Einnig má nefna tímaritið *Súlar* 44, þar sem Benedikt Hólm Júlíusson frá Hvassafelli, Erlingur Sigurðsson, Jón Guðmundsson og Ólafur Þórðarson birta ljóð sín, og *Skímu* 28, sem hefur að geyma ljóð eftir Val Brynjar Antonsson og Þórdísi Björnsdóttur, *Veru* 24, þar sem finna má ljóð eftir Eddu Magnúsdóttur, *Són* 3, sem birti ljóð eftir Kristínu Svövu Tómasdóttur, og *Skírni* 179, þar sem Megas og Vésteinn Lúðvíksson birtu ljóð sín. Af safnritum má nefna *Borgfirðingabók*

6, en þar birtu meðal annarra skáldin Heiðrún Rut Baldursdóttir, Jakob Grétar Sigurðsson, Tinna Kristjánsdóttir, Theodór Kr. Þórðarson og Þorsteinn frá Hamri ljóð sín, og *Húnavöku*, þar sem Guðmundur Helgi Helgason, Hjálmar Freysteinsson, Ingibjörg Eysteinsdóttir, Ragnar A. Þórarinsson, Rúnar Kristjánsson og Sigríður Höskuldsdóttir birtu ýmist ljóð eða vísur. Af öðrum bókum og tímaritum sem birtu ljóð árið 2005 eru meðal annarra *Múlaping* 32 (Bragi Björnsson frá Surtsstöðum og Helgi Gíslason frá Hrappsstöðum), *Húni* 2004 (útg. 2005) (Ingibjörg Blöndal), *Glettingur* 15 (Kristín Jónsdóttir), *Freyr* (Jónas Tryggvason), *Visbending* 23 (Einar Már Guðmundsson), *Goðasteinn* 41. árgangur (Pálmi Eyjólfsson á Hvolsvelli) og *Á sprekkamó* (Anna Ingólfssdóttir, Jósep Ó. Blöndal og Ragnar Ingi Aðalsteinsson – endurprentað kvæði – og Þórhildur Sigurðardóttir. Ýmsar vísur og kveðlingar eru auk þess prentuð í samhengi við lausamálstexta). Þá er ýmiss konar kveðskapur, einkum frá liðnum öldum, birtur í *Brageyra*, afmælisriti Kristjáns Eiríkssonar.

Upptalningin hér að framan sýnir að frumútgáfa ljóða á liðnu ári var bæði umfangsmikil og fjölbreytileg. Margar bókanna fengu umfjöllun í fjölmiðlum, einkum ritdómum, en aðrar hafa kannski vakið athygli innan ákveðinna hópa og orðið tilefni skoðanaskipta og þar með hluti af umræðunni. Í eftirfarandi umfjöllun verður stiklað á stóru, helst í þeim tilgangi að gefa lesendum nokkurt sýnishorn af því sem ljóðskáld buðu landsmönnum upp á síðasta árið. Val á skáldum er bæði persónulegt og tilviljanakennt en skýrsluhöfundur gafst hvorki tími til að lesa allt það sem gefið var út á árinu né fjalla um allar þær bækur sem hann þó las. Umfjöllunin nær því einungis yfir brot af því sem prentað var en hver veit hvaða perlor kunna að leynast í því sem ekki verður reifað? Vonandi sem flestar.

Það þykja að jafnaði tíðindi þegar Þórarinn Eldjárn sendir frá sér ljóðabók og því er ef til vill ekki að undra að nýjasta bók hans – *Hættir og mörk* – skyldi lenda á leslista þeirrar sem þetta skrifar. Þórarinn á auðvelt með að tala til fólks og ljóð hans eru yfirleitt mátulega auðlesin. Ætli sterkasta hlið hans sem ljóðskálds liggi ekki mikið til í hnyttinni, hvernig honum tekst að sjá og sýna lesendum sínum lífið í skoplegu ljósi, jafnvel stundum svolítið grátbroslegu. Það er að jafnaði skemmtilegt og þægilegt að lesa ljóð Þórarins, ef til vill vegna þess hversu vel honum tekst að ná til lesandans með óþvinguðum og allt að því „kunnuglegum“ hætti; hann er eitthvað svo „íslenskur“ í hugsun og það sem hann hefur að segja segir hann umbúðalaust og án

íburðar. Þess í stað leikur hann sér með orð, hugtök, hugmyndir og smellnar samlíkingar, líkt og í ljóðinu „Undir súð“ (bls. 13–14) þar sem regndropum sem lenda á bárujárnri er líkt við ritvéslslátt, uns rigningin hefur náð að vélrita heilan rímnaflokk. Í ljóðinu leiðir Þórarinn lesandann aftur í tímann og leikur sér þannig að því að tengja saman nútíð og fortíð. Það gerir hann og í öðru snjöllu ljóði, „Askur“ (bls. 25), þar sem lesanda er boðið inn í hinn forna goðheim, þar sem íkorni á þönum upp og niður stofn asktrés verður að sögufrægum íkorna, Ratatoski. Þegar lesandinn hefur gengist inn á blekkinguna, að asktréð í ljóðinu tengi virkilega saman tvo heima og að hann sé í raun staddur við heimstréð sjálft, ask Yggdrasils, er honum kippt niður á jörðina aftur, þegar höfundur tekur upp á því að fódra Ratatosk með salthnetum og kartöflufloögum. Þetta verða að teljast snjöll tímaskipti. Að lokum langar mig til að nefna sniðuga ferskeytlu sem ber heitið „Sumardagurinn fyrsti“ og fjallar um íslenska voríð, sem er blautt eins og vatnslitamynd (bls. 16). Þarna er á ferðinni samlíking sem allir Íslendingar ættu að kannast við. Edda markaðssetti bók Þórarins sem fimm stjörnu ljóðabók, eftir ritdómi Páls Baldvins Baldvinssonar, gagnrýnanda DV. Ég er viss um að ýmsum ljóðaunendum hefur brugðið í brún og þótt sem ljóðabækur væru nú dregnar í dilka að hætti amerískra bíómynda. Einhvern veginn finnst manni stjörnugjöf eiga betur við flest annað en ljóðabækur.

Í ljóðabók Þorsteins frá Hamri, *Dyr að draumi*, kveður við nokkuð annan tón en hjá Þórarni enda ólík skáld á ferðinni. Þótt yfirbragð bókar Þorsteins sé – svo sem vænta mátti – svolítið í þyngri kantinum verður ekki sagt að þar ríki beinlínis svartsýnisandi heldur er miklu fremur verið að leita svara og í því felst alltaf ákveðin hjart-sýni. En á sama tíma og bornar eru upp knýjandi spurningar kemur þó einnig fram ákveðin tortryggni gegn svörum – að minnsta kosti tekst höfundi að sannfæra lesandann um að það séu ef til vill ekki endilega alltaf til svo afdráttarlaus svör við spurningum okkar. Þessar vangaveltur gefa bókinni svolítið heimspekilegan undirtón þar sem myndir eru dregnar upp á draumkenndan máta, jafnvel með tilvísunum í annan heim. Mig langar rétt að nefna tvö ljóð. Í ljóðinu „Mynd“ (bls. 13) dregur ljóðmælandi að sér huglæga mynd (ímynd) annarrar manneskju svo að hún geti lýst upp annars ósýnilega betri hlið hans. Myndmálið er bæði frumlegt og orkar sterkt. Einnig langar mig að nefna ljóðið „Maðurinn“ (bls. 16) sem er gott dæmi um heimspekilegar vangaveltur höfundar. Maður er kannski gjarn á að líta þannig á hlutina ómeðvitað að maður sé sífellt að bæta við sig á

lífsleiðinni; maður bætir jú við sig þroska og þekkingu. Ljóðið fær mann hins vegar til að hugsa um hverju maður glati á lífsleiðinni. – Og hvort ætli sé nú dýrmætara, það sem maður öðlast eða það sem maður glatar?

Næst langar mig til að bera niður í bók Gyrðis Elíassonar sem ber heitið *Upplitað myrkur*. Sá hárfni, hreini tónn sem einkennir ljóð Gyrðis, þegar best lætur, gerir það að verkum að bækur hans henta betur en margar aðrar sem kvöldlesning og eiga því vel heima á náttborðinu. Hvað er betra en hreinsa hugann eftir eril dagsins með litlu ljóði sem megnar að ylja manni um hjartaræturnar og leiða hugann á hjartari brautir? Varla gefst betra veganesti fyrir góðar draumfarir, geti maður með einhverju móti stjórnað þeim. Mig langar til að nefna tvö ljóð úr bók Gyrðis, sem hvort um sig hafa einmitt þessa eiginleika. Það er annars vegar ljóðið „Einstæð móðir í fjöruferð“ (bls. 7) og hins vegar „Tónlistarmaður segir draum sinn“ (bls. 36). Í hinu fyrrnefnda dregur höfundur upp mynd af konu sem er með litlar dætur sínar í fjöruferð. Sjálfri finnst mér sú mynd falleg ein og sér því að hversu margar maður hafa heinlega tíma fyrir fjöruferðir í þéttskipaðri dagskrá sinni? – En þessi móðir, hvað gerir hún ekki til að gleðja litlu stelpurnar sínar? Hún hellir úr poka fullum af kóngabryðstykri í sandinn svo að dætur hennar megi finna rauða, sæta steina. Verður móðurástinni lýst betur í átta stuttum línunum? Í síðarnefnda ljóðinu erum við stödd í skógi vaxinni hlíð í Norður-Noregi og hittum fyrir ekki minni mann en sjálfan Síbelíus. Þótt ljóðið taki um það bil tvær mínútur í lestri dugar það í að minnsta kosti tuttugu mínútna fantasíu. Væri til meistaradeild íslenskra skálda ætti Gyrðir heima þar.

Kristján Karlsson sendi frá sér tvær bækur á árinu, annars vegar *Kvæðasafn og sögur 1976–2003* og hins vegar ljóðabókina *Limrur*. Limruformið er skemmtilegt ljóðform og hentar vel fyrir gamanmál enda eru limrur Kristjáns í þeim anda. Limrurnar eru að vonum misjafnar en stundum tekst höfundi einkar sprund upp, svo sem í vísunum um skakka turninn í Pisa (bls. 13) og sprundið Ljóneiði (bls. 16):

„Víst er ég létt í lund,
mælti Ljóneiður. Hún er sprund.
Hennar unnusti er maður.
Og ennfremur glaður.
En aldrei í sama mund.“

Við annan tón kveður í áttundu ljóðabók Margrétar Lóu Jónsdóttur sem ber heitið *Tímasetningar*. Þema bókarinnar er hið yfirþyrmandi frétt aflóð sem við búum við og þar með stöðugar stríðsfregnir utan úr heimi. Þessar fréttir eru áleitnar, eins og við könnumst öll við, en eru þó engu að síður hluti af samtímanum og því áreiti sem við verðum fyrir dags daglega. Í bók sinni svarar höfundur áreitinu með því að flýja út í náttúruna í ákveðna draumaveröld í suðri; mótspilið gegn heimsástandinu eru ólífur, kirsiber og narsissur, kvenlægur heimur gegn karllægum. Ljóð sem mig langar til að nefna eru prósaljóð um gamla konu og ljóð um réttarhöld yfir fanga-verði. Fyrra ljóðið (bls. 17) fjallar um gamla konu á elliheimili sem elskar lífið. Sá sem færir henni vatn og lyf og dregur gluggatjöldin frá á morgnana er svartur. Á meðan gamla, jákvæða konan segist fagna nýbúum dregur höfundur upp mynd af algjöru samskiptaleysi. Starfsmaður elliheimilisins, nýbúinn, er stundvís eins og klukka en ópersónulegur og utan við sig. Bilið á milli gömlu konunnar og nýbúans er líklega jafn breitt og vegalengdin milli Íslands og Afríku. Þetta ljóð snertir mann í einfaldleika sínum, sem og ljóðið um fangavörðinn (bls. 27):

Ég er ekki hinn fullkomni hermaður, sagði fangavörður
(sem einnig var liðþjálfari) og iðraðist gjörða sinna

Játaði sig sekan um að hafa trampað á fingrum og
fótum handjárnaðra fanga og hent sér ofan á þá af fullum
þunga

Grimmilegt og aumingjalegt, sagði saksóknarinn
af miklum þunga

Þetta ljóð virkar svolítið eins og blaut tuska framan í lesandann; hreinskilið, umbúðalaust og án lausna. Oftar en ekki býður Margrét Lóa þó upp á svör og sýnir okkur að ef við getum ekki sætt okkur við veröldina eins og hún er þurfum við bara að leita griðastaða. Hið sama á ekki við um bók Geirlaugs heitins Magnússonar, *andljóð og önnur*, þar sem ákveðin depurð ræður ríkjum. Heimssýn höfundar er þar gjarnan með þunglyndislegum blæ, þrá eftir flóttu og ber vott um upphafningu ímyndunarinnar á kostnað „raunveruleikans“. Dæmi um þetta er ljóð nr. 27, sem er í senn kaldhæðin, hnyttið og þungt,

hvernig svo sem slíkt má vera. Víða má þó finna frumlegar myndir, einkum í einföldum ljóðum, þar sem ein líking getur fengið mann til að leiða hugann að svo ótal mörgu, svo sem í ljóði nr. 9:

Á gráum himni
glittir í
blátt auga

eitt og
þreytulegt

guðs auga

Þótt höfundur virðist ósáttur við margt í hinu daglega lífi gætir ekki uppreisnaranda í ljóðum hans heldur fremur uppgjafar eða vonleysis. Eftirtektarverð eru einnig ljóðin nr. 14 og 24 í fyrri hluta bókarinnar („andljóð“) og ljóðin „Ferðaprennur“ og „Vonarlóm“ í síðari hlutanum („og önnur“). Þessi tvö síðastnefndu eru afar sterk; „Ferðaprennum“ mætti líkja við tilfinningalegan rússíbana og ljóðið „Vonarlóm“ er beinlínis átakanlegt. Styrkur bókarinnar felst í heildaráhrifum hennar og ekki er víst að ljóðin nái að vekja jafnsterkar tilfinningar hvert um sig. Þetta er bók fyrir fólk sem þorir að róta upp í spariskapinu og hætta sér niður í undirdjúpin.

Ljóðabók Njarðar P. Njarðvík, *Aftur til steinsins*, er fágúð og mjög jöfn að gæðum. Ljóðabálkurinn „Veistu eitthvað um vindinn?“ – líkt og bókin reyndar öll – sýnir hversu þroskað skáld Njarður er og öruggur í orðlist sinni. Þótt fullyrða megi að öll ljóðin í bókinni séu góð má ef til vill segja að höfundi takist best upp í hinum persónulegri ljóðum eða þar sem hann lýsir atburðum sem hafa greinilega orkað sterkt á hann sjálfan. Ljóðin „Hlusta með hendinni“ (bls. 24) og „Ásókn“ (bls. 25) eru dæmi um ljóð með djúpri tilfinningu.

Hallberg Hallmundsson sendi frá sér safn af hækum, alls 250, undir titlinum *Baggar skoplitir*. Ekki verður annað sagt en að bókin sé hin skemmtilegasta lesning þótt hækurnar séu að vísu misjafnar. Hækan er afar knappt ljóðform og samanstendur af þremur vísuorðum þannig að hvert ljóð er eins og örlítið myndbrot sem orkar þó oft að kveikja enn stærri hugrenningar. Þær hækur sem mér þótti standa upp úr eru númer 14, 16, 40, 74, 87, 100, 173, 183 og 206, að ógleymdum hækum númer 44 og 217:

| | |
|---|--|
| Mér er um og ó, á þó ekki börn í sjó né nein á landi. | Lækur minn litli, leiktu þér því innan skamms skolast þú til hafs. |
|---|--|

Ljóðabók Jónasar Þorbjarnarsonar, *Hvar endar maður?* einkennist af læsilegum ljóðum og einlægum augnabliksmyndum. Talsvert er um ferðaljóð en mörg þeirra eiga það sameiginlegt að höfundur veltir fyrir sér stöðu sinni í samhengi við umheiminn, það samfélag sem hann er staddur í hverju sinni. Dæmi um slíkt ljóð er „Gluggasæti“ (bls. 42–43), þar sem höfundur hugar að eigin stöðnun í ljósi kringumstæðna þá stundina. Þá felur ljóðið „Mannlegur misskilningur“ (bls. 46–47) í sér skemmtilegar þælingar um tilveruna. Ljóðið „Uppstilling“ (bls. 22–23) finnst mér hins vegar standa upp úr, í senn heimspekilegt og hnyttið.

Sigríður Jónsdóttir, bóndi í Arnarholti í Biskupstungum, gaf út ljóðabókina *Einnar báru vatn*. Þetta er fyrsta bók höfundar en þó með furðulitlum byrjandablæ. Þótt ef til vill megi segja að ljóðin í bókinni séu nokkuð ólík og misjöfn að gæðum, er þó jafnframt á henni sá heildarsvipur sem grundvallast á persónulegri nálgun höfundar. Ljóðunum er skipt í sjö kafla eftir þema. Mig langar til að benda á nokkur athyglisverð ljóð úr þessari bók, svo sem „Húsráðendur“ (bls. 22) sem er sniðugt, ljóðið „Dagsbrún“ (bls. 30), þar sem uppistaðan er snjöll persónugerving, og „Unglingur“ (bls. 34), sem felur í sér kunnuglegar tilfinningar, en það hefst svo:

Innra með þér er eitthvað
sem hrópar án afláts.

Ekki hlusta á það.

Hækkaðu í græjunum

...

Gardar Baldvinsson birti ljóð og prósaljóð í fimmtu ljóðabók sinni, *höfðaborg*. Kveðskapur Gardars er svolítið myrkur á köflum og jafnvel í „innhverfara“ lagi; hann krefst þess að lesendur gefi sér tíma og næði til túlkunar. Innan um er að finna léttari ljóð, jafnvel tiltölulega einfaldar mannlíflýsingar, svo sem ljóðið „eins og fugl“ (bls. 35–36) eða „skáhallt“ (bls. 39–40) sem felur í sér skemmtilega mynd af fólki sem

horfir út um glugga húsa sinna þar sem A horfir á B, B horfir á C, C á D og svo framvegis.

Bókaútgáfa Nýhils sendi frá sér sjö ljóðabækur á árinu, þar af fjórar í ritröðinni Norrænar bókmenntir. Um ljóðaritröð þessa má lesa þokkalega samantekt eftir Krístrúnu Heiðu Hauksdóttur á vefsíðunni <kistan.is> og hef ég í raun litlu við hana að bæta. Kverið *Ást æða varps* samanstendur af ljóðum sjö skálda, afar misjöfnum að formi og gæðum. Ljóð Hildar Lilliendahl „Einmitt nákvæmlega akkúrat svona með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar á hegðun atferli og framkomu“ er dæmi um vel heppnað ljóð sem segir mikla sögu sem smellpassar við óróleikann í ljóðstílnum sem segja má að einkennist af óskipulegu flæði.

Rétt áður en ég sný mér að öðrum flokki ljóðabóka, það er endurútgáfum, langar mig að nefna eina bók til viðbótar, *Gleðileikinn djöfullega* eftir Sölva Björn Sigurðsson. Þetta er óvenjuleg bók að mörgu leyti og vakir hér að baki *Gleðileikurinn guðdómlegi* eftir Dante. Verkið er í raun og veru paródía þar sem hversdagslegt umfjöllunarefni er fært í háleitan búning; útkoman verður skopstæling sem megnar að draga fram fáránleika hversdagsins. Þótt kveðandinn sé ekki gallalaus verður ekki efast um rithæfileika Sölva og það nýnæmi sem söguljóð hans hlýtur að teljast meðal íslenskra bókmennta. Ég get þó ekki varist þeirri hugsun að höfundur hafi of mikið að segja til að sú saga njóti sín til fullnustu í því formi sem hann valdi henni og velti því fyrir mér hvort hún hefði ekki átt betur heima í hefðbundnu skáldsöguformi, ekki síst þar sem hún fjallar um heim yngri kynslóðarinnar, sem hlýtur þá að vera hinn svokallaði „markhópur“. Kannski eru það bara fordómar en mig grunar að þennan markhóp vanti ef til vill þá þolinmæði sem formið krefst af lesanda sínum. Sá heimur sem skáldið yrkir um er heimur þeirrar kynslóðar sem lifir og hrærist í skemmtanamenningu Reykjavíkur. Þetta er heldur nóturleg og jafnvel ógeðfæld veröld sem væntanlega flest fólk yfir fertugu þekkir ekki, og er líklega guðslifandi fegið að þurfa aldrei að kynnast. Höfundar sem kjósa að draga fram hinar dökku hliðar mannlífsins og færa undirheimana upp á yfirborðið, eins og Sölvi gerir hér, gera það oft en ekki undir þeim formerkjum að öll þurfum við að þekkja hið ljóta til að geta notið þess góða. Ég veit ekki um tilgang höfundar með þessari bók en eftir stendur, að mínu viti, vel skrifuð bók sem nær þó ekki að göfga lífið á nokkurn hátt. Hún nær engan veginn að skerpa sýn mína á lífið enda vantar hana tilfinningu og það er eins og höfundinn vanti – þrátt fyrir frásagnargáfu – þörf fyrir að vilja gefa af sér; því verður bókin eins og andstæða þess konar ljóðlistar sem ég nefndi í

umfjöllun minni um bók Gyrðis Elíassonar og nefni aftur hér á eftir í umfjöllun um ljóðasafn Hannesar Péturssonar. Einkenni góðra skálda er að þau ná að snerta taugar lesandans og í hraða og áreiti nútímans er það allt annað en auðvelt.

Endurútgáfur

Ljóð eftirfarandi skálda voru endurútgefin á árinu en höfðu ýmist verið birt áður í öðru samhengi eða saman í bók:

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson: *Ljóð*. Dimma ehf. Úrvalsljóð ásamt geisladiski með lestri skáldsins og frumsaminni tónlist Sigurðar Flosasonar.

Einar Benediktsson: *Ljóð*. Hljóðbókin. Geisladiskur (hljóðbók) með mörgum þekktustu ljóðum skáldsins.

Gunnar Dal: *Orð milli vina: ljóðasafn*. Lafleur. Um er að ræða úrval úr síðustu tólf ljóðabókum höfundar.

Gömlu skólaljóðin mín. Krass.

Halldór Laxness: *Dáð er alt án drauma og fleiri kvæði*. Edda (Vaka-Helgafell).

Hannes Pétursson: *Ljóðasafn*. Njörður P. Njarðvík ritar inngang. Edda (Mál og menning).

Kristján Karlsson: *Kvæðasafn og sögur 1976–2003*. Hið íslenska bókmenntafélag.

Þóra Jónsdóttir frá Laxamýri: *Landið í brjóstinu*. Salka. Safn úrvalsljóða.

Þórður Helgason: *Par var ég*. Eigin útgáfa höfundar. Ljóðin birtust flest í samnefndri bók árið 1989.

Ljóðasafn Hannesar Péturssonar er endurprentað í stórrí og veglegri bók og er greinilega vel að henni staðið. Njörður P. Njarðvík ritar inngang að útgáfunni þar sem hann fjallar um skáldskap Hannesar. Hannes hefur lengi verið eitt ástsælasta skáld þjóðarinnar enda hefur hann þá hæfileika sem eðalskáld búa yfir, að eiga auðvelt með að snerta strengi mannhjartans. Myndir Hannesar eru sumar hverjar hlýlegar, líkt og kvæðið „Gamall þulur“ (bls. 7). Skemmtilegt þótti mér að lesa ljóðið „Þorp í Óðinsskógi“ (bls. 9) þar sem skáldið líkir ljóðum við skóg og lýsir því hvernig merking þeirra afhjúpast líkt og þegar allt í einu birtist rjóður í þykkum skógi. Sjálf hafði ég ímyndað mér túlkun ljóða með áþekktum hætti nema hvað mér þótti ljóðalestur

eins og að lesa í ský. Um leið og maður skilur orðin – eða telur sig skilja þau – leysast þau upp eitt af öðru þar til maður stendur andspænis heiðríkjunni – merkingu ljóðsins. Eins og gefur að skilja hefur stór bók eftir mikið skáld að geyma fleiri góð ljóð en upp verða talin. Mig langar því aðeins til að nefna örfá ljóð í þessu stutta yfirliti. Ljóðið „Þegar þú grætur“ (bls. 88) býr yfir djúpri tilfinningu:

Sorgin reisir hallir
 í hafdjúpi þinna augna
 hafdjúpi hreinu, bláu
 meðan hljóðlátt þú grætur.
 Útlæg verður gleðin
 sem áður þar bjó.
 Ekki tjaldar sorgin
 til einnar nætur.

Einnig langar mig að minnast sérstaklega á þau ljóð sem upphaflega birtust í bókinni *Heimkynni við sjó* og sýna umgengni skáldsins við náttúru landsins og dýrin. Höfundur gefur gaum að mús, vingast við hund nágrannans og ávarpar selina, líkt og væru þeir góðkunningjar hans. Ljóðin eru full af hlýju og kærleika til náttúrunnar, jafnvel lofgjörð. Þeim sem vilja lesa ítarlegri ritdóm um ljóðasafn Hannesar bendi ég á umfjöllun Viðars Hreinssonar á <kistan.is>.

Þórður Helgason gaf út ljóðabókina *Þar var ég* en flest ljóðanna höfðu birst áður í samnefndri bók frá 1989, nokkur á ýmsum stöðum og nokkur eru nú prentuð í fyrsta sinn. Þema bókarinnar er sumarvist drengs í Fljótshlíðinni og fjalla ljóðin um hið daglega líf í sveitinni og sýn drengsins á það. Einkenni ljóðanna eru einfaldar og tilgerðarlausar myndir, þar sem húmorinn er sjaldnast langt undan, enda heimurinn séður með athugulum augum stráksins. Mörg ljóðanna eru áberandi einlæg og höfundur nær að vekja með þeim æskuminningar – minningar um heim sem einungis verður skynjaður og túlkaður með barnsaugum en við könnumst þó öll við. Þessi barnslega einlægni er til dæmis áberandi í ljóðunum „Lóan“ (bls. 13) og „Helgargestir“ (bls. 37). Þá á höfundur það einnig til að leika sér skemmtilega að orðum eins og í ljóðinu „Æði“ (bls. 43):

Þeir sögðu að sumrungurinn
 í úthlíðinni hefði fengið
 heymæði.

Mér varð stundum hugsað heim
en að ég fengi æði

af og frá!

Ekki er hægt að segja annað en að höfundur dragi fram óborganlegar mannlífsmyndir í kvæðunum „Spenna“ (bls. 54) og „Æfing“ (bls. 61). Og ekki er heldur hægt að segja annað en að lestur þessarar bókar geri manni gott.

Ljóðapýðingar

Þótt ekki sé um auðugan garð að gresja í ljóðapýðingum hljótum við að líta á hverja pýðingu sem kærkomið tækifæri til að skyggjast inn í ljóðahefð og ljóðamenningu annarra þjóða. Stór hluti Íslendinga er nú læs á ensku og margir lesa þar að auki Norðurlandamál, þýsku eða frönsku. Færri eru aftur á móti í þeirri aðstöðu að geta lesið – og skilið – skáldskap á framandi tungumálum. Nokkrir íslenskir pýðendur bæta úr þessum skorti og ljá okkur ekki einungis þekkingu sína á tungumáli skáldanna heldur einnig skilning sinn því að án hans væri einfaldlega ekki hægt að þýða ljóð. Eftirfarandi bækur bættust í safn ljóðapýðinga árið 2005:

Federico García Lorca: *Sígaunljóð*. Kristján Eiríksson þýddi. Gefin út af þýðanda.

Kahlil Gibran: *Spámaðurinn*. Gunnar Dal þýddi. 15. útgáfa. Edda (Vaka-Helgafell).

Pablo Neruda: *Hæðir Machu Picchu*. Guðrún H. Tulinius þýddi. Proxima.

Po Chü-i: *Brjálsemiskækir á fjöllum*. Vésteinn Lúðvíksson þýddi. Uppheimar.

Stanley Kunitz: *Báturinn langi og fleiri ljóð*. Hallberg Hallmundsson þýddi. JPV útgáfa.

Nokkrar pýðingar voru þar að auki birtar í tímaritum eða innan annarra rita. Fjögur ljóð eftir H. C. Andersen voru birt í tímaritinu *Jón á Bægisá* 9: „Dansi, dansi, dúkkan mín“, Gunnar Egilson þýddi, „Deyjandi barn“, Kristján Jónsson þýddi, og „Barnaljóð“ og „Jarðlífsins forgengileiki“ sem voru endurort af Franz Gíslasyni. Um er að ræða gamlar pýðingar. Valdimar Tómasson þýddi „Skógarvillur“

eftir Inger Hagerup og ljóðin „Jöklasóley“ og „Ævintýri“ eftir Olav H. Hauge og birti í *Són* 3. Garðar Baldvinsson þýddi „Draugaveiki“ eftir Louis Alberto Urrea og birti í ljóðabók sinni *höfðaborg* (GB útgáfa). Þá var ljóðapýðing Þorsteins Gylfasonar „Morgunsöngur: handa Sigfúsi Halldórssyni“ eftir Ruggiero Leoncavallo endurprentuð í *Mími* 44 og pýðingar hans „Páskaliljur“ eftir William Wordsworth, „Vegur við sjó“ eftir Jean Anouilh og „Nöfnin á köttum“ eftir Thomas Stearns Eliot birtust í *Ritinu* 5. Þá voru ljóðapýðingar birtar í *Morgunblaðinu* og eru mér minniststað ljóð eftir írska þjóðfræðinginn Daithí Ó hÓgáin og sænskan kollega hans Bengt af Klintberg, en ljóð þeirra voru lesin á frummálinu sem og íslensku í Norræna húsinu þann 14. júní í tengslum við keltnesk-norræna-baltneska þjóðfræðiráðstefnu.

Í skýrslu þessari skal einungis gripið niður í tvær ljóðapýðingar, *Sígaunaljóð* eftir Federico García Lorca (Kristján Eiríksson þýddi) og *Brjálsemiskæki á fjöllum* eftir Po Chü-i (Vésteinn Lúðvíksson þýddi). Hvor tveggja útgáfan er vönduð og í formálum þýðenda er að finna fróðleik um skáldin tvö og verk þeirra; ljóðum Lorca fylgja þar að auki ítarlegar skýringar aftan við. *Sígaunaljóðum* Lorca er skipt niður í tvo hluta, 1) „Sígaunaljóð“ og 2) „Þrjár sögubulur“. Kristjáni Eiríkssyni tekst vel upp í þýðingum sínum sem eru að jafnaði hljómmiklar og bera þekkingu hans á lögmálum bragfræðinnar gott vitni. Heimur Lorca getur þó verið byrjendum heldur torræður og koma þá skýringarnar að góðu gagni. Einungis eitt ljóð, „Eiginkonan ótrúa“ (bls. 34), þarfnast ekki útskýringa og felur í sér heitar ástríður með spaugilegum undirtóni.

Í ljóðabók Po Chü-i, *Brjálsemiskækir á fjöllum*, er að finna einstakar mannlífsmyndir þar sem hvert ljóð er í raun heill og framandi heimur. Að vísu eru ljóðin misjöfn; sum hreyfa við en önnur ekki. Í þýðingu Vésteins Lúðvíkssonar verða þessi ljóð, sem ort eru í Kína á 9. öld, í raun tímalaus og þótt hinn íslenski lesandi viti svo sem vel að þau eigi að gerast í Austurlöndum til forna er ég viss um að ljúga mætti að mörgum að þau hefðu verið ort í gær, jafnvel á Íslandi. Tímaleysi ljóðanna kemur til að mynda vel í ljós þar sem höfundur dregur upp ákaflega einfaldar myndir af kunnuglegum – og viðkunnanlegum – aðstaðum, en slík ljóð sýna okkur að skynjun manna og upplifun þeirra af náttúrunni og hversdeginum hefur verið með líku móti öndverðum megin á hnettinum fyrir rúmum tug alda og á norðlægum slóðum árið 2005. Gott dæmi um þetta er örstutt ljóð sem ber heitið „Nætursnjór“ (bls. 44):

Eitthvað skritið hvað ábreiðan var köld.
Sá svo alltíeinu hvað glugginn var bjartur.

Bráðum dögum. Tel víst að snjórinn sé djúpur.
Gott að heyra kunnuglegt brak í bambus.

Önnur ljóð sem mig langar til að nefna eru „Sá handleggsbrotni“ (bls. 22), „Þungt hugsí í rigningu, um kvöld“ (bls. 34), sem er einlægt og afar persónulegt ljóð með skemmtilegum líkingum, og „Minningin um Gullbrá“ (bls. 37) sem einnig er persónulegt en með sorglegri blá. Flestir ljóðaunnendur vita hversu gott getur verið að grípa til ljóðabókar á náttborðinu og lesa eitt eða tvö ljóð fyrir svefninn. Oft getur slík nægjusemi gengið upp – og ekkert nema gott eitt um það að segja – en þessi bók er dálítið „erfið“. Ljóð Po Chü-i eru eins og hlekkir í keðju, ekki endilega vegna þess að á bókinni er heildarsvipur, þar sem hverju ljóði má líkja við hlekk, heldur vegna þess að hvert ljóð vekur forvitni um það næsta og svo koll af kalli. Það getur því hreinlega orðið erfitt að leggja bókina frá sér, þótt mann langi til að spara, láta tvö nægja og lesa svo tvö kvöldið eftir. Bókin er því svolítið eins og sælgætispoki; maður veit ekki fyrr en nammið er búíð! Þetta er sem sagt bók sem ekki er hægt að glugga í – maður les hana upp til agna og helst í einum rykk.

Að lokum skal þess getið, þótt ekki verði fjallað um þær bækur sérstaklega, að ljóðabýðingar Guðrúnar H. Tulinius (*Hæðir Machu Picchu*) og Hallbergs Hallmundssonar (*Báturinn langi og fleiri ljóð*) voru tilnefndar til íslensku þýðingarverðlaunanna.

Ljóð fyrir börn

Ljóðskáld eiga hrós skilið fyrir þá viðleitni sína að reyna að höfða til barna og að ætla sér þar með – ef til vill – að ala upp ljóðaunnendur framtíðarinnar. Persónulega finnst mér enginn vera betur kominn að bjartsýnisverðlaunum en einmitt þetta fólk. Útgáfur þessar eru reyndar allar myndskreyttar, svo sem algengt er með barnabækur, enda kennir reynslan okkur foreldrum að góðar myndskreytingar geta hjálpað börnunum við að lifa sig inn í þann heim sem lesið er um. Um leið þurfum við að vera meðvituð um að hve miklu leyti myndskreytingin túlkar lesefnið, hvort barnabókmenntir eigi að örva ímyndunarafli barnanna eða einfaldlega að sjá þeim fyrir sögum. Eftirfarandi höfundar gáfu út ljóð fyrir börn á árinu 2005:

- Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson: *Romsbókin*. Dimma. Myndir: Halla Sólveig Þorgeirsdóttir.
- Kristján Jóhann Jónsson: *Stafrófsvísur Ara orms*. Hólar. Myndir: Freydís Kristjánsdóttir.
- Matthías Kristinsson. *Gryla / Afi Matti*. Barnabörn.
- Stefán Jónsson: *Guttavísur og fleiri kvæði*. Edda (Mál og menning). Myndir: Þórdís Tryggvadóttir, Eggert Sigurðsson og Tryggvi Magnússon.
- Þórarinn Eldjárn endurorti *Völuspá*. Edda (Mál og menning). Myndir: Kristín Ragna Gunnarsdóttir.

Fræði

Í kjölfar umfjöllunar um útgáfu er rétt að fara nokkrum orðum um umræðuna og á hvaða vettvangi ljóðaunnendur skiptust á skoðunum á liðnu ári. Hvorki verður fjallað um ritdóma né hinar fjölmörgu upptakomur þar sem höfundar lásu ljóð sín.

Í Háskóla Íslands var boðið upp á ljóðaþing undir heitinu *Heimur ljóðsins* dagana 23.–24. apríl. Málþingið einkenndist af allmikilli breidd og má líklega segja að það hafi endurspeglað fjölbreytileg viðfangsefni fræðimanna innan háskólans. Boðið var upp á fyrirlestra um eddukvæði, dróttkvæði, rímur, lausavísur, þulur, sálma og erfilyjóð, jafnt sem kvæði rómantískra skálda, skálda frá síðustu öld og erlendra skálda. Fjórir fyrirlesarar fjölluðu um íslensk samtímaskáld og ljóð þeirra, það er Hallgrím Helgason, Ingibjörgu Haraldsdóttur, Steinunni Sigurðardóttur og Vilborgu Dagbjartsdóttur. Fyrirlesarar voru Alda Björk Valdimarsdóttir, Annette Lassen, Ástráður Eysteinnsson, Benedikt Hjartarson, Bergljót S. Kristjánsdóttir, Dagný Kristjánsdóttir, Garðar Baldvinsson, Gauti Kristmannsson, Gottskálf Þór Jensson, Guðni Elísson, Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Guðrún Nordal, Gunnþórunn Guðmundsdóttir, Helga Kress, Hólmsfríður Garðarsdóttir, Kristján Árnason (bókmenntafræðingur), Kristján Árnason (málfræðingur), Kristján Eiríksson, Margrét Eggertsdóttir, Martin Regal, Oddný Sverrisdóttir, Soffía Auður Birgisdóttir, Sveinn Yngvi Egilsson, Úlfar Bragason, Valgerður Brynjólfssdóttir, Vésteinn Ólason, Yelena Sesselja Helgadóttir, Þorvarður Árnason og Þórunn Sigurðardóttir.

Fyrirlestrar voru margir hverjir fróðlegir, þótt maður gæti ekki annað en saknað umfjöllunar um nútímaljóðagerð, en af þinginu

mætti ætla að slíkar rannsóknir væru ekki fyrirferðamiklar við hugvísindadeild Háskóla Íslands. Ef til vill hefði verið réttara að kalla þingið „Kvæði og fræði fyrr og nú“ eða eitthvað í þeim dúr, að minnsta kosti ef ætlunin var að hafa titilinn lýsandi. Ekki vantaði aðeins umfjöllun um ungskáldin og gróskuna í íslenskri ljóðlist heldur vantaði einnig ungskáld og unga ljóðaunnendur meðal ráðstefnugesta. Ef til vill má segja að þessi vöntun hafi haldist í hendur við dagskrána og áherslur fræðimanna, og því kom ekki á óvart að skáld af yngri kynslóðinni skyldu taka sig saman síðsumars og efna til annars ljóðþings þar sem samtímaljóðlist og framúrstefna voru í brennidepli.

Fyrirlestrar frá málþinginu voru gefnir út á bók undir yfirskrift ráðstefnunnar í ritstjórn þeirra Ástráðs Eysteinsonar, Dagnýjar Kristjánsdóttur og Sveins Yngva Egilssonar (Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands) en Ástráður ritaði inngangsorð undir titlinum „Ljóðlínur í heimsmyndinni“. Viðtal við ritstjórana þrjá í *Lesbók Morgunblaðsins* felur í sér nokkurs konar úttekt á málþinginu en þar kannast Dagný Kristjánsdóttir við þann skort á umfjöllun um samtímaljóðlist sem að framan greinir. Hún telur ljóðið hafa náð sér á strik eftir bakslag þótt það endurspeglar kannski ekki í fræðunum.² Bláðamaður kemur inn á hina einkennilegu mótsögn um að „á sama tíma og nánast allir virðast vera að yrkja, [...] þá seljast ljóðabækur mjög illa“. Dagný leyfir sér að efast um þessa staðhæfingu³ og ef til vill má – í ljósi þessarar ársskýrslu – benda á fjölda útgefna ljóða og úr hve miklu ljóðaunnendur hafa að mæta. Það er þá kannski skiljanlegra hvers vegna hver bók fyrir sig selst ekki í stóru upplagi. Dagný segir „það vera þulið aftur og aftur að enginn lesi ljóð“ og Sveinn Yngvi telur óþarft „að leggja mikla áherslu á að menn séu á æðisgengnum flóttu frá ljóðinu“.⁴ Eysteinn Þorvaldsson bætti örlitlu við *Lesbókarviðtalið* og leiðrétti tilvitnun í annað *Lesbókarviðtal* við sjálfan sig sem hann taldi stafa af misskilningi. Eysteinn er því þó sammála að umræður um ljóðlist hafi verið of litlar að undanfögnu og að framlag hugvísindadeildar sé því virðingarvert.⁵

Ekki er hægt að segja annað en að sá hópur ljóðskálda sem siglir undir flaggi Nýhils hafi vakið á sér athygli á árinu, bæði með útgáfu

² Pröstur Helgason (2005:1).

³ Pröstur Helgason (2005:4).

⁴ Pröstur Helgason (2005:4).

⁵ Eysteinn Þorvaldsson (2005:5).

og uppákomum. Nýhil samanstendur af „ungum“ skáldum (aldursmörk sveigjanleg) sem eiga líklega fátt sameiginlegt annað en að vera ung því að ljóðin eru jafn ólík og skáldin eru mörg. Eins og önnur skáld – á öllum aldri – eru ljóðskáld Nýhils upptekin af heimspeki- legum vangaveltum, jafnt sem hinum hversdagslegustu fyrirbærum og uppákomum í umhverfi sínu. Ljóðin endurspeglja því líf fólks í ís- lensku nútímasamfélagi, þar sem lífsgæðakappphlaup, fjölmiðlafár, fir- ring og trúhræsni fá sinn skerf, en auk þess að sjálfsögðu ástin og jafn- vel kynlífið. Sum þessara skálda gæða ljóð sín uppreisnaranda, önnur vonleysi og enn önnur háði. Þótt í raun sé ógerningur að fjalla um ólík skáld undir sama hatti má finna ákveðinn samhljóm með skáld- um Nýhils. Þetta er ekki endilega hljómur sem ekki hefur heyrst áður enda ekki víst að umrædd skáld séu að leggja sig svo mjög eftir að koma með „eitthvað nýtt“. Einnig er tjáningarmátinn ólíkur og hjá eldri skáldum; flæðið er áberandi (þó ekki algilt) og mjög í andstæðu við hið meitlaða ljóðform. Skáld Nýhils leitast við að snerta lesendur sína, hreyfa við þeim, eins og skáld allra tíma, en þar sem reynslu- heimur lesenda verður sífellt flóknari og mettaðri verða tilraunir skáldanna til áhrifa sífellt öfgafyllri og leita þau þá æ meir í þá átt að ganga fram af fólki og fara yfir mörk sem áður þóttu óviðeigandi. Í dag er allt leyfilegt, bæði hvað varðar efni, stíl og aga.

Félagar Nýhils eru ekki einungis menn orða heldur einnig verka og stóðu fyrir myndarlegri ljóðahátíð um verslunarmannahelgina undir yfirskriftinni *Alljóðlega ljóðahátíðin*. Boðið var upp á ljódalestur og fyrirlestra í húsnæði Klink og Bank og Norræna hússins. Meðal ljóðskálda sem lásu verk sín voru sex erlend skáld frá jafnmörgum löndum sem komu sérstaklega til landsins vegna hátíðarinnar. Þetta voru Anna Hallberg frá Svíþjóð, Christian Bök frá Kanada, Catharina Gripenberg frá Finnlandi, Billy Childish frá Bretlandi, Jesse Ball frá Bandaríkjunum og Lone Hørslev frá Danmörku. Ljóðlist þessara skálda er fjölbreytileg, bæði að formi og efni, enda var haft eftir Jesse Ball í blaðaviðtali að ástandið í heiminum væri marg- rætt og því þörf á „að túlka heiminn á margræðan hátt“⁶ – hljóta það að teljast orð að sönnu. Christian Bök flutti eins konar hljóðaskáld- skap sem ætlað er að vekja hughrif með hljóm orðanna en ekki merkingu þeirra. Þetta nýstárlega ljóðform hefur eflaust vakið marga til umhugsunar um mikilvægi hljómsins í ljóðinu. Þótt skáld hafi mörg hver kosið að „afklæða“ ljóðið forminu eða slíta það úr viðjum

⁶ „Skáldskapurinn, baðverðir og vitleysa“ (2005:26).

Þess sem við höfum lengi kallað „bundið mál“ – þarf enginn að efast um að samhljómur orða hefur sterkari áhrif á viðtakendur en hefðbundin orðræða; þetta eru einfaldlega gömul sannindi – og tilgangurinn er jú líklega alltaf sá að hreyfa við þeim sem á móti tekur.

Málþing ljóðahátíðarinnar, sem fram fór í Norræna húsinu þann 30. ágúst, skiptist í tvo hluta; sá fyrri fjallaði um framúrstefnu eða jaðarstefnu en sá síðari, sem fór fram um kvöldið, var tileinkaður alþjóðlegri umræðu og fór fram á ensku. Á fyrri hlutanum, að minnsta kosti, var áheyrendahópurinn talsvert frábrugðinn þeim sem hafði setið ljóðaping í háskólanum nokkru fyrr og kannaðist undirrituð í mesta lagi við tvo úr hópi áheyrenda sem höfðu sótt báða viðburðina. Tilgangur þessa málþings var að gera úttekt á samtímaljóðlist og í pallborðsumræðum um efnið tóku eftirfarandi þátt: Benedikt Hjartarson, Davíð Stefánsson, Haukur Már Helgason, Haukur Ingvarsson, Sigríður Albertsdóttir og Valur Brynjar Antonsson.

Valur Brynjar flutti fróðlegt erindi um vakningu á *avant garde* ljóðlist, eða framúrstefnuhugsun, en að því loknu snerust umræður einkum um samtímaljóðlist á Íslandi. Sigríður Albertsdóttir hélt því fram að nýtt og kraftmikið tímabil væri nú hafið með ungum skáldum á Íslandi. Hún ræddi nokkuð um helstu einkenni þessara skálda og taldi sig meðal annars greina mun á skáldskap karla og kvenna; skáldkonurnar væru leitandi eftir sjálfsmynd og karlarnir, sem vissulega væru leitandi líka, beittu frekar fyrir sig íróni og að skáldskapur þeirra einkenndist jafnvel af sterkri sjálfsróni þar sem hin staðlaða karlímynd væri dregin niður í svaðið. Hún taldi þó að vá lægi undir hálfkæringnum, og jafnvel heimsendasýn. Hún sagði að fólk væri að túlka „núið“ – og að ljóðskáld fjarlægðust í auknum mæli kröfuna um að gera sífellt eitthvað nýtt enda væri sú krafa afar íþyngjandi. Haukur Már Helgason talaði einnig um reynsluheim ljóðskáldanna og taldi að skáldin væru að reyna að yrkja Netið, rappið og allan samtímamann inn í ljóðið. Eflaust mætti fella ljóðabók Kristians Guttesen, *Litbrigðamyglu*, undir þessa skilgreiningu en þar er borin á borð svokölluð ljóðahrollvekjja. Málþingið var líflegt og skemmtilegt og greinilegt er að gróska er í íslenskri ljóðlist þótt ef til vill sé fullsnemmt að tala um nýtt tímabil að öðru leyti en því að ný tímabil eru ávallt í uppsiglingu.

Forsprakkar Nýhil-hópsins hafa og ekki legið á skoðunum sínum á öðrum vettvangi. Eiríkur Örn Norðdahl skrifaði grein um stöðu íslenskrar ljóðlistar í *Tímarit Máls og menningar* 3, 2004 þar sem hann sparaði ekki stóru orðin, eflaust í þeim tilgangi að vekja umræðu,

vekja menn til umhugsunar og kalla eftir viðbrögðum. Þetta gerir hann meðal annars með því að spyrja: „Hvers vegna er íslensk ljóðlist svona léleg?“ Sjálfur virðist hann ekki hafa svör á takteinunum enda spurning hversu mikil alvara liggur að baki spurningu hans. Hann bendir þó meðal annars á að skortur á viðfangsefnum sé að eyði-leggja ljóðið og að íslenskir lesendur séu lélegir og að lesendahópurinn hafi engan sjálfstæðan smekk; þetta sé kreppa ljóðlistarinnar. Einnig er honum sérlega í nöp við orðið „ungskáld“, og telur að það feli í sér lítilsvirðingu og að ungskáld sé ekki „fyllilega með“, þau séu „hálfskáld“.⁷ Ég leyfi mér að efast um þetta, enda hef ég alltaf haft það á tilfinningunni að ljóðaunnendum þyki ungskáldin sérstaklega spennandi; það býr kraftur að baki orðinu *ungskáld*, og ekki má gleyma því að mörg skáld eru aldrei neitt annað en ungskáld; þau vaxa svo frá ljóðinu þegar brauðstritið hefst fyrir alvöru, húsnæðis kaup, barnauppleði, starfsframi og því um líkt. Önnur skáld hafa ef til vill haldið áfram að yrkja, en aldrei náð þeim hæðum sem þau náðu á ungskáldaferlinum. Ungskáld eru oftast en ekki móðguð og reið; þegar heimurinn gefur þeim utan undir bregðast þau við með skáldskap; ljóð þeirra eru því gjarnan full af tilfinningu. Eins og svo mörg önnur skáld eru ungskáldin með hnút í maganum yfir ástandi heimsins en leitast við að hafna þessu ástandi fremur en að kyngja því. Verið getur að mörg ungskáld eigi eftir að ná listrænum þroska, einkum hvað varðar framsetninguna, en það er ekki það sama og að vera hálfskáld.

Grein Eiríks einkennist af húmor, kaldhæðni og vægðarlausri gagnrýni og mörgum kynni að þykja sem höfundur færi sums staðar yfir „strikið“ (með tilliti til velsæmis og almennrar kurteis) en ljóst má vera að greininni er ekki ætlað að vera innlegg í fræðilega umræðu. Eiríkur getur þess að Geirlaugur Magnússon hafi í ritdómi um bók hans kallað hann „skuggaboxara“ og við lestur greinarinnar getur maður ekki annað en velt því fyrir sér hvort Geirlaugur hafi ef til vill átt kollgátuna þar enda maður með ríkt innsæi.

Viðbrögð við grein Eiríks voru lítil, að minnsta kosti á prenti, og þá í raun ekki önnur en pistill sem Gunnar Randversson skrifaði í *Lesbók Morgunblaðsins* undir yfirskriftinni „Gróska í íslenskri ljóðagerð“. Gunnar gagnrýnir óvönduð vinnubrögð Eiríks sem hann telur að vaði úr einu í annað, sé yfirlýsingaglaður og driti „á allt og alla nema vini sína“; yfirlýsingarnar séu þar að auki órökstuddar. Gunnar

⁷ Eiríkur Örn Norðdahl (2004:41, 45–47).

bendir á að orðum fylgi ábyrgð og að yfirlýsingaglöð ljóðskáld „ættu að einbeita sér að eigin skrifum og fjalla á málefnalegan hátt um bókmenntir í stað skotgrafahernaðar“. Gunnar heldur því fram að íslensk ljóðlist sé „í miklum blóma um þessar mundir“.⁸ Eiríkur Örn svarar þessum skrifum í formála bókarinnar *Af ljóðum* þar sem hann leitast við að útskýra nánar gagnrýni sína í fyrrnefndri grein frá 2004. Honum þykir merkilegt að fólk úti í bæ skuli fyrstast við skrifum hans og segir að tilgangurinn með grein sinni hafi verið að fá fólk til að hugsa um stöðu ljóðsins. Hann virðist þó allt annað en sáttur við þau litlu viðbrögð sem skrif hans þó fengu og hæðist að orðum Gunnars, sérstaklega um að ljóðlistin sé „í miklum blóma“. Einnig útskýrir hann nánar skilgreiningu sína á „vöndu ljóði“. Ef einhverjir skyldu vera að velta því fyrir sér hvernig vönd ljóð eru, þá er þarna gefin uppskrift af slíku, bæði ljóðum sem verða skilgreind sem *dundur* og *þykjustunni-ljóð*; „að þrjóna ljóð eftir uppskrift er ekki það sama og að gubba út úr sér sálinni, ekki það sama og að vera ljóðskáld“.⁹

Ef hægt væri að segja að einhverrar ritstjórnar hafi gætt í grein Eiríks í *Tímariti Máls og menningar* frá 2004 þá ber formálinn umræddi ekki vott um hið sama. Hér fær höfundur einfaldlega svigrúm til að hamast áfram í ritfærni sinni (þar sem hann tekur góða spretti) og hroka. Einhver hefði mátt benda honum á hversu hlægilegt það er að svara gagnrýnendum sínum, jafnvel þræta við þá og skammast út í ritstjóra fyrir að velja vanhæft fólk til verka. En stundum læðist að manni sá grunur, eins og varðandi fyrri greinina, að tilgangur höfundar sé einmitt sá að fá mann til að hlæja að vitleysunni sem veltur upp úr honum. – Og þá er tilganginum náð. Það er alltaf gott að fá menn inn í umræðuna sem hrista upp í hlutunum annað slag. En þarf að hrista upp í ljóðlistinni? Eflaust finnst ungskáldunum það en þó grunar mig að eldri skáldum og ljóðaunnendum finnist skrif Eiríks ekki svaraverð og eflaust brosa menn bara út í annað því að öll vitum við að fólk stígur fram á ritvöllinn með ólíkum hætti, ýmist sem hæverskt og afsakandi eða próttmikið og með ferskan blæ, skoðanir og ný viðhorf. Svo eru það alltaf einhverjir sem vekja athygli á sjálfum sér og skoðunum sínum með því að berja sér á brjóst og úthrópa fyrirrennara sína. Þetta er alkunn og ágæt leið til að ná athygli.

Hér að framan var getið um tvö málþing um ljóðlist sem ætla mætti að væri viðunandi fyrir íslenskt bókmennta- og menningarsamfélag.

⁸ Gunnar Randversson (2005:10).

⁹ Eiríkur Örn Norðdahl (2005 og <kistan.is>).

Torfhildur, félag bókmenntafræðinema við Háskóla Íslands, bætti þó um betur og bauð upp á Ljóðamálþing bókmenntafræðinema þann 11. nóvember. Fyrirlesarar voru þau Emil Hjörvar Petersen, Sölvi Úlfsson, Berglind Ýr Sveinbjörnsdóttir, Benedikt Hjartarson, Davíð Stefánsson og Valur Brynjar Antonsson. Athygli vekur að helmingur fyrirlesara kom einnig við sögu á ljóðahátíð Nýhils. Efni málþingsins var fjölbreytt og að kvöldi dags var boðið upp á ljóðaupplestur á skemmtistaðnum 22.

Auk þeirra málþinga sem nú hafa verið nefnd mætti geta um fyrirlestur sem haldinn var í Norræna húsinu á fæðingardegi Sigurðar Nordals, þann 14. september. Fyrirlesarinn á þessum árvissa viðburði var Ingibjörg Haraldsdóttir sem flutti erindið „Ljóð gripin sem hálmstrá“. Í stuttu viðtali í *Morgunblaðinu* telur Ingibjörg að fyrst og fremst vanti umræðu um ljóð og skáldskap. Hún talar um fordóma gegn ungum skáldum og segir að til sé fólk sem talar um að skáld nú til dags kunni ekki að yrkja og að ljóð þeirra séu ómöguleg. Sjálf telur hún að fólk ætti ekki að skrifa nöldurpistla heldur einfaldlega lesa það sem höfðar til þeirra. „Ljóðið ratar til sinna,“ sagði Þorsteinn frá Hamri einhverju sinni og telur Ingibjörg það vera orð að sönnu.¹⁰ Spekin að baki þessum orðum hlýtur fyrst og fremst að eiga að felast í því að ljóðaunnendur beri sig sjálfir eftir ljóðunum og þar af leiðandi þeirri „tegund“ ljóðlistar sem höfðar til þeirra. Verið getur að Þórarni Eldjárn finnst þetta endurspegla nokkurt lítillæti ljóðskálda og það viðhorf að ljóð þurfi ekki að markaðssetja þar sem hann kastar fram stöku um málið í hinni nýju ljóðabók sinni. Þessi staka ber heitið „Hagmælisgrei um ljóðið“ (bls. 26) og hljóðar svo:

Víst er það löngu ljóst og bert
að ljóðið ratar til sinna.
Samt finnst mér ekki einskisvert
að ýta því líka til hinna.

Sem sagt ljóðið þarf að kynna. Af þeim sökum hafa ljóðskáld, líkt og aðrir rithöfundar, verið iðin við að lesa upp úr verkum sínum, enda ekki vanþörf á að vekja athygli á ljóðabókum, sem oft og tíðum liggur mikil vinna að baki. Skipulögð jafnt sem óskipulögð ljóðakvöld og annars konar vettvangur fyrir ljóðaupplestur hafa eflaust verið ófá á síðasta ári og mætti nefna framtak Mikes Pollock sem skipulagði

¹⁰ Ingibjörg Haraldsdóttir (2005:37).

Ljóðakvöld í Café Rosenberg annan hvern miðvikudag. Sjálfur las hann ljóð úr væntanlegri ljóðabók sinni fyrsta kvöldið, ásamt Einari Ólafssyni, Garðari Baldvinssyni og Höjki, sem meðal annara hefur birt ljóð sín á <ljod.is>. Þessi vefsíða, Ljod.is, er einmitt gott dæmi um dugnað og virkni íslenskra skálda, sem birta ljóð á netinu, jafnframt því að fjalla um þau og gagnrýna. Á vefsíðunni má finna upplýsingar um ljóðauppákomur og dag hvern má lesa þar ljóð dagsins. Áhugasamir gætu einnig fundið áhugaverð ljóð og umfjöllun á vefsíðunni <hugi.is/ljod>.

Umfjöllun um ljóðaumræðu ársins verður ekki lokið án þess að geta um gagnrýnendur sem ef til vill má segja að séu í þeirri stöðu að veita ljóðskáldum „faglegt“ aðhald; að telja kosti og galla bókanna, svo að væntanlegir lesendur geti myndað sér skoðun á því hvort tiltekin ljóðabók sé lestursins virði eða ekki. Ekki virðist alltaf ljóst hvort gagnrýnin sé í þágu skáldanna, hins almenna lesanda eða íslenskrar bókmenntasögu, en líklega þjónar hún að einhverju leyti öllu þessu. Ljóðabókagagnrýni fer að mestu fram í dagblöðum og tímaritum en auk þess að minnsta kosti tveimur vefsíðum, öðrum en Ljod.is. Þetta eru bókmenntavefur Borgarbókasafns Reykjavíkur (<bokmenntir.is>) og <kistan.is>. Ljóðagagnrýnendur ársins voru margir, en vel mætti nefna nokkra þeirra, svo sem Ágúst Borgþór Sverrisson, Ásgeir H. Ingólfsson, Berglindi Steinsdóttur, Erlend Jónsson, Guðbjörn Sigurmundsson, Gunnþórunni Guðmundsdóttur, Hilmu Gunnarsdóttur, Inga Björn Guðnason, Krístrúnu Heiðu Hauksdóttur, Maríu Gestsdóttur, Móeiði Hlíf Geirlaugsdóttur, Ólaf Guðstein Kristjánsson, Pál Baldvin Baldvinsson, Unni Maríu Bergsveinsdóttur, Úlfhildi Dagsdóttur og Viðar Hreinsson. Þessir gagnrýnendur eru misvirkir og umfjöllun þeirra allt frá því að vera víðamikil bókagagnrýni niður í örstutta pistla.

Lokaorð

Að lokinni samantekt um ljóð og útgáfur ársins 2005 mætti ef til vill spyrja hvort ekki væri ráð að hvíla goðsögnina um að ljóðið sé í dauðateygjunum. Vera má að bækurnar seljist ekki í stórum upplögum en umræðan hefur verið allnokkur og virkni ljóðskálda allmikil. Sönn list felst alltaf í tjáningu listamannsins og grundvallast á þörf hans fyrir að túlka lífið. Hið sama á við um ljóðið; það sprettur af tjáningarþörf skálds sem leggur sig fram um að sýna okkur lífsbrot og hugsanir með hugmyndum og orðum og þar með talið skáldamáli og

hljómi orðanna. Á meðan orðlistamenn hafa þörf fyrir að tjá sig heldur ljóðið velli. Það er því ekki endilega svo háð viðtakandanum, því að það er „tilbúið“ um leið og skáldið hefur lagt síðustu hönd á það og eftir prentun er það til staðar fyrir ljóðaunnendur sem kunna að vilja njóta þess skömmu eftir útgáfu eða jafnvel ekki fyrr en mörgum árum seinna. Að sjálfsögðu er það þó fyrst og fremst með viðtökunni sem galdurinn í ljóðinu á sér stað, þegar það öðlast merkingu í huga lesandans. Þegar skáldið hefur náð að kveikja mynd fyrir hugskotssjónum annars manns og opna fyrir honum nýja sýn sem ef til vill kemur honum til að fhuga og leggja nýtt mat á umfjöllunarefnið er ljóðið fullkomið. Þýðing Vésteins Lúðvíkssonar á ljóðum Po Chü-i sýnir okkur að þessi yfirlýsing getur átt sér stað eftir margar aldir en þó verið jafn áhrifarík eftir sem áður.

HEIMILDIR

- Ást æða varps*. 2005. Ritstj. Haukur Már Helgason og Ófeigur Sigurðsson. Nýhil, [Reykjavík].
- Chü-i, Po. 2005. *Brjálemiskækir á fjöllum*. Vésteinn Lúðvíksson þýddi. Uppheimar, Akranesi.
- Eiríkur Örn Norðdahl. 2004. „Dánarrannsóknir og morðtilraunir – vaðið á ljóðum á skítugum skónum.“ *Tímarit Máls og menningar* 3: 39–48.
- Eiríkur Örn Norðdahl. 2005. „Nokkrar sundurlausar hugsanir um ljóðlist.“ *Af ljóðum*. Eiríkur Örn Norðdahl (ritstj.). Nýhil, Reykjavík.
- Eysteinn Þorvaldsson. 2005. „Tíðindi úr ljóðheimum.“ *Morgunblaðið*, 12. nóvember. Lesbók, bls. 5.
- Garðar Baldvinsson. 2005. *höfðaborg*. GB útgáfa [án útgáfustaðar].
- Geirlaugur Magnússon. 2005. *andljóð og önnur*. Lafleur, Reykjavík.
- Gunnar Randversson. 2005. „Gróska í íslenski ljóðagerð.“ *Morgunblaðið*, 9. apríl. Lesbók, bls. 10.
- Gyrðir Elíasson. 2005. *Upplitað myrkur*. Mál og menning, Reykjavík.
- Hallberg Hallmundsson. 2005. *Baggar skopliðir*. Brú, Reykjavík.
- Hannes Pétursson. 2005. *Ljóðasafn*. Mál og menning, Reykjavík.
- Ingibjörg Haraldsdóttir, 2005. „Ljóð gripin sem hálmstrá“. *Morgunblaðið*, 14. september. Bls. 37. [Viðtal en blaðamanns ekki getið.]
- Jóhann Hjálmarsson. 2006. „Ljóðin gleymast.“ *Morgunblaðið*, 6. janúar: 22.
- Jónas Þorbjarnarson. 2005. *Hvar endar maður?* JPV útgáfa, Reykjavík.
- Kristján Karlsson. 2005. *Limrur*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.

- Lorca, Federico García. 2005. *Sígaumaljód*. Kristján Eiríksson þýddi. Gefin út af Þýðanda, Reykjavík.
- Margrét Lóa Jónsdóttir. 2005. *Tímasetningar*. Salka, Reykjavík.
- Njörður P. Njarðvík. 2005. *Aftur til steinsins*. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Sigríður Jónsdóttir. 2005. *Einmar báru vatn*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.
- „Skáldskapurinn, baðverðir og vitleysa.“ 2005. *Fréttablaðið*, 30. júlí:26. [Blaðamanns ekki getið en undirskrift er <ingi@frettabladid.is>]
- Sölvi Björn Sigurðsson. 2005. *Gleðileikurinn djöffullegi*. Mál og menning, Reykjavík.
- Þorsteinn frá Hamri. 2005. *Dyr að draumi*. Mál og menning, Reykjavík.
- Þórarinn Eldjárn. 2005. *Hættir og mörk*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Þórður Helgason. 2005. *Þar var ég*. [Höfundur], Kópavogi.
- Þröstur Helgason. 2005. „Ljóðið er lífseigt.“ *Morgunblaðið*, 5. nóvember. Lesbók, bls. 1–4.

